AUGLÝSING

# FRÉTTABLAÐIÐ

295. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 18. DESEMBER 2019



# ALLT Í JÓLAMATINN Í NETTÓ!



**Bayonne skinka**
Kjötsel
**1.199** KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG
-40%



-40%
**Úrbeinaður jólahnakki**
Með eplum og kanil - Kjötsel
**1.499** KR/KG
ÁÐUR: 2.499 KR/KG



-30%
**Lamba helgarsteik**
með bláberjamarineringu
**1.889** KR/KG
ÁÐUR: 2.699 KR/KG



-21%
**Úrbeinað hangilæri**
Kjötsel
**2.290** KR/KG
ÁÐUR: 2.899 KR/KG



-30%
**Okkar laufabrauð**
**949** KR/PK
ÁÐUR: 1.359 KR/PK

## NÚ GETA ALLIR VERIÐ STJÖRNUKOKKAR



-20%
**Nautalund**
Wellington
**7.998** KR/KG
ÁÐUR: 9.998 KR/KG



-30%
**Úrbeinuð svínasíða með puru**
Kjarnafæði
**1.399** KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG



-40%
**Sænsk jólaskinka**
Kjötsel
**1.199** KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG

**Rauð jólaepli**
**199** KR/KG



BRAGÐ AF JÓLUM!

nettó
í jólaskapi



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 18. - 22. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ*

*Skv. könnun Fréttablaðsins*

# FRÉTTABLAÐIÐ

295. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 18. DESEMBER 2019




„Sá sjötti Askasleikir var alveg dæmalaus,“ segir í vísu Jóhannesar úr Kötlum um jólasveinana. Þessi börn sem heimsóttu Þjóðminjasafnið í gær til að taka á móti Askasleiki virðast sammála skáldinu hvað það varðar. Þeir bræður heimsækja nú Þjóðminjasafnið hver á eftir öðrum fram til jóla eftir að hafa fært börnum landsins gjafir í skóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Verulegt vanmat ef forsendur bresta

**Viðmið um 3,5 prósenta ávöxtun lífeyrissjóða getur leitt til vanmats á skuldbindingum þeirra upp á tugi prósenta ef vextir lækka áfram. Eignir sjóðanna með styttri meðallíftíma en skuldbindingar. Gætu þurft að fjárfesta meira í áhættusamari eignum en áður.**

**VIÐSKIPTI** Lækkandi langtímavextir geta orðið til þess að skuldbindingar íslensku lífeyrissjóðanna verði verulega vanmetnar ef ekki er byggt á raunsæjum forsendum. Sjóðirnir geta þurft að fjárfesta í áhættusamari eignum í meiri mæli en áður til þess að eygja möguleika á að ná viðmiðum sínum um ávöxtun.

„Það er nauðsynlegt að forsendur lífeyrisskuldbindinga séu framsýnar og raunsæjar til þess að kerfið standist tímans tönn,“ segir Jón Ævar Pálmason, sérfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu. Lífeyrissjóðir núvirða skuldbindingar sínar miðað við 3,5 prósenta vexti umfram verðbólgu en sú ákvörðun tók mið af útlánavöxtum Íbúðalánasjóðs á tíunda áratugnum.

„Þegar þetta viðmið í reglugerðinni var ákveðið á sínum tíma þótti það varfærið. Síðan þá hafa vextir farið lækkandi hér á landi undanfarna áratugi, líkt og í nágrannalöndunum, og ef við berum þetta viðmið saman við vaxtakjör á verðtryggðum útlánum og ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa í dag þá er viðmiðið harla hátt,“ útskýrir Jón.

Eignir lífeyrissjóða hafa ekki jafn langan líftíma og skuldbindingarnar, sem gerir sjóðina næma fyrir vaxtabreytingum. „Lífeyrissjóðirnir hafa fjárfest í eignum sem eru að skaffa nægilega góða ávöxtun í dag en þegar kemur að því að endurfjárfesta gæti ávöxtunin sem þeir fá verið lægri en vextirnir sem skuldbindingarnar miða við,“ segir Jón.

Ef hæfilegt þætti að núvirða skuldbindingar miðað við þriggja prósenta verðtryggða vexti mætti áætla að skuldbindingar dæmigerðra lífeyrissjóða ykjust um 10-13 prósent en eignir um 2-4 prósent. Ef miðað væri við tveggja prósenta verðtryggða vexti gæti hækkun skuldbindinga numið tugum prósenta.

„Það þarf ekki að vera ókostur að lífeyrissparnaður sé að meira marki háður óvissu ef hægt væri að milda áhættu sjóðfélaga eftir því sem þeir nálgast eftirlaunaaldur. Verra væri ef matsforsendur sjóða vikju svo verulega frá raunverulegum aðstæðum,“ útskýrir Jón, „að það leiddi til þess á endanum að ekki væri hægt að efna skuldbindingarnar.“

– þfh / sjá Markaðinn

## Fleiri búa þröngt

**HÚSNÆÐISMÁL** Heimilum, sem uppfylla ekki viðmið um ákveðinn herbergjafjölda miðað við fjölda og samsetningu heimilisfólks, hefur fjölgað hratt að undanförnu.

Forseti ASÍ segir þetta endurspegla þróun fasteignaverðs.

– khg / sjá síðu 4




## Hlaut um 340 milljóna króna styrk frá ESB

**VIÐSKIPTI** Íslenska frumlyfjaþróunarfyrirtækið EpiEndo Pharmaceuticals hlaut nú á dögunum 340 milljóna styrk úr sjóði nýsköpunarnefndar Evrópusambandsins vegna þróunar á nýju frumlyfi gegn sjúkdómum í öndunarfærum á borð við langvinna lungnateppu og astma. Klínískar rannsóknir fyrirtækisins hafa komið vel út en fram undan er langt og strangt þróunarferli sem mun krefjast fjármagns í veldisvexti.

„Við höfum reynt að láta lítið fyrir okkur fara á opinberum vettvangi fram til þessa,“ segir Friðrik Garðarsson, læknir og stofnandi EpiEndo, en frá stofnun hefur fyrirtækið safnað um 1,1 milljarði íslenskra króna. – þfh / sjá Markaðinn










## Veður




Norðaustanátt, víða 8-15 m/s, en N-lægari A-til í dag. Él N- og A-lands, en samfelld snjókoma NA- og A-lands fram á nótt. Lengst af bjartviðri á S- og SV-landi. Frost yfirleitt 0 til 7 stig. SJÁ SÍÐU 20

# Lögregla kanni hrútaflutninga

**LÖGREGLUMÁL** Matvælastofnun hefur óskað eftir lögreglurannsókn á meintum flutningi fjögurra lambhrúta frá Vestfjörðum til Norðurlands eystra. Flutningsbann hefur verið sett á hrútana en meintur flutningur milli landshluta uppgötvaðist við eftirlit stofnunarinnar. Þetta kemur fram í frétt á vef Matvælastofnunar. Þar kemur fram að viðtakandi hrútanna hafi sótt um leyfi til stofnunarinnar árið 2016 um kaup á fimm hrútum úr Vestfjarðahólfi vestra en umsókninni verið hafnað.

Ekki er heimilt að flytja sauðfé yfir varnarlínur sem ráðherra ákveður hverju sinni. Varnarlínum er ætlað að verja bústofna bænda fyrir dýrasjúkdómum. **– aá**

# Þingmenn komnir í jólafrí



Síðasta þingfundi ársins lauk á sjöunda tímanum í gærkvöldi en nú verður gert hlé á þingfundum fram til 20. janúar. Það var létt yfir þingmönnum þegar forseti hafði hringt jólafríið inn og kvöddust margir með faðmlögum og kossum eins og venja er á þessum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Þakkir til viðbragðsaðila

*Eftirfarandi eru þakkarorð frá aðstandendum Leifs Magnúsar sem lést í liðinni viku, og óskað var birtingar á. Þorri landsmanna fylgdist með björgunaraðgerðum og því var góðfúslega orðið við því.* **– ritstj.**



Í síðustu viku gerðist sá sorglegi atburður að drengurinn okkar Leif Magnús Grétarsson Thisland lést af slysförum þegar hann féll í Núpá í Sölvadal. Í þeirri miklu sorg sem slysinu fylgdi fyrir fjölskyldu og vini Leifs Magnúsar vorum við ólýsanlega þakklát fyrir óeigingjarnt starf björgunarsveita, lögreglu, Landhelgisgæslunnar og annarra viðbragðsaðila sem komu að björgunaraðgerðum við afar erfiðar aðstæður við Núpá. Þarna fundum við fyrst á eigin skinni hve mikilvægt starf björgunarsveita og annarra viðbragðsaðila er, en það skiptir sköpum fyrir okkur öll þegar veður gerast válynd og aðstæður verða nánast óviðráðanlegar.

Við upplifðum faglega og fumlausa framkomu viðbragðsaðila í öllum samskiptum við okkur aðstandendur Leifs Magnúsar og var mikla nærgætni að finna við allar tilkynningar og upplýsingagjöf í kjölfar slyssins. Þetta veitti okkur styrk og vissu fyrir því að verið var að gera allt sem í mannlegu valdi stóð til að koma drengnum okkar til bjargar.

Við erum þakklát ykkur öllum.

Við biðjum ykkur Guðs blessunar og gleðilegra jóla.

**Fyrir hönd fjölskyldna Leifs í Noregi og á Íslandi,**
*Grétar Már Óskarsson*
*Óskar Pétur Friðriksson*
*Torfhildur Helgadóttir*
*Valgerður Erla Óskarsdóttir*
*Brynjólfur Ásgeir Brynjólfsson*

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

GRUNNLÝSING Í TENGSLUM VIÐ ÚTGÁFURAMMA REGINS HF.

Reginn hf. kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, hefur birt grunnlýsingu í tengslum við útgáfuramma skuldabréfa.

Grunnlýsingin er dagsett 12. desember 2019, staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og birt á vefsíðu Regins, www.reginn.is/fjarfestavefur. Grunnlýsinguna má nálgast á vefsíðunni og hjá útgefanda í höfuðstöðvum félagsins að Hagasmára 1, Kópavogi, á meðan hún er í gildi.

Nánari upplýsingar um Reginn hf. og útgáfurammann má finna í framangreindri grunnlýsingu. Fossar markaðir hf. hafði umsjón með því ferli að fá grunnlýsinguna staðfesta hjá Fjármálaeftirlitinu.

Kópavogur, 18. desember 2019

Reginn hf. / 512 8900 / reginn@reginn.is / reginn.is

# Gefa út tvö smáforrit í tilefni af stórafmæli

**Félag heyrnarlausra ætlar að gefa út tvö smáforrit á næsta ári í tilefni af 60 ára afmæli félagsins. Annað þeirra er fyrir alla og kemur út á afmælisdeginum sjálfum, 11. febrúar, og hitt, sem er smásögusafn fyrir börn, síðar á árinu.**

**SAMFÉLAG** Félag heyrnarlausra fagnar 60 ára afmæli sínu 11. febrúar næstkomandi. Verður því fagnað með því að færa þjóðinni nýtt smáforrit að gjöf. Fyrirmyndin er bandarískt smáforrit sem heitir The ASL App og mun það heita ÍTM APP (íslenskt táknmál) á íslensku. Ólíkt því bandaríska verður niðurhal á hinu íslenska smáforriti ókeypis. Stendur nú yfir framleiðsla og fjármögnun er sótt til fyrirtækja og samtaka.

„Þetta verður smáforrit þar sem hægt verður að læra ákveðin grunnatriði á táknmáli,“ segir Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri félagsins. „Þarna verða flokkar samskipta, til dæmis varðandi útlit, klæðnað og mannleg samskipti. Einnig eru uppi hugmyndir um að hafa samskipti tengd ákveðnum vinnustöðum, til dæmis eldhúsum á veitingastöðum.“

Í kringum 200 Íslendingar nota eingöngu íslenskt táknmál og Daði áætlar að um 600 Íslendingar noti táknmál á hverjum degi. Táknmálið er ólíkt öðrum tungumálum að því leyti að það er ekki ritmál og að læra táknmál svipar til þess að læra annað tungumál í gegnum kvikmyndir eða þætti. Rétt eins og í íslensku er málfræði í táknmálinu, sem kennd er í Háskóla Íslands, en með táknum og hreyfingum.

Kostnaðurinn við ÍTM appið verður í kringum 5 milljónir króna. „Við höfum fengið mjög hlýjar og góðar viðtökur víðast hvar,“ segir Daði. „Félagið á sitt eigið hljóðver en við þurfum að fjárfesta í búnaði til að uppfylla ákveðnar kröfur hjá þeim sem eiga réttinn að forritinu. Síðan fáum við mismunandi fólk, allt eftir flokkum, til að lesa inn.“



**Mikill skortur er á barnaefni á íslensku táknmáli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Sögumaðurinn og tjáning hans skiptir mjög miklu máli í táknmálinu og við eigum mjög hæft fólk til að segja þessar sögur.
>
> Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra



Óvíst er hvenær hitt smáforritið kemur út, en það verður á árinu 2020 segir Daði. Í því verða smásögur á táknmáli fyrir börn, bæði þekktar sögur og sögur búnar til af heyrnarlausum. Það er smærra í sniðum og mun kosta rúmar þrjár milljónir.

„Sögumaðurinn og tjáning hans skiptir mjög miklu máli í táknmálinu og við eigum mjög hæft fólk til að segja þessar sögur,“ segir Daði og jafnframt að mikill skortur sé á barnaefni á íslensku táknmáli. „Eina barnaefnið sem hefur verið birt, til dæmis í Stundinni okkar, er efni sem við höfum búið til og síðan talsett til að allir njóti góðs af því, eins og Tinna táknmálsálfur. Ríkissjónvarpið hefur ekki viljað leggja til fé en tekur við efni frá okkur.“

Smáforritin verða á tveimur málum, en ekki hefur verið ákveðið hvort þau verða textuð eða lesið yfir á íslensku.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**


Fallegu jólatrén
fást í Garðheimum
Afsláttur af
öllum jólavörum
20%
NORÐMANNSÞINUR
GERVIJÓLATRÉ
GRENILENGJUR
HURÐAKRANSAR
SÍGRÆNAR PLÖNTUR
KERTI
BATTERÍSKERTI
SKREYTINGAREFNI
30%
LJÓSASERÍUR
LJÓSAHLUTIR
40%
JÓLASKRAUT
LJÓSAHÚS
AÐVENTULJÓS
HEITT KAKÓ
Í JÓLATRJÁASKÓGINUM
OPIÐ TIL KL 22:00
FRAM AÐ JÓLUM
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is




## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Geiri Sæm er látinn** Tónlistarmaðurinn og matreiðslumeistarinn Ásgeir Magnús Sæmundsson, betur þekktur sem Geiri Sæm, lést á heimili sínu 15. desember. Hann var 55 ára gamall.

**2 Bannað að halda áfram í námi vegna kvíðalyfja** Nemi í lögreglufræði í HA fær ekki að halda áfram í námi eftir áramót. Ástæðan er að hún er á kvíðalyfjum.

**3 Nanna Kristín í skýjunum: „Ég er greinilega að gera eitthvað rétt“** Nanna Kristín Magnúsdóttir er tilnefnd til verðlauna Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins fyrir þættina Pabbahelgar.

**4 Fór út að borða án þess að eiga fyrir reikningnum** Lögreglan var kölluð til um helgina vegna manns sem gat ekki greitt reikning sinn á veitingastað.

**5 Lætur átta ferðir duga: „Ekki skynsamlegt að leggja í neina óþarfa áhættu“** Fjallgöngumaðurinn John Snorri ákvað að láta staðar numið eftir átta ferðir á Esjuna en hann stefndi á fjórtán.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Forseti Alþingis skammaði ráðherra við þinglokin

**ALÞINGI** Síðasta þingfundi ársins lauk á Alþingi í gærkvöldi. Á síðasta þingdeginum voru atkvæðagreiðslur um fjölda mála, þar á meðal um frumvarp um lengingu fæðingarorlofs. Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu stjórnina fyrir hringlandahátt og klúður þegar breytingartillaga við fæðingarorlofsfrumvarpið kom fram á síðustu stundu en um tæknileg atriði var að ræða.

Að atkvæðagreiðslum loknum gaf Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra þinginu skýrslu um óveðrið í síðustu viku og ráðstafanir stjórnvalda vegna þess.


**Forseti ávarpaði síðasta þingfund ársins.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Venju samkvæmt leit forseti þingsins yfir farinn í veg í lok síðasta þingfundar ársins. Í ræðu sinni lýsti Steingrímur J. Sigfússon ánægju með að störf þingsins hefðu að mestu leyti verið í samræmi við starfsáætlun þingsins en gagnrýndi ráðherra hins vegar fyrir seinagang við framlagningu stjórnarfrumvarpa. Sagði hann frammistöðu ríkisstjórnarinnar gagnvart þinginu undir væntingum í þeim efnum.

„Þessi staða sýnir að seint ætlar ráðherrum og ráðuneytum að lærast hversu mikilvægt það er upp á vandaða vinnu og framgang mála á Alþingi að þau berist tímanlega,“ sagði Steingrímur.

Á nýliðnu haustþingi voru 33 af 64 framlögðum stjórnarfrumvörpum samþykkt á Alþingi og 15 stjórnartillögur af 19. Þá voru tvö þingmannafrumvörp samþykkt og níu frumvörp nefnda. Í ræðu forseta kom fram að fleiri mál hefðu ekki verið afgreidd fyrir áramót í tæpan aldarfjórðung eða síðan á árinu 1995. **– aá**

# Fjölskyldur búa þrengra í dag

### Svokallað þröngbýli hefur aukist hratt á undanförnum tveimur árum og mest hjá hinum tekjulægstu. Ungt fólk á erfiðara með að komast úr foreldrahúsum og minni áhersla er á að búa í stóru húsnæði.

**HÚSNÆÐISMÁL** Þröngbýli hefur aukist mikið á Íslandi á undanförnum tveimur árum og mest í lægsta tekjuhópnum. En þröngbýli er þegar heimili uppfyllir ekki ákveðin viðmið um ákveðinn herbergjafjölda miðað við fjölda og samsetningu heimilisfólks.

Samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar búa rúmlega 14 prósent Íslendinga þröngt og rúmlega 30 prósent þeirra tekjulægstu. Árið 2016 bjuggu tæplega átta prósent Íslendinga þröngt og rúmlega 14 prósent þeirra tekjulægstu.

Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands, segir þetta endurspegla þróun fasteignaverðs síðustu ára, sem hefur hækkað gríðarlega samfara húsnæðisskorti. „Við höfum sérstakar áhyggjur af unga fólkinu en þröskuldurinn fyrir það að komast úr foreldrahúsum og inn í eigið heimili er orðinn ansi hár,“ segir Drífa. „Þetta er ekki beint fallið til þess að hvetja til barneigna, á tímum þegar þeim fer fækkandi.“

Hækkunin kemur fram í öllum tekjuhópum, ekki aðeins þeim tekjulægstu, og athyglisvert er að bera tölurnar saman við árin eftir bankahrunið. En þá hreyfðist hlutfallið ekki nema lítillega og hvorki úr takti við árin fyrir eða eftir, þrátt fyrir mikið atvinnuleysi, gengishrun og lítinn kaupmátt.

Drífa telur einnig að þessar tölur séu vanreiknaðar því að inni í þeim sé væntanlega ekki fólk sem býr í ósamþykktu iðnaðarhúsnæði, að miklu leyti útlendingar. Reglulega berist fréttir af farandverkamönnum sem búi ákaflega þröngt.

„Þegar húsnæðisverð almennt og leiguverð er orðið svona hátt er hinn almenni launþegi allan daginn einungis að reyna að bjarga því sem bjargað verður. Á hverjum degi eru fjölskyldur hér á landi meira og minna að slökkva elda þegar kemur að húsnæðisafborgunum,“ segir Margrét Kristín Blöndal, formaður Samtaka leigjenda. „Það er því ekkert skrýtið að talað sé um þröngbýli, að fólk minnki við sig í húsnæði og pabbi og mamma sofi bara í stofunni og börnunum sé raðað í rest. Við erum að hverfa til gamalla tíma.“


**Rúmlega 14 prósent Íslendinga búa þröngt samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Á hverjum degi eru fjölskyldur hér á landi meira og minna að slökkva elda þegar kemur að húsnæðisafborgunum.**
>
> Margrét Kristín Blöndal



Segir hún stjórnvöld ekki hafa neinn skilning á þeirri stöðu sem stór hluti landsmanna er í og heyrir hún æ oftar að fólk sé að flytja úr landi.

„Það eru einhver merki þess að það sé að losna um húsnæði í miðborginni vegna þess að færri íbúðir eru í útleigu til erlendra ferðamanna í gegnum Airbnb. En samt hefur húsnæðisverðið ekkert lækkað,“ segir hún.

Húsnæðisverð hefur hækkað um meira en helming á síðustu 10 árum en húsnæðisstuðningur frá hinu opinbera lækkað á sama tímabili fyrir tekjulægsta hópinn. Samkvæmt vefsíðunni Tekjusagan sést að það kerfi sem leysti húsaleigubótakerfið af árið 2017 gagnaðist aðeins millitekju- og tekjuháu fólki en fólk í tekjulægsta bilinu stóð í stað.

Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, telur að hluti af ástæðunni fyrir þróuninni geti verið breytt afstaða yngra fólks til eigna og umhverfissjónarmið. „Verktakar hafa verið að leggja áherslu á minni íbúðir, og ekki eins flóknar, því undanfarið hefur verið talað um að við höfum verið að breiða of mikið úr okkur.“ Þá geti verið ýmis samnýtingaráhrif af því að búa naumt og að hlutir safnist ekki fyrir í geymslum.

Telur hann að á þrengra heimili verði meiri hætta á núningi og því mikilvægara að samskiptin séu góð. „Við erum með á okkar borði alls kyns mál er varða fjöleignarhús og ágreining þar á milli. Eftir því sem fleiri búa saman, því fleiri verða núningsfletirnir.“

**kristinnhaukur@frettabladid.is**

# Ísland er áfram efst í jafnrétti

**JAFNRÉTTISMÁL** Ísland er áfram í efsta sæti á kynjajafnréttislista Alþjóðaefnahagsráðsins, World Economic Forum. Er þetta í ellefta skiptið í röð sem Ísland er í efsta sæti listans sem hefur verið gefinn út frá árinu 2006.

Í skýrslu ráðsins kemur fram að það taki 100 ár að ná fram fullkomnu kynjajafnrétti í heiminum ef fram fer sem horfir. Frammistaða ríkja er metin þegar kemur að stjórnmálum, menntun, atvinnu og heilbrigði. Ísland mælist með 87,7 stig en 100 stig þýða að fullkomnu jafnrétti hafi verið náð.

Af 149 ríkjum bætti 101 sig milli ára. Þrjár Norðurlandaþjóðir raða sér í sætin á eftir Íslandi. Norðmenn eru áfram í öðru sæti en Finnar fara upp fyrir Svía í þriðja sætið. **– sar**





„Einn af gullmolum jólabókaflóðsins!“

Marta María / smartland.is

„Magnaðasta bók sem ég hef lengi lesið.“

Hrafn Jökulsson



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga í desember; sjá nánar á **www.forlagid.is**

# Er brjálað að gera?



## Vinnum saman að jafnvægi

Það getur verið alveg óskaplega gaman að taka þátt í öllu á aðventunni.
Munum samt að hlúa að okkur sjálfum og njóta.

Við óskum ykkur gleðilegra og innihaldsríkra jóla.

Kynntu þér gagnleg ráð á **velvirk.is**

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

# Smálánafyrirtæki hafa þegar fundið leið fram hjá nýjum lögum

**NEYTENDUR** Alþingi samþykkti í gær frumvarp um breytingar á lögum um neytendalán sem ætlað er að efla neytendavernd í viðskiptum við smálánafyrirtæki.

Í aðdraganda lagasetningarinnar fór að bera á breytingum hjá umræddum fyrirtækjum. Þannig hefja þau innheimtu strax við vanskil sem ber hærri kostnað en íslensk lög heimila.

Dæmi eru um að fyrirtækin hafi skráð starfsemi sína erlendis til að komast fram hjá íslenskum lögum en Neytendastofa hefur þegar staðfest að íslensk lög gildi um lánin. Neytendasamtökin segja að samt sem áður komist smálánafyrirtæki upp með að brjóta innheimtulög þar sem enginn fer með eftirlit með því. „Við höfum dæmi um að 10.000 króna lán hafi verið komið upp í 18.500 krónur tólf dögum eftir eindaga,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna.

Neytendasamtökin telja lagabreytingarnar til mikilla bóta. Fyrirtækin hafa þó ítrekað komist upp með að brjóta lög án þess að það hafi haft neinar afleiðingar í för með sér.

„Eftirlitsúrræðin verða að vera þannig að hægt sé að stöðva ólöglega starfsemi á upphafsstigum og ekki síður innheimtuna sem okkur virðist í raun hluti af smálánastarfseminni,“ segir Brynhildur.

> Það lá fyrir í mörg ár að verið var að veita ólögleg okurlán en það var ekki fyrr en fyrrtækið sjálft ákvað að fara að lögum að eitthvað gerðist.
>
> Brynhildur Pétursdóttir



Fréttablaðið greindi frá því í sumar að félög Kredia Group væru hætt að lána á allt að 3.000 prósenta vöxtum, þess í stað væru vextir komnir niður í löglegt hámark sem er 53 prósent ofan á heildarlántökukostnað. Gísli Kr. Björnsson, lögmaður og stjórnandi Almennrar innheimtu, segir að breytingin hafi verið gerð að kröfu Almennrar innheimtu sem innheimti ekki lán sem eru á meira en hámarksvöxtum.

Þetta er að mati Brynhildar lýsandi fyrir æpandi úrræðaleysi og skort á neytendavernd. „Það lá fyrir í mörg ár að verið var að veita ólögleg okurlán en það var ekki fyrr en fyrirtækið ákvað sjálft að fara að lögum að eitthvað gerðist.“

Samtökin hafa sent erindi á félagsmálaráðherra, forsætisráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra þar sem farið er fram á að stjórnvöld aðstoði lántakendur við að ná til baka þeim fjármunum sem ofgreiddir hafa verið. „Stjórnvöld hafa ekki staðið vaktina hvað þennan hóp varðar og það er ótækt að hann eigi nú sjálfur og á eigin kostnað að sækja þessar kröfur.“ **– ab**



**Lóðin sem um ræðir eru geymd í Borgartúni.** MYND/NEYTENDASTOFA

## Auglýsa 200 kg lóð til sölu

**VIÐSKIPTI** Neytendastofa hefur auglýst tíu 200 kílóa lóð til sölu. Hægt er að kaupa stykkið á 200 þúsund krónur en hægt er að senda tilboð til stofnunarinnar fyrir 15. janúar næstkomandi. Eru lóðin nú geymd hjá kvörtunarþjónustu Neytendastofu í Borgartúni.

Benedikt G. Waage, sérfræðingur hjá Neytendastofu, segir ekki algengt að slíkt sé til sölu hjá þeim. Það sé í raun mjög sjaldgæft. „Um er að ræða lóð sem hafa verið nokkuð lengi í eigu Neytendastofu en eru ekki notuð lengur,“ segir Benedikt. „Því var ákveðið að auglýsa þau og athuga hvort þau gætu nýst einhverjum öðrum þar sem það eru nokkrir aðilar hér á landi sem eiga og nota lóð af þessari stærð.“ **– ab**

## Landsmönnum er enn að fjölga

**SAMFÉLAG** Í upphafi þessa árs var íbúafjöldi á Íslandi 356.991 manns. Það er 2,5 prósenta fjölgun frá því á sama tíma árið á undan. Þá voru íbúar landsins 348.450 talsins. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Árið 2018 fæddust 4.228 börn og 2.254 manns létust, voru því fæddir umfram dána 1.974.

> Reykjavík er fjölmennasta sveitarfélagið mest fámenni var í Árneshreppi í upphafi árs með 40 íbúa.

Alls fluttust 7.719 manns af landi brott árið 2018 en nánast helmingi fleiri, eða 14.275 manns, fluttust til landsins. Aðfluttir umfram brottflutta voru því 6.556, 2.418 konur og 4.138 karlar.

Fjölmennasta sveitarfélagið var Reykjavík þar sem bjuggu 128.793 manns og það fámennasta var Árneshreppur með 40 íbúa. Í upphafi þessa árs voru þéttbýlisstaðir með 200 íbúa eða fleiri 62 talsins. 334.404 íbúar landsins bjuggu í þéttbýli 1. janúar 2019 sem er 3.845 einstaklingum meira en á sama tíma árið áður. 22.587 manns bjuggu í dreifbýli og smærri byggðakjörnum. **– bdj**

# Alþingi felur ráðherra að auka sjálfstætt eftirlit með lögreglu

**Tillaga Pírata um sjálfstætt eftirlit með starfsemi lögreglu var samþykkt á Alþingi í gær með nokkrum breytingum. Ráðherra verður falið að leggja fram frumvarp sem tryggi sjálfstæði eftirlits og heimildir til að rannsaka kvartanir og mál að eigin frumkvæði. Umsagnaraðilar sammála um að þörf sé fyrir hendi.**

**ALÞINGI** Samþykkt var á Alþingi í gær að fela dómsmálaráðherra að vinna lagafrumvarp um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu. Í nefndaráliti allsherjar- og menntamálanefndar er lagt til að byggt verði á grunni starfsemi eftirlitsnefndar sem starfað hefur um nokkurra ára skeið en starfssvið hennar og eftirlitsheimildir verði víkkaðar frá því sem nú er.

Í ályktun þingsins segir að þeir sem falin verði framkvæmd eftirlitsins samkvæmt frumvarpinu fái þau verkefni meðal annars að taka við kærum einstaklinga sem telja lögreglu hafa brotið á réttindum sínum, rannsaka ætluð brot lögreglumanna í starfi, rannsaka tilkynningar um einelti og kynferðislega áreitni innan lögreglu og rannsaka efni nafnlausra ábendinga innan lögreglu eða stjórnsýslu. Þá geti eftirlitsaðili einnig hafið athugun að eigin frumkvæði.

Kveða á sérstaklega á um sjálfstæði eftirlitsaðilans í frumvarpi ráðherra en samkvæmt ályktuninni á að leggja það fram ásamt kostnaðargreiningu, eigi síðar en á vorþingi 2021.

Í umsögnum um málið til Alþingis töldu bæði héraðssaksóknari og formaður eftirlitsnefndarinnar að gera mætti betur í eftirliti með lögreglu. Eftirlitsnefndin hafi engar sjálfstæðar rannsóknarheimildir í dag og geti hvorki beitt lögreglumenn né lögreglustjóra viðurlögum vegna brota í starfi. Þá myndi auka slagkraft nefndarinnar ef bæði lagaheimildir hennar og starfsumhverfi gerðu nefndinni kleift að hafa starfandi rannsakanda „sem kæmi að rannsókn þeirra mála sem nefndin hefði til meðferðar hverju sinni“.

Ályktunin sem samþykkt var á Alþingi í gær byggir á tillögu sem Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, lagði fram. Í tillögu hans var lagt til að sérstök stofnun yrði sett á fót á vegum Alþingis en með því verði sjálfstæði hennar frá framkvæmdarvaldinu betur tryggt.




**Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur ekki nægilegar rannsóknarheimildir að mati formanns.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Í nefndaráliti allsherjarnefndar kemur fram að ráðherra hafi nú þegar til skoðunar hver aðkoma Alþingis að eftirliti með lögreglu eigi að vera. Nefndin mælist til þess að ráðherra haldi þeirri athugun sinni áfram. Nefndin telur mikilvægt að hæfilegrar fjarlægðar verði gætt á milli hefðbundinna handhafa ákæruvalds og þeirra sem rannsaka og ákæra brot lögreglu í starfi. Nauðsynlegt sé að sú fjarlægð verði tryggð í lagafrumvarpinu sem ályktunin mæli fyrir um.

> Dómsmálaráðherra hefur nú þegar til skoðunar hver aðkoma Alþingis að eftirliti með lögreglunni eigi að vera.

Því er einnig beint til ráðherra að hafa til hliðsjónar niðurstöðu skýrslu lagadeildar Kaupmannahafnarháskóla frá 2017 um mat á árangri af sjálfstæðu eftirliti með lögreglu við endurskoðun málaflokksins.

**adalheidur@frettabladid.is**

## Telur lögreglustjórann fara eftir tilmælum um rannsókn á Hval hf.

**LÖGREGLUMÁL** „Ríkissaksóknari hefur ekki ástæðu til að ætla annað en að lögreglustjórinn á Vesturlandi muni fara eftir tilmælum ríkissaksóknara í málinu,“ segir Stefanía G. Sæmundsdóttir, saksóknari hjá embætti Ríkissaksóknara.

Eins og Fréttablaðið greindi frá eru meint brot Hvals hf. á reglugerð um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðir nú til rannsóknar hjá lögreglustjóranum á Vesturlandi. Er þetta í þriðja skiptið sem Ríkissaksóknari felur honum að rannsaka málið, en í tvígang hefur hann hætt rannsókn. Tók Ríkissaksóknari ástæðurnar ekki gildar.



**Hvalur er til rannsóknar hjá lögreglunni á Vesturlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK

Stefanía segir að samkvæmt lögum hafi Ríkissaksóknari mjög víðtækar heimildir, geti meðal annars tekið saksókn í sínar hendur og gefið út ákæru hvenær sem embættið telur þess þörf. Einnig geti Ríkissaksóknari gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál og kveðið á um rannsókn.

„Jafnframt getur Ríkissaksóknari falið mál lögreglustjóra, öðrum lögreglustjóra eða héraðssaksóknara,“ segir hún. **– khg**




Nýr BMW X5 xDrive45e PLUG-IN HYBRID - 24 kWh rafhlaða
6 Cyl. bensín - 8 gíra sjálfskipting - Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri samkvæmt WLTP: 1,7-2,0 l/100 km
Co2: 39-47 - 394 hestöfl - hröðun frá 0-100 km/klst 5,6 sek.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Verkalýðshreyfingin vill stöðva áform Macrons fyrir jól

**FRAKKLAND** Verkalýðshreyfingin í Frakklandi hélt í gær áfram baráttu sinni gegn fyrirhuguðum breytingum Emmanuels Macron, forseta landsins, á eftirlaunakerfinu. Hundruð þúsunda mótmælenda fylltu götur Parísar þar sem miklar truflanir urðu á samgöngum og lá skólahald einnig víða niðri.

Mótmæli og verkföll hafa staðið yfir í tæpar tvær vikur en verkalýðshreyfingin vill stöðva áform Macrons um að hækka eftirlaunaaldurinn úr 62 árum í 64 ár. Meiri kraftur var settur í aðgerðir gærdagsins með það að markmiði að fá forsetann til að falla frá áformum sínum fyrir jól.



**Fjölmenn mótmæli fóru fram í París og víðar í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY

Um fjórðungur grunnskólakennara í opinberum skólum lagði niður störf í gær og litlu færri menntaskólakennarar. Þá fór um þriðjungur starfsmanna opinbera járnbrautafélagsins SNCF í verkfall en meðal lestarstjóra var þátttakan 75 prósent. Miklar truflanir urðu einnig á samgöngum innan Parísar en átta af fjórtán línum neðanjarðarlestakerfisins voru lokaðar.

Lögregla beitti táragasi á mótmælendur í miðborg Parísar þar sem unnin voru skemmdarverk á verslunum.

Edouard Philippe forsætisráðherra sagði í franska þinginu að lýðræðisleg andstaða verkalýðsfélaga væri fullkomlega lögmæt. Hins vegar hefðu stjórnvöld greint með skýrum hætti frá áformum sínum og ríkisstjórnin væri ákveðin í að framfylgja þeim. Markmiðið væri að koma á fjárhagslegu jafnvægi innan eftirlaunakerfisins.

Philippe Martinez, leiðtogi verkalýðsfélagsins CGT, sagði hins vegar að þegar öll verkalýðsfélög væru á móti breytingunum yrðu stjórnvöld að opna augun og hugsa málið upp á nýtt. **– sar**



**Frá mótmælafundi í Kraká um síðustu helgi.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Gæti þýtt að Pólland fari úr ESB

**PÓLLAND** Áform pólskra stjórnvalda um breytingar á dómskerfi landsins gætu orðið til þess að Pólland yfirgefi Evrópusambandið (ESB). Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá hæstarétti landsins.

Verði frumvarp stjórnarflokksins Laga og réttlætis, sem nú er til meðferðar hjá pólska þinginu, samþykkt yrði opnað á þann möguleika að þeir dómarar sem efast um lögmæti breytinganna verði reknir úr starfi.

Í yfirlýsingu hæstaréttar segir að mótsagnir í pólskum lögum og lögum ESB muni að öllum líkindum leiða til íhlutunar af hálfu stofnana ESB. Fyrirhuguð lagasetning stríði gegn sáttmálum ESB og muni til lengri tíma þýða að Pólverjar þyrftu að yfirgefa sambandið.

> **Við verðum áfram reiðubúin til að ræða við pólsk stjórnvöld um leiðir til að leysa úr þessum málum.**
>
> Christian Wigard, talsmaður Framkvæmdastjórnar ESB

Þá lýsir hæstiréttur yfir áhyggjum af því að forseti landsins og bandamaður Laga og réttlætis, Andrzej Duda, geti með breytingunum valið nýjan forseta réttarins áður en forsetakosningar sem fyrirhugaðar eru í maí næstkomandi fara fram.

Frá því að Lög og réttlæti komst til valda 2015 hefur flokkurinn sætt gagnrýni frá ESB fyrir pólitísk afskipti af dómskerfinu. Flokkurinn telur hins vegar að umræddar breytingar séu nauðsynlegar til að auka skilvirkni kerfisins.

Christian Wigand, talsmaður framkvæmdastjórnar ESB, sagði í samtali við Reuters fréttastofuna að það væri mjög skýr stefna að vernda þyrfti dómskerfi aðildarríkja frá pólitískum afskiptum.

„Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgjast náið með ástandinu. Við verðum áfram reiðubúin til að ræða við pólsk stjórnvöld um leiðir til að leysa úr þessum málum,“ sagði Christian.

Í yfirlýsingu ESB frá því í fyrradag sagði að rannsakað yrði hvort lagafrumvarpið ógnaði sjálfstæði dómskerfisins í Póllandi. **– sar**

## Langur ferill til embættismissis Bandaríkjaforseta

**Fulltrúadeild Bandaríkjaþings**

**1** **Hver og einn þingmaður getur lagt fram ákærur á hendur forseta til embættismissis vegna:**
- Landráða, tryggðarofs
- Mútuþægni
- Alvarlegra glæpa

**2** **Dómsmálanefnd fulltrúadeildarinnar**
- Skoðar ásakanir
- Skrifar og ræðir ákærur til embættismissis

51% Einfaldur meirihluti nefndarinnar — Ákærum hafnað

**3** **Fulltrúadeild rökræðir og greiðir atkvæði um ákærur**

51% Einfaldur meirihluti fulltrúadeildar — Ákærum hafnað með kosningum

**4** **Ákærur gefnar út og sendar öldungadeildinni**

Bandaríkjaþing sem fer með löggjafarvald á alríkisstigi starfar í tveimur deildum, efri deildin nefnist öldungadeild en sú neðri fulltrúadeild.



**Fulltrúadeild Bandaríkjaþings**

| Flokkur | Sæti |
|---|---|
| Demókratar | 233 |
| Repúblikanar | 197 |
| Annað | 5 |
| **Samtals** | 435 |

**Öldungadeild Bandaríkjaþings**

| Flokkur | Sæti |
|---|---|
| Repúblikanar | 53 |
| Demókratar | 45 |
| Annað | 2 |
| **Samtals** | 100 |

**Öldungadeild Bandaríkjaþings**

**5** **Öldungadeildarþingmenn**

Upplýsa forsetann — Semja lagafrumvarp um embættismissi

**6** **Réttarhald öldungadeildarinnar**
- Stýrt af forseta Hæstaréttar
- Söfnun sönnunargagna og skýrslutaka

**7** Lokaður kviðdómur öldungadeildar — Atkvæðagreiðsla (opin)

**8** **Sakfelling og brottvikning Donalds Trumps úr embætti**

67% Tveir þriðju öldungadeildarinnar sakfella forsetann — Ákærum hafnað og forseti ekki sakfelldur



> **Þegar kæra á hendur forseta Bandaríkjanna er til meðferðar skal forseti hæstaréttar vera í forsæti; skal enginn sekur fundinn nema tveir þriðju viðstaddra þingmanna veiti því samþykki.**

# Embættismissir ólíklegur

**Eftir að meirihluti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings hefur samþykkt ákærur á hendur forsetanum fer málið til öldungadeildarinnar sem þykir ólíkleg til að samþykkja að víkja honum frá fyrir embættisglöp.**

**BANDARÍKIN** Möguleg brottvikning Donalds Trump Bandaríkjaforseta fyrir embættisglöp hefur vakið miklar umræður í fjölmiðlum. Demókratar á Bandaríkjaþingi hafa kynnt ákærur á hendur Trump til embættismissis þar sem hann er sakaður um tálmun og misbeitingu valds þegar hann setti þrýsting á stjórnvöld í Úkraínu í þeim tilgangi að ráðast gegn pólitískum andstæðingum sínum í komandi forsetakosningum að ári.

Búist er við að fulltrúadeild þingsins greiði atkvæði um ákærurnar í dag. Verði þær samþykktar verður Trump þriðji forsetinn í sögu Bandaríkjanna sem verður ákærður fyrir brot í embætti og þarf að svara til saka fyrir öldungadeild þingsins.

Jerry Nadler, formaður dómsmálanefndar fulltrúadeildarinnar, sagði að forsetinn yrði að njóta fulls trausts þjóðarinnar. Brygðist hann því og setti sjálfan sig framar þjóðinni, færi hann gegn stjórnarskrá landsins, lýðræðinu og þjóðaröryggi.

Töluverðar líkur eru á að fulltrúadeildin samþykki ákæruna. Til þess þarf einfaldan meirihluta og Demókratar eru þegar í meirihluta. Þaðan færi ákæran til öldungadeildar þingsins, en þar eru þingmenn Repúblikana, flokks forsetans, í meirihluta.

Stjórnarskrá Bandaríkjanna er nokkuð nákvæm um hvaða feril skal viðhafa við mögulegan embættismissi forseta. „Öldungadeildin hefur ein vald til að dæma í kærumálum til embættismissis. Þegar hún heldur fundi í þeim tilgangi skal vinna eið eða drengskaparheit. Þegar kæra á hendur forseta Bandaríkjanna er til meðferðar skal forseti hæstaréttar vera í forsæti; skal enginn sekur fundinn nema tveir þriðju viðstaddra þingmanna veiti því samþykki.“

Það er talið mjög ólíklegt eins og staðan er í dag að tveir þriðju þingmanna öldungadeildarinnar dæmi forsetann fyrir embættisglöp.

Einungis tvö mál hafa farið alla leið til atkvæða í öldungadeildinni. Það var mál Andrews Johnson forseta árið 1868 og Bills Clinton forseta á árunum 1998-99. Hvorugt málið náði samþykki tveggja þriðju öldungadeildarþingmanna en ákærurnar sjálfar höfðu mikil áhrif á valdatíð þeirra og dró mikinn kraft og athygli frá öðrum málum. Richard Nixon forseti sagði af sér árið 1974 og kom því í veg fyrir að honum yrði vikið frá fyrir embættisglöp. Hann hafði þá tapað verulegum stuðningi eigin flokks svo að hann átti fárra kosta völ.

Meðfylgjandi mynd sýnir langan feril mögulegrar brottvikningar Bandaríkjaforseta fyrir embættisglöp. **david@frettabladid.is**


FAST LÁGT VERÐ
N1 Lindum
Engir afslættir
Bara ódýrara eldsneyti
N1
KRÓNAN 10-20
Velkomin í N1 Lindum
N1 kynnir nýja sjálfvirka stöð við Lindir í Kópavogi nálægt Krónunni og Elko. Þar dælir þú eldsneyti á föstu lágu verði án allra afslátta. Einfalt!
Sjáumst við Lindir!
Þú getur greitt með N1 kortinu eða N1 lyklinum
Alltaf til staðar
N1

# Stefnir allt í síldarstríð Dana og Breta

**Mette Fredriksen, forsætisráðherra Danmerkur, ítrekaði mikilvægi þess að dönsk fiskiskip fengju áfram að veiða í breskri lögsögu eftir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu á næsta ári. Veiðarnar eru lífsnauðsynlegar fyrir heilu byggðarlögin í Danmörku.**

**DANMÖRK** Mette Fredriksen, forsætisráðherra Danmerkur, krefst þess að Danir fái áfram veiða innan breskrar lögsögu eftir útgöngu Bretlands á næsta ári, ellegar beiti þeir neitunarvaldi sínu hvað viðskiptasamninga við Evrópusambandið varðar.

Mette hefur áður verið ákveðin hvað danska fiskveiðihagsmuni varðar og ítrekaði hún það eftir að úrslit bresku kosninganna lágu fyrir. „Þegar kemur að útgöngunni, skipta fiskveiðar Danmörku miklu máli, af því að þetta er grein sem reiðir sig á gott samstarf þjóða sem veiða á sama svæði,“ sagði Fredriksen.



Forsætisráðherra Danmerkur heimsótti Downing stræti 10 í mánuðinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Langmest af norðursjávarsíldinni finnst í breskri lögsögu og Danir veiða stóran skerf af henni. Einnig veiða Danir mikið af makríl vestan við Bretland.

Danir, eins og margar aðrar Evrópusambandsþjóðir, hafa veitt í breskri lögsögu síðan á áttunda áratugnum og heilu byggðarlögin eru háð þessum veiðum. Eitt af þeim er Thyboron, tvö þúsund íbúa bær á vesturströnd Jótlands. Meira en þriðjungur aflans sem landað er þar kemur úr breskri lögsögu.

Í Thyboron hafa margir haft áhyggjur af útgöngu Breta úr Evrópusambandinu, sem ljóst er að verður á næsta ári eftir stóran kosningasigur Íhaldsflokksins. „Við gætum þurft að loka þessum bæ,“ sagði sjómaðurinn Michael Bork, 36 ára, sem hefur sótt sjóinn síðan hann var barn. „Eftir að Bretar ganga út verður danskt hafsvæði þétt setið skipum frá Danmörku, Hollandi og Belgíu. Það er ekki nægur fiskur til.“

Óvissan í kringum útgönguna hefur þegar haft mikil áhrif á danska útgerðarbæi, dregið hefur mjög úr fjárfestingum í greininni og veiðileyfi í uppnámi.

Fiskveiðar eru eitt af því fyrsta sem rætt verður eftir útgöngusamninginn, samkvæmt viðskiptasamningaáætlun sem Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, hefur látið gera. Samkvæmt áætlunum verður samið allt næsta ár en líklegt er að viðræðurnar dragist lengur en það, sérstaklega í ljósi þess að mikið er undir og leiðtogarnir eru vígreifir.

> **Þegar kemur að útgöngunni, skipta fiskveiðar Danmörku miklu máli, af því að þetta er grein sem reiðir sig á gott samstarf þjóða sem veiða á sama svæði.**
>
> Mette Fredriksen, forsætisráðherra Danmerkur

Það sem flækir málið enn frekar er undirbúningur að stórum viðskiptasamningi á milli Bretlands og Bandaríkjanna, sem gæti verið undirritaður á undan samningum við Evrópusambandið. En hann gæti einnig truflað samningana, til dæmis hvað varðar landbúnaðarafurðir, og Johnson gæti þurft að velja hvort hann vilji góðan samning við Bandaríkin eða Evrópusambandið.

kristinnhaukur@frettabladid.is






Musharraf var forseti Pakistan frá 1999 til 2008. NORDICPHOTOS/GETTY

## Dæmdur til dauða fyrir landráð í forsetatíð sinni

**PAKISTAN** Fyrrverandi forseti Pakistan, Pervez Musharraf, var dæmdur fyrir landráð af þarlendum dómstól í gær. Hann verður látinn gjalda fyrir landráðin með lífi sínu.

Það var hryðjuverkadómstóll í Íslamabad sem sakfelldi Musharraf en hann var ákærður árið 2014 fyrir að hafa virt stjórnarskrá landsins að vettugi, breytt henni með ólögmætum hætti og loks fellt hana úr gildi með vísan til meints neyðarástands í landinu. Rannsókn málsins hófst árið 2013 og hefur meðferð þess því tekið sex ár.

Musharraf komst til valda með aðstoð hersins í valdaráni árið 1999 og sat á forsetastóli til 2008. Brotin sem hann var sakfelldur fyrir voru framin árið 2007 í því skyni að halda völdum í landinu.

Þetta er í fyrsta skipti í sögu Pakistan sem yfirmaður herafla landsins er ákærður og sakfelldur fyrir landráð, en samkvæmt stjórnarskrá landsins liggur dauðarefsing eða lífstíðarfangelsi við landráðum.

> **Musharraf var ekki viðstaddur uppkvaðningu dómsins. Hann hefur kost á að áfrýja dóminum en hann segist saklaus.**

Musharraf er 76 ára gamall og hefur haldið til í Dúbaí frá 2016 eftir að hæstiréttur Pakistans aflétti farbanni til að hann gæti leitað sér læknisaðstoðar utan landsins.

Forsetinn fyrrverandi var ekki viðstaddur dómsuppkvaðninguna en hann sendi frá sér yfirlýsingu á myndbandi nýverið þar sem hann lýsti yfir sakleysi sínu. Hann sagði ekkert vit í ákærum á hendur sér. Hann á enn þann kost að áfrýja dauðadómnum. – aá



# Takk fyrir

Við björgunarsveitarfólk höfum undanfarna daga staðið í ströngu vegna verkefna sem urðu til vegna óveðurs sem gekk yfir landið og skapaði víða hættuástand. Björgunarsveitirnar gegna mikilvægu hlutverki í almannavarnakerfi landsins og kom það berlega í ljós í þessum aðgerðum þar sem hundruðir sjálfboðaliða voru að störfum.

Okkur langar að þakka öllum þeim sem gera okkur mögulegt að hlaupa fyrirvaralaust í útköll til þess að sinna þessum mikilvægu verkefnum. Skilningsríkum atvinnurekendum sem eru reiðubúnir að gefa okkur frí frá vinnu, oftast á launum, fjölskyldum okkar, vinum og vinnufélögum og síðast en ekki síst Bakvörðum og styrktaraðilum.

Sjálfboðaliðar björgunarsveitanna.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

# Þakkir



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Eitt mesta óveður síðari tíma gekk yfir landið í síðustu viku. Margar brotalamir komu í ljós við þær aðstæður; rafmagn fór af heilu byggðunum og mikið tjón varð víða. Rafmagnsstaurar brotnuðu, klæðningar rifnuðu og fólk hírðist í óupphituðum og rafmagnslausum húsum sínum. Rauðar viðvaranir voru gefnar út í fyrsta sinn í sögunni og víðast hvar var óvissu- eða hættustig í gildi, auk þess sem hætta var á snjóflóðum og annarri illviðráðanlegri náttúruvá.

Ljósið í myrkrinu voru vafalítið björgunarsveitir og aðrir viðbragðsaðilar landsins sem unnu gríðarlega óeigingjarnt starf við þessar erfiðu aðstæður. Hátt í eitt þúsund björgunarsveitarmenn um allt land tóku þátt í verkefnum tengdum veðurofsanum, hvort sem var til þess að festa þakplötur, koma fólki í öruggt skjól, koma á rafmagni eða að aðstoða bændur við leit að skepnum og björgun þeirra, svo fátt eitt sé nefnt.

Á meðan leituðu um fjögur hundruð manns til viðbótar ungs manns sem féll í Núpá í Sölvadal í Eyjafirði. Björgunarsveitir víðast hvar af landinu tóku þátt í leitinni, auk lögreglu, sérsveitar ríkislögreglustjóra og þyrluáhafnar Landhelgisgæslunnar með liðsinni danska hersins. Allt var gert til þess að koma piltinum til bjargar, við aðstæður sem varla er hægt að skrifa skáldsögur um, en áin varð unga manninum því miður að aldurtila.

Í blaðinu í dag sendir fjölskylda piltsins einlægar þakkarkveðjur til allra þeirra sem tóku þátt í aðgerðunum, og tekur fram hve fagleg og fumlaus vinnubrögð þeirra voru, í aðgerðunum sjálfum, samskiptum og upplýsingagjöf. „Þetta veitti okkur styrk og vissu fyrir því að verið var að gera allt sem í mannlegu valdi stóð til að koma drengnum okkar til bjargar,“ segir í bréfinu.

Atburðir liðinnar viku sýna fram á mikilvægi björgunarstarfs á Íslandi. Veðrin eru válynd og slysin gera ekki boð á undan sér. Björgunarfólk leggur líf sitt ítrekað í hættu og fyrir það eigum við að vera þakklát. Þakklætið fleytir okkur þó ekki alla leið og þess vegna þarf að tryggja fjármagn til málaflokksins. Málaflokkinn þyrfti líka að taka til gagngerrar endurskoðunar og bæta þarf fjarskipta- og tækjakost með það að markmiði að auðvelda vinnu björgunarsveita og stytta viðbragðstíma. Í því samhengi ætti að skoða frekari aðkomu ríkisins að rekstrarumhverfi björgunarsveita og jafnvel ætti að heimila þeim að sækja fjármagn í gegnum tryggingar ferðamanna, líkt og lagt hefur verið til. Hvað sem því líður er ljóst að gera þarf betur við fólkið sem sinnir þessu starfi, öllum stundum sólarhrings, allan ársins hring.

**Atburðir liðinnar viku sýna fram á mikilvægi björgunarstarfs á Íslandi. Veðrin eru válynd og slysin gera ekki boð á undan sér.**


# Þingvallamyndir í íslenskri myndlist

Hið íslenska bókmenntafélag vinnur nú að útgáfu á listaverkabók með myndum íslenskra myndlistarmanna frá Þingvöllum, frá upphafi til okkar daga.

Eigendur slíkra mynda sem vilja leggja þessu verkefni lið með því að benda á athyglisverðar Þingvallamyndir eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við ritstjóra bókarinnar, Aðalstein Ingólfsson, netfang: *adalart@mmedia.is* – við fyrstu hentugleika.

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG
HAGATORGI · SÍMI 588 9060
hib@hib.is · www.hib.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Ósiðir**

**Þingmenn eru nú komnir í jólafrí en næsti þingfundur verður ekki fyrr en 20. janúar. Þrátt fyrir að fjárlög hafi aldrei verið afgreidd fyrr, eða 27. nóvember, var gamalkunnug stemning á síðustu metrunum með tilheyrandi kvöldfundum og þrasi. Þingið fór að vísu ekki nema tvo daga fram yfir starfsáætlun en miðað við hversu greiðlega gekk að afgreiða fjárlögin hefði mátt ætla að eftirleikurinn yrði auðveldur. Í gær voru 25 lagafrumvörp afgreidd auk einnar þingsályktunartillögu. Sum málanna komu allt of seint inn í þingið og hluta varla efnismeðferð við hæfi en önnur hefði mátt afgreiða fyrir löngu. Það virðist erfitt að venja sig af ósiðum fortíðar.**

**Lært af reynslunni?**

**Meðal þeirra mála sem voru afgreidd í gær var áfangi í lengingu fæðingarorlofs. Þetta jákvæða mál var hluti lífskjarasamnings og flestir ef ekki allir þingmenn sammála því. Samt sem áður tókst ríkisstjórnarflokkunum með einkennilegri lagni að flækja málið. Lagðar voru fram breytingartillögur á breytingartillögur ofan. Voru þar meðal annars gerðar ráðstafanir fari svo að frumvarp félagsmálaráðherra um næsta áfanga í lengingu orlofsins verði ekki samþykkt í tæka tíð. Kannski læra sumir af reynslunni þrátt fyrir allt? sighvatur@frettabladid.is**

# Svik við aldraða



Sigurjón Arnórsson
framkvæmdastjóri Flokks fólksins

Sem starfsmaður Flokks fólksins hef ég unnið að fjölda þingmála sem snerta hagsmuni aldraðra. Þar á meðal eru þingmál um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 100.000 kr. frítekjumark vegna lífeyristekna, að hækkun bóta fylgi ávallt launaþróun eins og hún kemur fram í launavísitölu, að hjálpartæki verði undanþegin virðisaukaskatti, afnám vasapeningafyrirkomulagsins, aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum, stofnun hagsmunafulltrúa aldraðra og afnám skerðinga vegna launatekna aldraðra.

Öll eru málin sanngirnis- og réttlætismál. En af öllum þeim málum sem snerta aldraða þá er brýnast að bæta kjör þeirra sem lifa undir lágmarksframfærsluviðmiði félagsmálaráðuneytisins. Flestir þeir sem eru í þessum hópi eru þeir sem hafa engar tekjur aðrar en lífeyri frá almannatryggingum.

Í þessum hópi er gamalt fólk sem þarf að velja á milli, hvort það kaupir sér mat eða lífsnauðsynleg lyf.

Í nýsamþykktum fjárlögum fyrir árið 2020, lögðu þrír stjórnmálaflokkar, m.a. Flokkur fólksins, fram breytingartillögu um að hvorki öryrkjar né eldri borgarar þurfi að draga fram lífið langt undir lágmarkslaunum. Því miður var meirihluti þingmanna á móti þessari tillögu og hún var felld.

Mesta kjaraskerðing sem aldraðir urðu fyrir frá hruni var vegna kjaragliðnunar. Með kjaragliðnun er átt við, að lífeyrir hækkar minna en laun.

Allir stjórnmálaflokkar hafa lofað að leiðrétta kjaragliðnunina. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, en honum var stjórnað af núverandi leiðtogum Miðflokksins, lögðu sérstaka áherslu á þetta loforð árið 2013. Stóðu þeir við það? Að sjálfsögðu ekki, þessu er alltaf lofað og jafn oft svikið. Enn í dag horfum við upp á þessa sömu flokka ásamt Vinstrihreyfingunni – grænu framboði svíkja fátækt fólk og neita því réttlæti. Ef þessir flokkar hefðu einhvern tíma staðið við stóru orðin þá væri staða fátækra önnur í dag.

**Ef þessir flokkar hefðu einhvern tíma staðið við stóru orðin þá væri staða fátækra önnur í dag.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Keisarinn er ekki í neinu – Taka tvö



**Gunnar H. Gunnarsson**
verkfræðingur og stjórnarmaður í samtökunum Betri byggð

Yfirlýsing Sigurðar I. Jóhannssonar og Dags B. Eggertssonar um flugvallarmál í lok nóvember var fyrirsjáanleg og pólitískt óhjákvæmileg að mati flestra kjörinna fulltrúa, sem Samtök um betri byggð (BB) ræddu við undanfarin misseri. Flestir viðurkenndu þó að stefna BB væri „faglega rétt“ með tilliti til arðsemi, mengunar, $CO_2$, mannvistar, menningar, lýðheilsu o.s.frv.

Hvað gerir þroskað samfélag sem verður fyrir barðinu á gjörsamlega forkastanlegum pólitískum móral stjórnmálastéttarinnar? Það beitir sér fyrir betur mannaðri stjórnmálastétt og betri pólitík. Þegar lélegir pólitíkusar taka hörmulega ranga og þjóðhagslega skaðlega ákvörðun í flugvallarmálinu er smíðuð enn ein flugvallarskýrslan með fulltingi aðstoðarliðs til að sanna að hin pólitíska vitleysa sé besta lausnin.

Töf á brotthvarfi flugvallar úr Vatnsmýri veldur gríðarlegu tjóni á öllum sviðum samfélagsins. Beint árlegt fjárhagstjón er a.m.k. 5% af bundnu fé í 300 milljarða byggingarlóðum undir flugvallarmalbikinu eða 15 milljarðar. Annað árlegt tjón á sviði rekstrar heimila, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga, á sviði lýðheilsu, glataðra tækifæra, landflótta o.s.frv. nemur líklega margfaldri þeirri upphæð.

Töfin gerir að engu möguleika borgar og torveldar möguleika ríkis að standa við alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum árið 2030. Töfin veldur áframhaldandi útþenslu jafnt innan sem utan núverandi byggðarmarka höfuðborgarsvæðisins (HBS). Bílum mun án efa fjölga hlutfallslega og akstur aukast. Rekstrarkostnaður heimila, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga mun aukast enn frá því sem nú er og neikvæð lýðheilsuáhrif bílasamfélagsins munu eflaust aukast.

Fjórða iðnbyltingin mun varla verða jafnkröftug og ella og gæði borgarinnar fyrir mannlíf og menningu munu fremur hnigna en að hún dafni.

Borgarstjóri, í umboði meirihlutans í borgarstjórn, er leiddur að samningaborðum líkt og lamb til slátrunar, til að undirrita fjarstæðukennda afarkosti í lok nóvember sl.

Borgarstjórinn hundsar vilja meirihluta kjósenda í Reykjavík í kosningunni 2001 um brotthvarf flugvallar úr Vatnsmýri eigi síðar en fyrir árslok 2016. Hann þverbrýtur einnig samning borgar og ríkis frá 2013 um að flugvöllurinn hverfi fyrir árslok 2022. Og hann beygir sig fyrir kröfum sveitarfélaga í Kraganum um BORGARLÍNU.

**Samsæri gegn þjóðarhag**

Áform sveitarfélaga á HBS um BORGARLÍNU, samkomulag ríkis og SSH um fjármögnun BORGARLÍNU og samgöngubóta í okt. 2019 og skýrsla Sigurðar I. Jóhannssonar í nóv. 2019 um flugvallarmál á SV- landi mynda saman eins konar samsæri um 15-20 ára töf á brottför flugvallar úr Vatnsmýri.

Áform sveitarfélaga á HBS um BORGARLÍNU á næstu 15-20 árum gagnast einkum Kraganum. Þessi áform munu valda áframhaldandi útþensla byggðar innan og utan núverandi byggðarmarka í Kraganum.

Áformin krefjast „þvingaðrar“ búsetu nýrra kynslóða íbúa á höfuðborgarsvæðinu meðfram strætóleiðunum í átt að ystu jöðrum byggðar í Kraganum, á meðan besta búsetu- og byggingarlandi Íslands í Vatnsmýrinni í Reykjavík er haldið óaðgengilegu með „gjaldþrota“ og niðurgreiddri flugstarfsemi næstu 15-20 ár. Skýrsla samgönguráðherra er auðvitað ömurlegt plagg. Niðurstaða hennar lá fyrir fljótlega eftir að vinna við hana hófst sbr. ummæli Njáls alþingismanns norðan frá Akureyri árið 2018. Vinna við skýrsluna hefur líklega miðast við það helst að skila niðurstöðu um 15-20 ára töf á brotthvarfi flugvallar úr Vatnsmýri.

Í skýrslunni er m.a. byggt á kúvendingu í megináherslum. Nú er millilandaflugvöllur settur í forgrunn vinnunnar til þess eins að sýna fram á nauðsynlega töf á brotthvarfi Vatnsmýrarflugvallar um 15-20 ár.

Áhersla allra fyrri flugvallarathugana miðaði eðlilega við innanlandsflugvöll svo rýma mætti Vatnsmýri fyrir miðborgarbyggð.

Hönnun, mat á umhverfisáhrifum og bygging innanlandsflugvallar gæti tekið 3-5 ár. Verðmæti Vatnsmýrarflugvallar og tengdra mannvirkja er innan við 12 milljarðar kr. Kostnaður vegna sambærilegrar aðstöðu í Hvassahrauni er einnig um 12 milljarðar kr. Séu uppi áform um lengri flugbrautir og stærri flugstöð kostar hver lengdarmetri og hver fermetri einfaldlega ákveðna og fyrirsjáanlega upphæð. Veðurfar í Hvassahrauni er vel þekkt. Þar var veðurstöð á árunum 2001-2009. Starfandi veðurstöðvar eru auk þess í Straumsvík og við Reykjanesbraut.

Vatnsverndarpælingar eru að sjálfsögðu óþarfar m.a. vegna þess að einn fjölfarnasti þjóðvegur landsins með u.þ.b. 8-10 milljónir bíla á ári liggur nú þegar á milli flugvallarstæðis í Hvassahrauni og þéttbýlis á Suðurnesjum. Sömu megin við þjóðveginn liggur auk þess álver Rio Tinto Alcan í Straumsvík.

Samgönguyfirvöld halda af ásettu ráði uppi villandi umræðu um varaflugvöll. ICAO, Alþjóða flugmálastofnunin, krefst a.m.k. 183 km (100 sjómílna) fjarlægðar frá áfangaflugvelli að varaflugvelli í beinni loftlínu. Því gæti í mesta lagi verið um algerar neyðarlendingarbrautir að ræða.



# Tryggja þarf rekstur líkhúss og bálstofu til framtíðar



Þórsteinn Ragnarsson
forstjóri KGRP

Stöð2 birti nýlega fréttir af vettvangi kirkjugarða og visir.is fylgdi þeim fréttum eftir. Í fréttum Stöðvar 2 var fjallað um rekstrarvanda kirkjugarða og var fréttakona þar að fylgja eftir fyrri fréttum af þeim vandræðum og fékk hún bæði munnlegar og skriflegar uppfærðar upplýsingar um þau mál og gerði þeim prýðilega góð skil. Í upplýsingum frá mér til hennar kom fram að vegna rekstrarvandans hafa Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) ekki getað hugað að endurnýjun bálstofu og líkhúss í Fossvogi. Rekstur þessara tveggja „deilda“ innan KGRP frá degi til dags gengur út af fyrir sig en ekkert svigrúm er til brýnnar endurnýjunar á húsakynnum, tækjum og aðstöðu. Fram kom í máli mínu að miðað við viðbrögð ráðamanna um aukið framlag til kirkjugarða væri bygging nýrrar bálstofu og nýs líkhúss ekki lengur á færi KGRP vegna stanslauss niðurskurðar í rúm 10 ár. Fram kom að miðað við núverandi aðstæður væri það verkefni ríkis, sveitarfélaga og kirkjugarða að tryggja slíka endurnýjun á næstu árum. Margar viðvaranir hafa verið gefnar undanfarin ár en ráðamenn, þ.e. ráðherrar, alþingismenn og ríkisstjórnir, með fjármálaráðuneytið í fararbroddi, hafa jafnan daufheyrst við þeim viðvörunum.

Ég hef orðið var við að orð mín hafa verið túlkuð á þann veg að rekstri bálstofu og líkhúss Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma verði hætt á næstunni vegna rekstrarvanda. Það er misskilningur. Bálstofan og líkhúsið í Fossvogi munu gegna sínu hlutverki áfram næstu árin en það þarf strax að huga að því hvernig eigi að tryggja ábyrgan rekstur í framtíðinni eins og hingað til. Ég hef gert kirkjugarðaráði grein fyrir stöðunni og óskað eftir að ráðið gerði það sem unnt er til að bregðast við, t.d. með því að stuðla að skipun starfshóps um framtíðarlausn þessara mála á Íslandi. Heppilegt væri að í starfshópnum væru fulltrúar frá kirkjugarðaráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og dómsmálaráðuneyti.




# Þegar kröfur og greiðslur fara ekki saman



Áslaug Hulda Jónsdóttir
formaður bæjarráðs Garðabæjar




Á annað þúsund manns bíða eftir því að komast í hvíldarinnlögn og tæplega fimm hundruð eru á biðlista eftir hjúkrunarrými. Til viðbótar bíða 89 einstaklingar eftir dvalarrými. Þetta kemur fram í svörum heilbrigðisráðherra á Alþingi. Hjúkrunarheimilum hefur lítið fjölgað síðasta áratuginn, þörfin eykst og biðtími lengist. Á annað hundrað manns bíða á Landspítalanum og nálægum sjúkrahúsum eftir því að komast á hjúkrunarheimili og það eykur álagið á spítalana með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið.

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra eiga daggjöld, sem ákveðin eru af ráðherra, að standa undir rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila. Því miður virðist það eingöngu eiga við um í orði en ekki á borði og dæmin um það eru nokkur. Hjúkrunarheimilið Ísafold var opnað árið 2013 og var rekið af Garðabæ. Daggjöldin voru langt frá því að duga fyrir daglegum rekstri og þurfti Garðabær að greiða um 100 milljónir á ári til rekstrarins til að halda uppi sjálfsögðum gæðum á heimilinu. Hér skal tekið fram að gæðaviðmið eru sett fram í kröfulýsingu heilbrigðis- og velferðarráðuneytisins um starf hjúkrunarheimila. Sami aðili setur því fram gæðakröfurnar, sem rekstraraðila er gefið að starfa eftir, og neitar svo að greiða kostnað þannig að hægt sé að uppfylla þessar kröfur þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi bent á að það vanti talsvert upp á að daggjöld geti staðið undir rekstri hjúkrunarheimila.

**Vitlaust gefið**

Hér er vitlaust gefið og það er ekki forsvaranlegt að bæjarfélög þurfi að nýta skattfé íbúa til að greiða háar fjárhæðir í verkefni sem eru á forræði ríkisins og eiga að vera fjármögnuð af ríkinu lögum samkvæmt. Árið 2016 stefndi Garðabær ríkinu vegna reksturs á hjúkrunarheimilinu Ísafold og þess sem upp á vantaði inn í reksturinn frá ríkinu árin 2013-2015. Vonbrigðin eru þau að Landsréttur hefur nú staðfest sýknudóm yfir ríkinu vegna 320 milljóna kröfu Garðabæjar á ríkið.

Garðabær rekur ekki lengur Ísafold enda er ekki hægt að réttlæta fyrir bæjarbúum að svo háar upphæðir af skattfé íbúa séu notaðar til að niðurgreiða verkefni á vegum ríkisins og eiga að vera fjármögnuð af því. Árið 2017 var samið við Hrafnistu um að taka við rekstrinum og það gengur ágætlega enda var meðgjöf frá Garðabæ fyrstu árin. Akureyri er í svipuðum sporum og Garðabær, situr uppi með mikinn kostnað í meðgjöf í þjónustu við aldraða. Glæsilegt húsnæði fyrir hjúkrunarheimili var byggt upp á Seltjarnarnesi en bæjaryfirvöld þar neituðu að taka við rekstri hjúkrunarheimilis enda duga daggjöld ríkisins ekki fyrir rekstri hjúkrunarheimilis þar frekar en annars staðar þar sem gæðakröfum þessa sama ríkis er fylgt. Það sama gerði Kópavogur.

**Samkvæmt lögum um málefni aldraðra eiga daggjöld, sem ákveðin eru af ráðherra, að standa undir rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila. Því miður virðist það eingöngu eiga við um í orði en ekki á borði og dæmin um það eru nokkur.**

Sveitarfélögin geta ekki látið bjóða sér slík vinnubrögð.

Þessi saga er ekki ný. Svona hefur hún verið um langt skeið og segir okkur að þegar verkefni fara frá ríki yfir á sveitarfélög er vitlaust gefið. Svona var sagan líka árið 1996 þegar rekstur grunnskóla fór yfir til sveitarfélaga og aftur með málefni fatlaðs fólks. Þá hefur um langt skeið verið deilt um ástand vega þegar kemur að yfirfærslu frá ríki til sveitarfélaga og í raun galið að ekki sé til skýrari rammi um þau skil. Eins og staðan er í dag er erfitt fyrir sveitarstjórnarfólk að vera jákvætt gagnvart fleiri yfirfærslum þótt þær séu í eðli sínu skynsamlegar m.t.t. nærþjónustu. En fjárhagslega fyrir bæjarsjóði og annan rekstur þorir enginn í þann darraðardans.

Samskipti og samvinna sveitarfélaga við ríkið er engin fyrirmyndarsaga og það er fjarri því að eitthvert jafnræði gildi í þeim samskiptum. Slíkt er aldrei vænlegt til árangurs.

Á Íslandi eru tvö opinber stjórnsýslustig, ríki og sveitarfélög. Samskipti og samvinna þeirra ættu að vera á jafningjagrundvelli. Þegar það kemur að skiptingu verkefna eða yfirfærslu þarf allt að vera uppi á borðum, hvort sem það er ástand vega, húsnæðis eða annarra innviða eða ef stefnt er að því að breyta kröfum og reglugerðum sem hafa áhrif á rekstur og annan kostnað. Í samningum ætti jafnframt endurmat fram í tímann að vera þannig að í samningum sé möguleiki á leiðréttingum ef breytingar verða sem kalla á fjárútlát. Þannig losnum við við ósætti og óþarfa togstreitu milli ríkis og sveitarfélaga.

Gleymum heldur ekki að á endanum bitna slík átök á þeim sem síst skyldi, þeim sem þurfa að nýta sér þjónustuna og hafa ekki val um annað.

# Heiðarleiki og ruglaðir makrílútreikningar



Sigurgeir B. Kristgeirsson
framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar

Kári Stefánsson, læknir og forstjóri, birti á dögunum grein í Fréttablaðinu þar sem hann kallaði Vilhjálm Árnason, prófessor í heimspeki, rugludall. Tilefnið er ný lög um vandaða starfshætti, í vísindum, sem Kári segir að Vilhjálmur standi fyrir. Í þeim skorti skilgreiningu á því hvað teljist vera „heiðarleg vinnubrögð“ í vísindum. Heiðarleiki sé hins vegar „eini samnefnari vandaðra vinnubragða“ í vísindum og ástæða sé til að brýna slíkt fyrir fleirum, til að mynda útgerðarmönnum. Kári útlistar hvernig „mjög öflugt sjálfseftirlit“ vísindasamfélagsins virki og eigin reynslu af því, til dæmis að valinkunnir vísindamenn ritrýni vísindagreinar hver annars fyrir birtingu.

Nokkru síðar birti Kári aðra grein í Fréttablaðinu, þá undir fyrirsögninni Landráð? og vísar til skýrslu Verðlagsstofu skiptaverðs um makríl og samanburð á skiptaverði hér og í Noregi. Hann sakar útgerðarmenn um að hlunnfara sjómenn og sveitarfélög, stela undan skatti með því að selja eigin félögum erlendis makríl á undirverði og stunda peningaþvætti ofan á allt saman. Niðurstaðan er að útvegsmenn hafi stolið 300 milljörðum króna á sjö árum! Fleiri fráleitar fullyrðingar er að finna en byrjum á þessari. Meira um hitt síðar.

Vel færi á því að greinarhöfundur hefði sjálfur að leiðarljósi heiðarleika í anda sjálfseftirlits vísindasamfélagsins við þessi skrif sín og sérfróða menn til að ritrýna skrif sín. Hann gefur sér forsendur eða kann ekki að reikna út frá staðreyndum en hikar samt ekki við að draga gífuryrtar ályktanir af öllu saman. Slík vinnubrögð teljast vonandi hvorki sérlega heiðarleg né vísindaleg – og um það erum við Kári væntanlega sammála.

Tölur um útflutningsverðmæti makríls eru í gögnum Hagstofu Íslands og tölur um aflamagn hjá Fiskistofu. Hvoru tveggja er aðgengilegt öllum en kallar á heimavinnu. Það flækir málið að hluti makrílaflans endar í bræðslu, bæði skemmdur fiskur og afskurður. Þá stærð þarf að reikna sem afleidda og þeir sem treysta sér ekki til þess en vilja vanda til verka leita þá aðstoðar sér fróðari manna.

Ég aflaði gagnanna og í ljós kom að útflutningsverðmæti makríls frá Íslandi nam tæplega 200 milljörðum króna á árunum 2006 til 2018, á verðlagi hvers árs. Þau ár sem Kári miðar við nam útflutningsverðmætið liðlega 130 milljörðum króna og heildaraflinn var liðlega ein milljón tonna.

**Með nákvæmari heimavinnu, gúggli og kannski símtali við japanskan vin, hefði Kári getað fengið upplýsingar um makrílverð í Japan. Þá vissi hann nú að verð á makríl í stærri og verðmeiri flokkum sveiflaðist á tímabilinu um 160-360 jen á kílóið.**

Þetta jafngildir um 130 krónum að meðaltali á hvert kíló eða um 120 japönskum jenum á kílóið, sem er meðalverð þess makríls sem landað er. Ef við bætum við 300 milljörðum króna, sem Kári svo smekklega staðhæfir að útgerðarmenn hafi stolið, ætti útflutningsverðmætið að vera 430 milljarðar króna og meðalverð um 430 krónur á kíló eða jafnvirði nær 390 jena.

Með nákvæmari heimavinnu, gúggli og kannski símtali við japanskan vin, hefði Kári getað fengið upplýsingar um makrílverð í Japan. Þá vissi hann nú að verð á makríl í stærri og verðmeiri flokkum sveiflaðist á tímabilinu um 160-360 jen á kílóið. Japanir kaupa mikið magn á lágu verði og halda birgðir en kaupa sem minnst á háu verði. Ég hef yfirlit um verðþróun en ekki magn en tel líklegt að meðalverð sé 210-270 jen.

Þegar hér er komið sögu blasir við að Kári gefur sér 50–80% hærra afurðaverð en kröfuhæsti markaður veraldar greiðir fyrir stærsta og besta makrílinn! Útreikningar mannsins eru því hreint og klárt rugl en ég læt mér samt ekki sæma að kalla hann rugludall. Það er orðbragð sem aðrir telja brúkhæft í opinberri umræðu. Sama á við um landráðabrigslin.

Nýlega hlustaði ég á lestur Stefáns Jónssonar, föður Kára, upp úr bók sinni, Að breyta fjalli. Hún er snilldarverk að frásögn og stíl og einkar hlý saga bernskuára höfundar. Ég má til með að vísa til bókarinnar þegar ég segi að ég erfi hvorki fljótfærni né flumbrugang í skrifum Kára frekar en afi hans erfði við Stefán, föður Kára, þegar hann (Stefán) vildi hjálpa til og skaut jarpa gæðingshryssu frá Árnanesi, sem nágranninn átti, í misgripum fyrir jarpan afsláttarklár sem faðir hans hafði keypt til að lóga fyrir heimilið.

Öllum verður eitthvað á í lífinu en flestum er gefið að bæta ráð sitt.

# BORGIN ER Í OKKAR HÖNDUM

## Við styðjum samninganefnd okkar í Eflingu!

### Okkar vinna heldur borginni gangandi.

Við þrífum, fegrum og viðhöldum borginni, eldum mat, sinnum heimaþjónustu, önnumst börn, aldrað og fatlað fólk.

Það er einlægur metnaður okkar að veita sem besta þjónustu og geta unnið af fagmennsku við að hlúa að íbúum borgarinnar og umhverfi. Þrátt fyrir það erum við á lægstu launum og undir sífellt meira álagi.

Eftir áralangan niðurskurð krefjumst við leiðréttingar líkt og efri lög í samfélaginu hafa hlotið.

Tryggja þarf aukna mönnun, styttri vinnuviku og rækilega launahækkun svo við getum sinnt störfum okkar af alúð og virðingu og látið enda ná saman.

Við hvetjum borgina til að sýna sama metnað í verki og við með auknum fjárveitingum. Samningar okkar hafa nú verið lausir frá því í apríl.

**Við stöndum þétt við bakið á samninganefnd Eflingar og skorum á samninganefnd Reykjavíkurborgar að ganga að kröfum okkar og semja án tafar! Reykjavík er í okkar höndum!**

*Undirrituð, félagar Eflingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg*

EFLING
STÉTTARFÉLAG

# Verður kjúklingabóndi í Mosfellsbæ

**Gunnar Magnússon ákvað í sumar að þetta yrði síðasta tímabil hans með Haukum. Í gær var svo tilkynnt að hann taki við liði Aftureldingar. Gunnar segist hlakka til komandi tíma í Mosfellsbæ og kveðja Hauka með reisn og vonist til að starfa aftur þar á bæ.**

**HANDBOLTI** „Auðvitað finnst einhverjum þetta skrýtið að vera að þjálfa Hauka en vera búinn að ákveða að þjálfa annað lið á næsta tímabili en svona er þessi bransi. Þetta er starfið mitt og undirbúningstímabilið er stutt og tíðindin gerast oft yfir tímabilið,“ segir Gunnar Magnússon, þjálfari Hauka, en í gær var tilkynnt að hann tæki við Aftureldingu eftir tímabilið.

Einar Andri Einarsson hættir eftir yfirstandandi keppnistímabil, þegar samningur hans rennur út, eftir sex ár í Mosfellsbænum og tekur Gunnar við hans búi. „Það hjálpar að taka við góðu búi og það einfaldar ákvörðunina mikið. Einar Andri er búinn að gera frábæra hluti síðustu ár og liðið er að berjast um alla titla.

Við erum góðir félagar og hann hvatti mig til að taka við af sér. Það hjálpaði mikið. Ég tók við góðu búi hjá Haukum á sínum tíma og geri það aftur núna. Ég þekki líka til í baklandi UMFA og það er mikill metnaður í Mosfellsbæ og þess vegna er ég kominn þangað.“

Gunnar tók við Haukum af Patreki Jóhannessyni árið 2015 eftir að hafa gert ÍBV að Íslands- og bikarmeisturum. Liðið varð deildar- og Íslandsmeistari árið 2016 og deildarmeistari á síðasta tímabili. Haukar eru efstir eftir 14 umferðir og var Gunnar valinn besti þjálfari fyrri hluta mótsins í uppgjörsþætti Seinni bylgjunnar sem tekinn var upp á Ölveri. Enginn leikmaður Hauka komst þó í úrvalslið fyrri hlutans sem mörgum þótti skrýtið. „Miðað við að við erum á toppnum og slógum Val út úr bikarnum þá fannst mér einhver af mínum leikmönnum eiga skilið sæti í því liði. Ekki að þeir sem voru valdir áttu það alveg skilið en ég var smá hissa að toppliðið fengi ekki einn fulltrúa. Kannski endurspeglar þetta það sem ég hef verið að segja í vetur – okkar styrkleiki er liðsheildin. Það er kannski ekki einstaklingsgæði sem hafa verið að skila okkur á toppinn heldur liðið. Það hafa margir lagt í púkkið.“




**Gunnar tók við Haukum af Patreki Jóhannessyni árið 2015 eftir að hafa gert ÍBV að Íslands- og bikarmeisturum árið áður. Liðið varð deildar- og Íslandsmeistari árið 2016 og deildarmeistari á síðasta tímabili.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Ákveðið í sumar

Gunnar segir að hann hafi tekið ákvörðun um að róa á önnur mið í sumar. „Þegar maður er þjálfari, sama í hvaða íþróttagrein það er, þá er alltaf ákveðinn kúnst að þekkja sinn vitjunartíma. Ég vildi finna rétta tímapunktinn og hætta með sæmd. Ég er enn þá ungur og á nóg eftir og get þá komið aftur í Hauka. Það eru forréttindi að starfa fyrir þetta félag sem er að mínu mati stærsta handboltafélag á Íslandi. Það er ótrúlega gott að vera hérna.“

Hann segir að það sé engin tilviljun að Haukar séu búnir að vera á toppnum í mörg ár, metnaðurinn sé mikill og umgjörð og starfsfólk fyrsta flokks. „Það er ekkert verið að fara á bak við einn né neinn og allir hafa vitað hver mín staða væri. Mér finnst betra að vera heiðarlegur, bæði gagnvart stjórn og leikmönnum. Mér fannst mikilvægt að skilja vel við Hauka enda hefur okkar samstarf verið gott. Í þessu starfi er það ekki sjálfsagður hlutur að geta skilið vel við liðin.“

> Ekki að þeir sem voru valdir áttu það alveg skilið en ég var smá hissa að toppliðið fengi ekki einn fulltrúa. Kannski endurspeglar þetta það sem ég hef verið að segja í vetur – okkar styrkleiki er liðsheildin.
>
> Gunnar Magnússon

### Spennandi landslið

Gunnar er einnig aðstoðarþjálfari Guðmundar Guðmundssonar hjá íslenska landsliðinu sem mætir til undirbúnings fyrir EM í handbolta á Þorláksmessu. Liðið heldur til Þýskalands 3. janúar þar sem það mun spila gegn Þjóðverjum í Mannheim þann 4. janúar.

Eftir vináttuleikinn gegn Þjóðverjum kemur liðið aftur heim og æfir þar allt þar til það fer á EM þann 9. janúar. Fyrsti leikur liðsins á EM verður laugardaginn 11. janúar gegn Dönum í Malmö.

„Við erum að koma með spennandi lið og við erum komnir með góða blöndu af yngri og eldri leikmönnum. Það er ljóst að það eru spennandi ár fram undan. Þessi kynslóð er feikilega öflug. Riðillinn er erfiður og getur farið á ýmsa vegu en við erum spenntir.

Jólin verða hefðbundin með fjölskyldunni. Ég fæ frí um hátíðarnar en þær eru þó að miklu leyti helgaðar æfingum og undirbúningi fyrir EM.“ **benediktboas@frettabladid.is**







**Það er aldrei skortur á látum þegar þessi lið mætast.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Leikið í skugga mótmæla

**FÓTBOLTI** Í kvöld verður vonandi flautað til leiks í viðureign Barcelona og Real Madrid í toppslag spænska boltans á Nývangi. Gífurlegar öryggisráðstafanir eru í Barcelona-borg fyrir leikinn og munu leikmenn liðanna vera á sama hóteli áður en haldið verður á völlinn í ómerktum rútum. Fyrir leikinn eru liðin jöfn með 35 stig á toppi deildarinnar.

Real Madrid flýgur í dag til Barcelona en þeir hafa gefið það út að liðið muni ekki yfirgefa flugvélina nema öryggi allra um borð verði tryggt. Leikurinn átti að vera 26. október en var frestað vegna óeirða á götum Barcelona eftir að níu pólitíkusar frá Katalóníu voru settir í járn.

Liðin munu verða hvort á sinni hæðinni á Princesa Sofia hótelinu og ferðast í ómerktum rútum á völlinn. Venjulega koma leikmenn Barcelona á sínum eigin bílum á heimaleiki en nú var ákveðið að liðið yrði samferða. Tsunami Democratic hefur aftur boðað mótmæli fyrir utan völlinn og í nágrenni hans og er búist við 18 þúsund manns.

Barcelona hefur unnið sex El Clasico í röð gegn Real Madrid í deildinni og reyndar eru tapleikirnir aðeins fjórir í síðustu 22 deildarleikjum liðanna. **– bb**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 18. desember 2019

47. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
TUDOR
TAGHeuer
LONGINES
NOMOS GLASHÜTTE
TISSOT




Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is




# Vilja umturna markaðinum

Íslenska lyfjafyrirtækið EpiEndo vinnur að þróun lyfs við lungnaþembu sem gæti orðið fyrsta íslenska frumlyfið. Stefna á markað sem veltir mörgum milljörðum dala á ári. Þurftu að treysta á fjármögnun frá einstaklingum. 6

**Þeir fyrstu sem komu inn sættu sig við það að skyggnið inn í framtíðina var slæmt.**

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



»2

## Coripharma sækir sér tvo milljarða í hlutafé

Lyfjafyrirtækið vinnur að því að klára hlutafjáraukningu upp á 15 milljónir evra. Fjármögnunin nýtt við þróun á eigin samheitalyfjum. Félögin Brimgarðar, Stálskip og Eldhrímnir hafa bæst í hluthafahópinn.

»4

## Viðmið lífeyrissjóða orðið harla hátt

Viðmið um 3,5 prósenta ávöxtun lífeyrissjóða getur leitt til vanmats á skuldbindingum þeirra upp á tugi prósenta ef vextir lækka áfram. Eignir sjóðanna með styttri meðallíftíma en skuldbindingarnar. Gætu þurft að fjárfesta meira í áhættusamari eignum.

»10

## Áhrifamáttur vaxta

„Í Evrópu hafa mjög lágir vextir verulega laskað bankakerfið, og benda nýlegar rannsóknir til þess að of lágir vextir hamli útlánavexti banka," segir Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku, í aðsendri grein.


OAKLEY

Tilvalið í jólapakkann




Oakley-hjálmar, margar gerðir og litir verð frá kr. 20.900

Oakley-skíðagleraugu, margar gerðir, verð frá kr. 7.900

Ray-Ban



RB3025 kr. 16.900
Litir: 001/51, G 15 L0205

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Lífeyrissjóðir með minna en 15 prósent af veltunni

Þrátt fyrir að íslensku lífeyrissjóðirnir eigi stóran hluta af þeim félögum sem mest viðskipti eru með í Kauphöllinni má einungis rekja um 8-15 prósent af markaðsveltu til sjóðanna. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í grein Bryndísar Ásbjarnardóttur, forstöðumanns þjóðhagsvarúðar hjá Fjármálaeftirlitinu, í nýútgefnum Fjármálum sem er vefrit eftirlitsstofnunarinnar.

**13%**

**er hlutur erlendra fjárfesta í Kauphöllinni.**



Bryndís Ásbjarnardóttir.

„Allar líkur eru á að stórar stöður sjóðanna á verðbréfamarkaði dragi úr skilvirkni hans með því að grynnka viðskiptin,“ skrifar Bryndís. Hún segir að lífeyrissjóðir geti haft jákvæð og neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika. Þar sem sjóðirnir eru langtímafjárfestar, og fjárfestingar þeirra byggja á sjóðsöfnun, geti þeir staðist áföll á fjármálamarkaði ólíkt öðrum fjárfestum.



„Hins vegar getur víðtækt umfang þeirra á íslenskum fjármálamarkaði haft áhrif á veltu á markaði og skilvirkni hans og þar með fjármálastöðugleika,“ segir Bryndís sem tekur fram að veltuhraði á hlutabréfamarkaði hafi almennt farið vaxandi á undanförnum misserum og megi teljast viðunandi miðað við stærð markaðarins.

„Þó eru tilkynnt viðskipti hér á landi sem samið er um utan tilboðabókar yfir 60 prósent af öllum viðskiptum sem þýðir að tilboðabækur eru mjög grunnar,“ skrifar Bryndís.

Þá kemur fram í grein Bryndísar að bein aðkoma einstaklinga að verðbréfaviðskiptum hafi verið lítil á undanförnum árum og sé nú fjögur prósent á hlutabréfamarkaði. Sú hlutdeild kunni að aukast ef tillögur í hvítbók ríkisstjórnarinnar um að gefa skattalega hvata til almennings til að kaupa hlutabréf verða að veruleika. Hlutur erlendra fjárfesta er um 13 prósent og er lágur í alþjóðlegum samanburði. Á hinum Norðurlöndunum er hlutfallið um 40 prósent.

„Ætla má að sterk staða þjóðarbúsins ætti að gera Ísland álitlegan fjárfestingarkost á komandi misserum,“ skrifar Bryndís og nefnir í því samhengi að innkoma íslenska markaðarins í alþjóðlegar vísitölur á borð við MSCI geti opnað dyr fyrir erlenda sjóði og innleiðing Nasdaq á nýju uppgjörskerfi á næsta ári muni auðvelda aðgengi að markaðinum. Þá vekur hún athygli á því að flókt á hlutabréfamarkaði hafi ekki aukist eftir að fjármagnshöftum var aflétt og fylgni við erlenda markaði hafi ekki aukist.

„Þessi litla fylgni ætti, út frá sjónarmiði áhættudreifingar, að gera fjárfestingu á innlendum hlutabréfamarkaði að álitlegum kosti fyrir alþjóðlega fjárfesta,“ skrifar Bryndís. **– þfh**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.,** Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang **hordur@frettabladid.is** | Sími **550 5051**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is




# Coripharma sækir sér tvo milljarða í hlutafé

**Lyfjafyrirtækið að klára hlutafjáraukningu upp á um 15 milljónir evra. Fjármögnunin nýtt til að kosta þróun á eigin samheitalyfjum. Fjárfestingarfélögin Brimgarðar, Stálskip og Eldhrímnir bættust í hluthafahópinn fyrr á árinu.**

Lyfjafyrirtækið Coripharma, sem er í eigu stjórnenda félagsins og hóps íslenskra fjárfesta, vinnur nú að því að ljúka samtals 15 milljóna evra hlutafjáraukningu, jafnvirði um tveggja milljarða króna, en fjármögnunin verður nýtt til að standa undir kostnaði við þróun á eigin samheitalyfjum á komandi árum.

Bjarni K. Þorvarðarson, forstjóri og einn af stærstu eigendum Coripharma, segir í samtali við Markaðinn að hlutafjársöfnunin sé langt komin og að gert sé ráð fyrir að hún muni klárast í næsta mánuði. Núverandi hluthafar hafa samþykkt að koma með drjúgan hluta fjármagnsins, eða um þriðjung, en þá munu einnig aðrir fjárfestar, einkum efnamiklir einstaklingar, bætast í hlutahafahóp Coripharma með því að leggja lyfjafyrirtækinu til aukið hlutafé.

Miðað við gengið í hlutafjárútboðinu er heildarvirði (e. enterprise value) Coripharma um 5,5 milljarðar króna. Það er fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka sem hefur umsjón með hlutafjáraukningunni og hefur bankinn síðustu tvær vikur haldið kynningar fyrir einkafjárfesta og fjárfestingarsjóði, samkvæmt heimildum Markaðarins. Gert er ráð fyrir að ársávöxtun fjárfestingarinnar (e. IRR) verði á bilinu 20 til 26 prósent fram til ársins 2023.

Á seinni hluta næsta árs, útskýrir Bjarni, hyggst félagið sækja sér um 20 milljónir evra til viðbótar og horfir þá til stofnanafjárfesta og erlendra fjármálastofnana. Áformað er að sú fjármögnun verði í formi millilagsfjármögnunar, en ekki hlutafjáraukningar, og að heildarfjárþörf Coripharma til næstu þriggja ára verði þá í kjölfarið tryggð.

Coripharma hóf undirbúning verktökuframleiðslu á lyfjum fyrir alþjóðleg lyfjafyrirtæki með kaupum á verksmiðju Actavis í Hafnarfirði á miðju síðasta ári. Við kaup þess á lyfjaþróun Actavis í maí á þessu ári eignaðist Coripharma allar þróunar- og framleiðslueiningar Actavis á Íslandi og starfa þar nú tæplega 100 starfsmenn en nær allir eru fyrrverandi starfsmenn Actavis. Coripharma vinnur nú að þróun átta lyfja og kemur fyrsta þeirra á markað eftir tvö ár þegar einkaleyfi þess rennur út, að sögn Bjarna.



**Bjarni K. Þorvarðarsson, forstjóri Coripharma.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**5,5**

**milljarðar króna er heildarvirði lyfjafyrirtækisins miðað við gengið í hlutafjáraukningunni.**

Við kaup Coripharma á lyfjaþróunarsviði Actavis fyrr á árinu var hlutafé félagsins aukið um 10 milljónir evra. Á meðal nýrra fjárfesta sem bættust þá í hluthafahópinn, samkvæmt heimildum Markaðarins, voru fjárfestingarfélögin Stálskip, Brimgarðar, sem eru í eigu systkinanna Eggerts Árna, Guðnýjar Eddu, Gunnars Þórs og Halldórs Páls Gíslabarna, og Eldhrímnir, en það er í eigu hjónanna Ingimundar Sveinssonar arkitekts og Sigríðar Arnbjarnardóttur, ásamt þremur börnum þeirra, og hagnaðist um marga milljarða í fyrra vegna sölu á hlut félagsins í fyrirtækinu The Icelandic Milk and Skyr Corporation, betur þekkt sem Siggi's Skyr.

Stærstu hluthafar lyfjafyrirtækisins eru hins vegar framtakssjóðurinn TFII, sem er í stýringu Íslenskra verðbréfa, félagið BKP Invest, sem er í jafnri eigu Bjarna og Kenneths Peterson, stofnanda Norðuráls, tryggingafélagið VÍS og Eignarhaldsfélagið Hof í eigu bræðranna Sigurðar Gísla og Jóns Pálmasona.

Samkvæmt viðskiptaáætlun Coripharma verða tekjur þess um 13,3 milljónir evra á næsta ári og afkoma félagsins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) neikvæð um 10,6 milljónir evra. Áætlanir gera hins vegar ráð fyrir að tekjurnar verði komnar í rúmlega 64 milljónir evra á árinu 2023 og EBITDA félagsins verði þá jákvæð um meira en 9 milljónir evra. Þá er búist við því að heildarvirði Coripharma verði á þeim tíma metið á um 155 milljónir evra, jafnvirði rúmlega 20 milljarða króna.

**hordur@frettabladid.is**

# Yfir 6 prósent af eignum LIVE í Marel

Eignarhlutur Lífeyrissjóðs verslunarmanna (LIVE) í Marel, bæði beinn og óbeinn í gegnum Eyri Invest, er metinn nú á samanlagt um 53 milljarða króna miðað við gengi hlutabréfa félagsins. Virði hlutarins, sem hefur hækkað um tæplega 70 prósent á árinu, nemur um 6,4 prósentum sem hlutfall af heildareignum sjóðsins í lok september en þær voru þá bókfærðar á samtals 832 milljarða.

**53**

**milljarðar er markaðsvirði beins og óbeins hlutar sjóðsins í Marel.**

Vægi hlutabréfaeignar lífeyrissjóðsins í Marel, sem hlutfall af heildareignum, hefur aukist um meira en helming frá því í árslok 2018. Þá var samanlagður eignarhlutur sjóðsins í Marel metinn á 30,6 milljarða og nam ríflega fjórum prósentum af heildareignum hans.

Þrátt fyrir að hafa selt lítinn hluta af bréfum sínum í Marel á árinu þá er sjóðurinn eftir sem áður næststærsti hluthafi fyrirtækisins, með um átta prósenta hlut, og er markaðsvirði hans rétt undir 40 milljörðum. Þá á Lífeyrissjóður verslunarmanna rúmlega 10 prósenta hlut í Eyri Invest, stærsta hluthafa Marels með fjórðungshlut, og er sá óbeini hlutur sjóðsins metinn á um 13 milljarða.

Samanlagður eignarhlutur lífeyrissjóðsins í Marel, sem er langsamlega stærsta fyrirtækið í Kauphöllinni með markaðsvirði upp á um 482 milljarða, er farinn að nálgast það að vera hátt í helmingur af innlendri hlutabréfaeign sjóðsins. Þannig var bókfært virði innlendra hlutabréfa Lífeyrissjóðs verslunarmanna í lok þriðja ársfjórðungs um 130 milljarðar og því er hlutabréfaeign sjóðsins í Marel rúmlega 40 prósent af þeim eignum.

Helstu lífeyrissjóðir landsins, sem allir eru á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Marels, hafa það sem af er þessu ári selt bréf í félaginu, samtals um 39 milljónir hluta, fyrir jafnvirði um 20 milljarða króna, eins og fjallað var um í Markaðinum síðasta miðvikudag. Þeir lífeyrissjóðir sem hafa selt hvað mest í Marel eru Gildi, Birta, LSR og Stapi. Samanlagður hlutur lífeyrissjóðanna í Marel, sem nemur um 28 prósentum, er metinn á um 137 milljarða. **– hae**



Gagnlegar jólagjafir
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
Hjólafesting á bíl
frá 3.995
Viðgerðar-kollur
7.495
Viðgerðarbretti
4.895
Jeppatjakkur 2.25T 52cm
12.995
49.999
Vélagálgi 2T
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
frá 1.999
Álskóflur
9.985
Vélastandur 500kg
AirBrush loftdæla
19.995
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
99.999
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
frá 795
Mikið úrval af verkfæratöskum
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
4.995
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
14.995
Ranamyndavél
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Verðmæta-skápar
frá 4.995
Sandkassa-grafa
4.995
Lyklabox í miklu úrvali
4.995
Verkfærasett
2.985
Barnaverkfærasett
Lím-byssur
frá 995
Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir
Flísasög 80mm
13.995
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
Útskurðarsett
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.995
SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:
Listverslun.is
2019 Framúrskarandi fyrirtæki
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Verðmeta Strax 90 prósentum hærra en markaðurinn

Strax, sem er í meirihlutaeigu Guðmundar Pálmasonar og Ingva Tómassonar, er verðmetið 90 prósentum hærra en markaðsverð í greiningu sænska fjárfestingarbankans Redeye, sem sérhæfir sig í norrænum vaxtarfyrirtækjum. „Við teljum að markaðurinn horfi fram hjá styrkleika viðskiptamódelsins og sögu Strax þegar kemur að vexti eigin vörumerkja,“ segir í nýju verðmati sem birt var á fimmtudaginn.

Markaðsvirði Strax, sem er skráð í sænsku kauphöllina, er um fimm milljarðar íslenskra króna. Guðmundur, sem er forstjóri félagsins, á 26 prósenta hlut og Ingvi, sem fer fyrir viðskiptaþróun, á 25,9 prósenta hlut. Guðmundur og Ingi eiga meirihluta í VISS sem býður farsímatryggingar og Ingvi er stjórnarformaður Hamborgarabúllu Tómasar sem faðir hans stofnaði.

Gengi hlutabréfanna er 3,2. Redeye verðmetur félagið á 6 krónur á hlut. Í greiningunni eru teiknaðar upp þrjár sviðsmyndir. Í svartsýnu spánni er verðmatsgengið fjórir og í þeirri bjartsýnu er gengið tíu.

Strax dreifir annars vegar aukahlutum fyrir farsíma, til dæmis heyrnartólum og hulstrum, og þróar hins vegar eigin vörumerki á sama sviði. Greinendur Redeye telja að öflugar dreifileiðir séu lykillinn að því að knýja áfram vöxt nýrra vörumerkja í eigu Strax. Enn fremur muni aukin áhersla á eigin vörumerki bæta framlegð. Strax horfi til þess að yfirtaka eitt fyrirtæki á ári.

Á árunum 2013-2018 jókst sala Urbanista um 54 prósent ári og tekjurnar námu 15 milljónum evra við árslok. Tekjur Gear4, sem hefur verið selt, jókst um 45 prósent á ári á tímabilinu og veltan nam 34 milljónum evra við sölu vörumerkisins. Strax framleiðir auk þess símahulstur undir merkjum Adidas.

**52%**

**er eignarhlutur hinna íslensku stjórnenda Strax.**

Í greiningunni kemur fram að fjárfestar telji, miðað við markaðsvirðið, að stjórnendum muni ekki takast jafn vel upp með önnur vörumerki í framtíðinni.

Guðmundur sagði í upphafi árs í viðtali við ViðskiptaMoggann að Strax hafi ráðist í þrjár yfirtökur frá skráningu á markað árið 2016. Einungis einu sinni hafi eigin bréf verið notuð sem gjaldmiðill því þeir telja að félagið sé undirverðlagt á markaðnum. Hann lét þess þó getið að afkoman hafi hvorki verið nægilega góð né stöðug að undanförnu og sagði enn fremur að áhættan í rekstrinum væri frekar mikil. – hvj

# Viðmið lífeyrissjóða orðið harla hátt

**Viðmið um 3,5 prósenta ávöxtun lífeyrissjóða getur leitt til vanmats á skuldbindingum þeirra upp á tugi prósenta ef vextir lækka áfram. Eignir sjóðanna með styttri meðallíftíma en skuldbindingarnar. Gætu þurft að fjárfesta meira í áhættusamari eignum.**

Lækkandi langtímavextir og vaxandi lífslíkur geta orðið til þess að skuldbindingar íslensku lífeyrissjóðanna verði verulega vanmetnar ef ekki er byggt á raunsæjum forsendum. Sjóðirnir geta þurft að fjárfesta í áhættusamari eignum í meiri mæli en áður til þess að eygja möguleika á að ná viðmiðum sínum um ávöxtun.

„Það er nauðsynlegt að forsendur lífeyrisskuldbindinga séu framsýnar og raunsæjar til þess að kerfið standist tímans tönn,“ segir Jón Ævar Pálmason, sérfræðingur í áhættugreiningu hjá Fjármálaeftirlitinu, í samtali við Markaðinn en hann ritaði grein um skuldbindingar lífeyrissjóðanna í nýútgefnum Fjármálum sem er vefrit eftirlitsstofnunarinnar.

Lífeyrissjóðir núvirða skuldbindingar sínar miðað við 3,5 prósenta vexti umfram verðbólgu en sú ákvörðun tók mið af útlánavöxtum Íbúðalánasjóðs á tíunda áratugnum. „Þegar þetta viðmið í reglugerðinni var ákveðið á sínum tíma þótti það varfærið. Síðan þá hafa vextir farið lækkandi hér á landi undanfarna áratugi, líkt og í nágrannalöndunum, og ef við berum þetta viðmið saman við vaxtakjör á verðtryggðum útlánum og ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa í dag þá er viðmiðið harla hátt,“ segir Jón Ævar.

Eignir lífeyrissjóða hafa ekki jafn langan líftíma og skuldbindingarnar, sem gerir lífeyrissjóði næma fyrir vaxtabreytingum að sögn Jóns Ævars. Meðallíftími skuldbindinga lífeyrissjóða er breytilegur eftir því hvernig hópur sjóðfélaga er samsettur. Lífeyrissjóðir sem hafa verið lokaðir nýjum sjóðfélögum hafa að jafnaði eldri sjóðfélaga og styttri meðallíftíma skuldbindinga. Skuldbindingar vegna loforða til yngri sjóðfélaga leiða til lengri meðallíftíma skuldbindinga. Í dæmigerðum opnum lífeyrissjóðum þar sem dreifing sjóðfélaga er í takt við aldursdreifingu þjóðarinnar má ætla að meðallíftími skuldbindinga liggi á bilinu 20 til 25 ár en að líftími eigna sé styttri.



Íslensku lífeyrissjóðirnir eigi nú þegar bróðurpart lengstu flokka bæði íbúðarbréfa og ríkisskuldabréfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ástæða til að hafa áhyggjur af vanmati

Síðustu tvo áratugi hafa forsendur um dánartíðni verið endurskoðaðar á þriggja til fimm ára fresti. Jón Ævar segir að það megi áætla að skuldbindingar lífeyrissjóðanna hafi að jafnaði aukist um 0,5 til 0,7 prósent á ári vegna aukins langlífis.

Í nóvemberhefti Fjármála árið 2015 var greint frá niðurstöðum athugunar á tryggingafræðilegri stöðu miðað við spá um áframhaldandi lækkun dánartíðni frá þeim tíma. Þar kom fram að áfallnar skuldbindingar lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðenda hefðu verið 9,8 prósentum hærri ef miðað væri við spá um áframhaldandi lækkun dánartíðni. Áfallnar skuldbindingar lífeyrissjóða með ábyrgð launagreiðenda, það er ríkis og sveitarfélaga, hefðu aukist um 7,8 prósent miðað við sömu forsendur.

„Þótt nýjustu tölur Hagstofu Íslands geti gefið vísbendingar um að dánartíðni hafi lækkað hægar allra síðustu árin en áratugina þar á undan þá er ástæða til að hafa áhyggjur af að lengri lífaldur leiði til að skuldbindingar sjóðanna séu vanmetnar,“ segir Jón Ævar.

Jón Ævar bendir á að takmarkað framboð sé af löngum verðtryggðum skuldabréfum og sjóðirnir eigi nú þegar bróðurpart lengstu flokka íbúðarbréfa og ríkisskuldabréfa.

„Lífeyrissjóðirnir hafa fjárfest í eignum sem eru að skaffa nægilega góða ávöxtun í dag en þegar kemur að því að endurfjárfesta gæti ávöxtunin sem þeir fá verið lægri en vextirnir sem skuldbindingarnar miða við,“ segir Jón Ævar. Sókn sjóðfélaga í lán á breytilegum vöxtum og þak á uppgreiðslukostnað neytendalána takmarkar einnig möguleika sjóðanna á að verja sig fyrir vaxtabreytingum, sem eykur vaxtaáhættu.

> **Þegar kemur að því að endurfjárfesta gæti ávöxtunin sem þeir fá verið lægri en vextirnir sem skuldbindingarnar miða við.**
>
> Jón Ævar Pálmason, sérfræðingur í áhættugreiningu hjá FME



Ef hæfilegt þætti að núvirða skuldbindingar miðað við 3 prósenta verðtryggða vexti mætti áætla að skuldbindingar dæmigerðra lífeyrissjóða ykjust um 10-13 prósent, að sögn Jóns Ævars, en eignirnar um 2-4 prósent. Ef miðað væri við 2 prósenta verðtryggða vexti gæti hækkun skuldbindinga numið tugum prósenta.

„Það þarf ekki að vera ókostur að lífeyrissparnaður sé að meira marki háður óvissu ef hægt væri að milda áhættu sjóðfélaga eftir því sem þeir nálgast eftirlaunaaldur. Verra væri ef matsforsendur sjóða vikju svo verulega frá raunverulegum aðstæðum að það leiddi til þess á endanum að ekki væri hægt að efna skuldbindingarnar,“ segir Jón Ævar í greininni.

Skuldbindingar vátryggingafélaga eru metnar í samræmi við vaxtastig á hverjum tíma en löggjöf um lífeyrissparnað á Íslandi hefur ekki fylgt þeirri þróun, sem orðið hefur á öðrum mörkuðum, að þessu leyti. Flest nágrannaríki meta einnig lífeyrisskuldbindingar út frá þeirri forsendu að næsta kynslóð lifi lengur en sú fyrri.

thorsteinn@frettabladid.is

# Dótturfyrirtæki Alvogen í Asíu skráð á hlutabréfamarkað

Lotus Pharmaceuticals, dótturfyrirtæki Alvogen í Asíu, var í vikunni skráð á aðallista kauphallarinnar í Taívan. Alvogen keypti meirihluta í fyrirtækinu árið 2013 og hefur síðan stutt við uppbygginguna þess og vöxt.

Lotus er í dag með starfsemi víða í Suðaustur-Asíu og sérhæfir sig í þróun og framleiðslu krabbameinslyfja og lyf eru fyrirtækisins einnig markaðssett á alþjóðlegum mörkuðum í gegnum samstarfsaðila.

Markaðsvirði Lotus er nú liðlega 120 milljarðar króna og hafa tekjur fyrirtækisins meira en fimmfaldast á síðastliðnum sex árum. Róbert Wessman, forstjóri Alvogen, tók við stjórnarformennsku Lotus fyrr á þessu ári.

Tilkynnt var um sölu Alvogen á starfsemi sinni í Evrópu til lyfjafyrirtækisins Zentiva fyrr á þessu ári. Í tilkynningu um viðskiptin var ekki greint frá væntu söluverði viðskiptanna sem formlega lýkur eftir áramótin en samkvæmt umfjöllun Reuters á síðasta ári má ætla að söluverð sé yfir 100 milljarðar króna. Í fjárfestakynningu kom fram að starfsemin hefði skilað tekjum upp á um 200 milljónir dala, sem jafngildir um 20,6 milljörðum króna, á árinu 2017.

**120**

**milljarðar er markaðsvirði Lotus en tekjur fyrirtækisins hafa fimmfaldast á síðastliðnum sex árum.**

Alvogen er í dag með starfsemi í 35 löndum og stærstu markaðir þess í Bandaríkjunum, Suðaustur-Asíu og Mið- og Austur-Asíu. Þá er Alvogen stór hluthafi í líftæknifyrirtækinu Alvotech sem er með höfuðstöðvar á Íslandi.

Í vetur var greint frá því að alþjóðlegi fjárfestingasjóðurinn YAS hefði gert samkomulag við Alvotech um kaup á nýju hlutafé og samstarfssamning um þróun, framleiðslu og sölu líftæknilyfja.

Virði samkomulagsins er um 45 milljónir Bandaríkjadala og felur í sér að Yas fái markaðsleyfi fyrir þrjú líftæknilyf sem eru í þróun hjá Alvotech og verða markaðssett á næstu árum. Yas verður jafnframt eigandi að 2,5 prósenta hlut í fyrirtækinu. – þfh


STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:
GULLÖLD
SVEIFLUNNAR
NÝÁRSTÓNLEIKAR Í ELDBORG
5. JANÚAR KL. 20.00
Björgvin Franz Gíslason
KK
Stína Ágústsdóttir
Sigurður Flosason
STJÓRNANDI & KYNNIR:
Sigurður Flosason

# Stefna á markað sem veltir milljörðum dala

**Íslenska lyfjafyrirtækið EpiEndo vinnur að þróun lyfs við lungnaþembu sem gæti orðið fyrsta íslenska frumlyfið. Stefna á markað sem veltir mörgum milljörðum dala á ári. Þurftu að treysta á fjármögnun frá einstaklingum og hafa nú safnað tæplega 1,1 milljarði króna í styrki og hlutafé. Fara í viðræður um fjárfestingu frá Evrópusambandinu eftir áramót. Fékk 340 milljóna styrk.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



> **Þeir fyrstu sem komu inn sættu sig við það að skyggnið inn í framtíðina var slæmt.**
>
> Friðrik Garðarsson

Hið íslenska frumlyfjaþróunarfyrirtæki EpiEndo Pharmaceuticals hlaut nú á dögunum 340 milljóna króna styrk úr sjóði nýsköpunarnefndar Evrópusambandsins (EIC) vegna þróunar á nýju frumlyfi gegn sjúkdómum í öndunarfærum á borð við langvinna lungnateppu og astma. Klínískar rannsóknir fyrirtækisins hafa komið vel út en fram undan er langt og strangt þróunarferli sem mun krefjast fjármagns í veldisvexti.

„Við höfum reynt að láta lítið fyrir okkur fara á opinberum vettvangi fram til þessa. Við höfum verið að þróa viðkvæm hugverk gagnvart lyfjaefnunum okkar og allar kynningar til fjárfesta og styrkjaumsóknir verið trúnaðarmál," segir Friðrik Garðarsson, læknir og stofnandi EpiEndo.

Frá stofnun hefur fyrirtækið safnað um átta og hálfri milljón evra, eða um 1,1 milljarði íslenskra króna, og stefnt er að því að fjármagna það aftur fyrir mitt ár 2020 um 750 til 1.000 milljónir íslenskra króna þar sem um 400 milljónir gætu komið úr sjóði EIC.

Forsöguna má rekja aftur til ársins 2006 þegar Ólafur Baldursson lungnalæknir, núverandi framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum, Þórarinn Guðjónsson, prófessor í líffærafræði, og félagar þeirra birtu niðurstöður rannsóknar sem sýndu að sýklalyfið, Azithromycin (Zithromax), hefði styrkjandi áhrif á þekjuna í öndunarfærum. Þetta var í raun eins og stór uppgötvun, þar sem lyfið er sýklalyf gegn bakteríum og á samkvæmt fræðunum ekki að breyta starfsemi líffæra mannsins.

„Niðurstöðurnar veittu mér innblástur þegar ég var enn þá í læknanámi. Þær urðu kveikjan að því að ég tengdist þeirri nýju hugmyndafræði sem er að rísa um þessar mundir og er sú að orsök ýmissa húð- og slímhúðarvandamála, þar með talinna öndunarvegasjúkdóma, sé lekaástand í húðþekjunni en ekki bólgurnar sem slíkar. Bólgurnar væru einkenni en húð- og slímþekjubresturinn orsökin," segir Friðrik Rúnar. Fyrirtækið er svo stofnað í janúar 2014 og hefur náð þeim þróunaráfanga að vera komið með ákveðna lyfjasameind í formlegt lyfjaþróunarferli.

Zithromax er eitt af fáum lyfjum sem bæla niður þráláta sjúkdóma í öndunarfærum. Almennt hefur verið talið að það sé vegna bólgueyðandi eiginleika en lyfin hafa vissulega slíka virkni. Aftur á móti virðist svo vera sem lyfin hafi einnig þekjueflandi eiginleika sem eru óháðir bólgueyðandi og sýkladrepandi eiginleikunum; og þaðan kemur sú gagnályktun að þekjubrestur sé ein af grundvallarorsökum þekjuvandamála. „Þetta er sú sýn sem hefur grundvallað þróunarstefnu okkar," segir Friðrik.

„Það má kannski lýsa þessu þannig að ef við líkjum bólgunni við gólfbleytu þá er búinn að vera pollur á gólfinu og við höfum í gegnum tíðina umgengist pollinn sem vandamálið. Það er búið að reyna að þurrka hann upp, blása hita á hann og meira að segja sprengja dýnamít fyrir utan húsið til þess að lækka grunnvatnsstöðuna; sem væri þá einhvers konar ígildi bælingar á ónæmiskerfinu til að draga úr bólgunum. Síðan koma einhverjir Íslendingar og segja: Það er kannski ekki gat á þakinu hérna sem sést með berum augum en það er að öllum líkindum leki í þakinu og við þurfum þakþéttiefni til að meðhöndla lekann," segir Friðrik.

„Orsök þess að sýklalyfið sjálft er ekki notað eins og það kemur fyrir til að meðhöndla þráláta öndunarvegasjúkdóma er sú að útbreidd langtímanotkun sýklalyfsins leiddi óumflýjanlega af sér myndun ónæmra bakteríustofna gegn sýklalyfinu. Það myndi hafa grafalvarlegar afleiðingar í för með sér á heimsvísu og nú þegar eru komnir upp stofnar af bakteríum, einkum innan sjúkrahúsa og í löndum þar sem aðgengi að sýklalyfjum er mun ótakmarkaðra en í þeim menningarheimi sem við tilheyrum, sem eru orðnir ónæmir og fella aldraða og fólk með fallvalta heilsu sem undir flestum kringumstæðum væri hægt að meðhöndla með þessari tegund sýklalyfja.

Því var frumforsendan sú að geta fjarlægt alla burði okkar nýju lyfjaefna til að drepa bakteríur en að þekjueflandi og bólgueyðandi eiginleikarnir viðhéldust auk þess sem lyfin yrðu örugg til langtíma inntöku. Þannig væri löngun markhópsins eftir lyfinu okkar best fullnægt og vilji heilbrigðisyfirvalda og lækna til að heimila lyfið og skrifa það út gulltryggður."

### Fyrsta íslenska frumlyfið

*Hafið þið náð að sinna allri þessari þróun hér á landi? Hefur þróun á frumlyfi áður gerst á Íslandi?*

„Við vitum ekki til þess nei, að frumlyf hafi verið þróuð á Íslandi áður. Einhverjir hafa haft þann ásetning en ekki tekist eins og oftast vill verða í þessum bransa. Aftur á móti hafa íslensk fyrirtæki gert góða hluti í iðnaði sem tengist lyfjaiðnaðinum á einhvern hátt. Til dæmis má nefna Kerecis og Oculis sem bæði hafa staðið í eftirtektarverðri þróun innan heilbrigðis- og lækningageirans og þessi fyrirtæki hafa að einhverju leyti að minnsta kosti haft sína þróun hérna heima," segir Friðrik.

„Við höfum náð að sinna megninu af því sem við þurftum að gera hérna heima, ótrúlegt en satt," segir Finnur Friðrik Einarsson, rekstrarstjóri EpiEndo.

„Við höfum notið þess að öll nauðsynleg aðstaða og sérþekking var til staðar í landinu og því gat fyrirtækið skotið rótum í þeim jarðvegi. Við hefðum aldrei komist á lappirnar nema vegna þess að Lífvísindasetur Háskólans gat þjónustað okkur, veitt okkur ráðgjöf og leigt okkur bæði starfsafl og rannsóknaraðstöðu. Þó að lyfjaefnin okkar hafi verið þróuð og smíðuð úti í Svíþjóð hafa allar rannsóknir sem rutt hafa þróunarbrautina verið gerðar hérna heima. Staðlaðar rannsóknir og athuganir á efnunum okkar, sem aðallega lúta að öryggis- og eitrunarathugunum bæði í tilraunadýrum og í rannsóknarlíkönum, hafa farið fram hjá erlendum þjónustuaðilum," segir Finnur.

„Þegar litið er til framtíðar munu nánast allar rannsóknir á þeirri vöru sem nú er verið að fara fram með fyrir langvinna lungnateppu verða framkvæmdar erlendis, þó einhverjar rannsóknir til að styðja við klínísku þróunina verði gerðar áfram hér. Áherslan heima næstu misserin verður á að undirbúa vöruþróun úr sama lyfjaflokki fyrir aðra markhópa með öndunarvegavandamál, svo sem börn á leikskólaaldri með viðkvæma öndunarvegi, sjúklinga með skerta öndunarhreyfingagetu vegna langvinnra sjúkdóma á borð við vöðva- og taugahrörnunarsjúkdóma eða lömunar og jafnvel, þegar fram líða stundir, fyrir fyrirbura sem fæðast of snemma og hafa afar viðkvæma öndunarvegi fyrstu vikurnar og jafnvel mánuðina eftir fæðingu," segir Friðrik.

„Enn fremur er það stefna félagsins að leita leiða og samstarfs við önnur fyrirtæki til að útvíkka þekjustyrkingarhugmyndafræðina yfir í sjúkdóma í öðrum þekjum en öndunarveginum svo sem slímhúðina í ristlinum og jafnvel exembólgur í húðþekjunni og teljum við yfirfæranleikann vera mjög raunhæfan, bæði af líf- og læknisfræðilegum sjónarhóli. Að minnsta kosti er það stefna okkar að byrja strax að leggja drög að framtíð okkar sem alvöru þróunarfyrirtækis með einstaka stefnu í samanburði við flóruna í frumlyfjaþróunarumhverfinu í dag."

### Lagði aleiguna undir

*En er þetta ekki dýrt ferli? Hvernig hefur gengið að fjármagna þróunina og hvernig metið þið horfurnar í þeim efnum?*

„Ég setti nú aleiguna mína í þetta, heilar fimm milljónir íslenskra króna, í byrjun til að starta þessu," segir Friðrik.

„Okkur tókst að safna styrkjum og þurftum að lifa á þeim fyrst um sinn áður en það tókst loksins að fá inn fjármagn síðla árs 2015. Fyrsti styrkurinn, Frumkvöðlastyrkur, kom frá Tækniþróunarsjóði um vorið 2014 og svo fengum við Verkefnastyrk, Styrk til hagnýtra rannsóknaverkefna og Vöxt frá RANNÍS og nema innlendir styrkir frá stofnun félagsins því rúmlega 150 milljónum íslenskra króna og það er í raun þannig að styrkveitingarnar hafa dregið að fjárfesta og því verið grundvallarforsenda þess að við höfum haft bolmagn í þróunina," segir Friðrik.

„Þeir fyrstu sem komu inn sættu sig við það að skyggnið inn í framtíðina var slæmt. Síðan hefur verið gerð meiri krafa um skýrari sýn á það hvernig þeir munu á endanum geta losað um fjárfestinguna. Fyrirtækið á Tækniþróunarsjóði Vísinda- og tækniráðs mikið að þakka og má segja að við værum ekki á þessum stað í dag ef við hefðum ekki fengið styrki þaðan. Einnig hefur munað um endurgreiðslu þróunarkostnaðar af hálfu stjórnvalda.

En við höfum rekið okkur á að fyrir utan Tækniþróunarsjóð er afar veikt fjárfestingabatterí í



Finnur Friðrik Einarsson rekstrarstjóri og Friðrik Rúnar Garðarsson, stofnandi lyfja

## Hafa skipað öflugt vísindaráð

*EpiEndo hefur átt auðvelt með að fá leiðandi vísindamenn til að koma að verkefninu. Hverjir eru þessir aðilar sem þið nefnið og hver er reynsla þeirra og hlutverk í félaginu?*

„Við erum með stjórnarformanninn Clive Page sem er prófessor í lyfjafræði við King's College London. Hans tengslanet liggur á efstu hæðum allra helstu stofnana á heimsvísu sem skipta sér af rannsóknum og meðhöndlun á öndunarvegasjúkdómum og það hefur verið fyrir hans milligöngu að við höfum getað mannað okkar vísindalega ráðgjafarráð með leiðandi álitsgjöfum á alþjóðasviðinu gagnvart öndunarvegasjúkdómum og meðhöndlun á þeim. Staðan er því sú að við njótum ráðgjafar sömu aðila við skipulagningu þróunar okkar og fyrirtæki á borð við AstraZeneca, Böhringer Ingelheim og GlaxoSmithKlein nota við sína öndunarvegalyfjaþróun og erfitt fyrir þessi fyrirtæki að andmæla því lofi sem þeirra eigin ráðgjafar bera á EpiEndo Pharmaceuticals.

Í vísindaráði fyrirtækisins situr meðal annarra Michael Parnham sem er prófessor í lyfjafræði við Goethe-háskólann í Frankfurt. Parnham var í þeim hópi sem þróaði sýklalyfið sem EpiEndo byggir lyfjaþróun sína á og hefur varið stórum hluta síns ferlis í að rannsaka bólgueyðandi áhrif þeirra á frumur ónæmiskerfisins. Þá eru tveir lungnalæknar í ráðinu, Professor emeritus Peter Barnes við Imperial College í London og professor Dave Singh við háskólann í Manchester, sem sitja einnig báðir í hinni alþjóðlegu GOLD-nefnd sem skilgreinir lungnaþembu og meðferðarúrræði við henni á alþjóðavísu," segir Friðrik.

# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 18. DESEMBER 2019



Piparkökuhús geta reynst foreldrum og aðstandendum öllum þrautin þyngri, einkum þegar kemur að því að líma þau saman. →4




Björn Þór Heiðdal, verslunarstjóri, hefur haft í nógu að snúast í Rúmföt.is í desember og horfir björtum augum til framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Með ólæknandi rúmfatadellu

Björn Þór Heiðdal í Rúmföt.is á Nýbýlavegi 28, segir sælla að gefa en þiggja. Hann sleit barnsskónum í Þvottahúsi A. Smith þar sem hann komst í tæri við dýrindis rúmföt og boðar nú fagnaðarerindi vandaðs rúmfatnaðar. →2





Í Rúmföt.is fæst glæsilegt úrval rúmfata og sérofinna koddavera við allra hæfi. Þau bæði gleðja og umvefja þá sem þiggja þau í jólapakka og sofa í þeim sælir á jólanótt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ég hef aldrei skilið verslanir sem koma fram við kúnna eins og ótakmarkaða auðlind,“ segir Björn Þór Heiðdal, verslunarstjóri í Rúmföt.is.

„Fyrir nokkrum árum fór ég í Kringluna og keypti mér par af skóm. Þegar ég var búinn að borga og gekk út um búðardyrnar með skóna í poka snerist mér hugur og vildi skipta yfir í aðra tegund. „Nei, ekki hægt,“ var svarið. „Við tökum ekki við notuðum skóm“,“ rifjar Björn upp en slík leiðindi fær fólk ekki að upplifa í verslunninni Rúmföt.is.

„Mitt mottó er að sælla er að gefa en þiggja. Bara í síðustu viku kom í búðina kona með ítölsk Quagliotti-rúmföt sem hún hafði fengið í jólagjöf í fyrra og spurði hvort hún mætti skipta þeim því liturinn passaði ekki. Það var auðvitað sjálfsagt og allir glaðir,“ segir Björn.

## Lúxus rúmföt frá Ítalíu

Talandi um ítölsk hágæða rúmföt, sem Björn segir að séu með þeim bestu í heiminum, þá var ný sending af Quagliotti-rúmfötum að lenda í Rúmföt.is.

„Quagliotti er heimsklassa vefari á Norður-Ítalíu, nánar tiltekið í Chieri, litlum smábæ fyrir utan Tórínó. Ég sel kannski ekki mikið af þessum rúmfötum því þau eru í dýrari kantinum en að sama skapi vönduð. Samt finnst mér gaman að bjóða upp á þau því þetta eru ein vönduðustu rúmföt sem ég hef komist í tæri við,“ segir Björn um Quagliotti-sængurfötin.

„Hótel á borð við Ritz í París, The Mark í New York, MGM í Macau, The Peninsula í Hong Kong og Armani í Mílanó bjóða gestum sínum upp á rúmfatnað frá þessum vandaða vefara á Ítalíu. Einnig sefur kóngafólk og stórstjörnur í Hollywood í Quagliotti,“ upplýsir Björn.

## Sængin leikur stórt hlutverk

Rúmföt.is selur einnig hágæða sængur frá Þýskalandi.

„Góð rúmföt skipta máli en



Rúmföt.is tók nýlega upp sendingu af dásamlegum barnarúmfatnaði.

> Mitt mottó er að sælla er að gefa en þiggja. Ég vil veita frábæra þjónustu og bjóða eitthvað fyrir alla.

sængin leikur líka stórt hlutverk í góðum nætursvefni. Sængin verður að vera létt en samt að hafa smá fyllingu og einangrun í samræmi við hitastigið í herberginu hjá manni. Sængurnar sem við seljum eru virkilega góðar og þó sængin kosti smá pening er hún þess virði. Dúnninn í sænginni er í mjög háum gæðaflokki og sama gildir um ytra byrðið,“ segir Björn með áherslu.

Vöruúrvalið hefur vaxið jafnt og þétt frá því Rúmföt.is var opnuð í október í fyrra.

„Eins og ég sagði hér áðan vil ég veita frábæra þjónustu og hluti af því er að hafa eitthvað fyrir alla. Við seljum heimasaumuð vöggusett úr 600 þráða ítölsku satíni sem Magga saumakona saumar af sinni alkunnu snilld. Einnig vorum við að fá skemmtileg krakkarúmföt í fullorðinsstærðum,“ upplýsir Björn.

## 90 ára reynsla

„Ekki að það skipti neinu höfuðmáli en við Margrét Guðlaugsdóttir saumakona búum samanlagt að nálægt 90 ára starfsreynslu sem tengist rúmfötum með einum eða öðrum hætti. Ég í gegnum þvott og innflutning á rúmfötum hjá Þvottahúsi A. Smith, sem afi minn stofnaði, og Margrét í gegnum sinn saumaskap, meðal annars fyrir Fatabúðina og fleiri búðir, en eftir að Fatabúðin hætti starfsemi hefur verið vöntun á almennilegum gæðarúmfötum og þeirri þörf svarar Rúmföt.is,“ segir Björn.

Í desember hefur verið mikið að gera í Rúmföt.is

„Já, og eiginlega meira en ég átti von á. Góður vinur minn, sem rak verslun á Laugaveginum í mörg ár, sagði að það tæki þrjú ár að kenna fólki á nýja búð. Með það í huga get ég ekki annað en litið björtum augum á framtíðina,“ segir Björn í jólaskapi.

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi. Sími 565 1025. Opið alla virka daga frá klukkan 11 til 15 og á laugardögum frá klukkan 11 til 15. Skoðið úrvalið á rumfot.is.



Jólarúmföt úr vönduðu satíni fást í úrvali fyrir alla í Rúmföt.is.



Ítalskur rúmfatnaður úr gæða damaski sem er sérofið fyrir Rúmföt.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,


JÓLAGJÖFIN HENNAR,
LAXDAL DRAUMAKÁPAN
DÚNÚLPUR - GLÆSIKJÓLAR
LOÐSKINNSKRAGAR - SPARIBOLIR - SILKISLÆÐUR - GJAFAKORT
LAXDAL SKIPHOLTI
- DÁSAMLEG DÖMUBÚÐ -
Fylgdu okkur á Facebook
BERNHARÐ
LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ
TRAUST Í 80 ÁR
Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Sement fyrir piparkökuhús

**Piparkökuhús geta reynst foreldrum og aðstandendum öllum þrautin þyngri, einkum þegar kemur að því að líma þau saman.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Upp er runninn sá árstími þegar ólíklegasta fólk lendir í störfum arkitekta, hönnuða, verkfræðinga og steypubílstjóra, já, tíð piparkökuhúsanna er gengin í garð. Margir foreldrar alls óreyndir í byggingarlist takast þau verkefni á hendur að hanna, sníða, blanda liti og búa til málningu, reikna burðarþol mismunandi piparkökuuppskrifta og fersentimetra girðinga og vindubrúa. Og jafnvel þótt húsið sé keypt í búð og skreytt án allra afskipta og ábyrgðar þá vofir alltaf yfir það vandasamasta af öllu: að líma húsið saman sem í næstbesta falli lýkur með því að húsið lítur út fyrir að standa á miðjum Atlantshafshryggnum í miðju kafinu á flekatilfærslum eða í mýri þar sem það líðast yfirvegað sundur og sekkur hægt og hljótt.

> Margir foreldrar lenda í hlutverki arkitekta og byggingameistara þegar kemur að piparkökuhúsum

Algengustu aðferðir við að líma saman piparkökuhús eru annars vegar að bræða sykur niður í fljótandi form og flýta sér svo að gluða honum á allar hliðar og klessa saman án þess að brenna sig alvarlega á sjóðheitum sykrinum áður en hann hleypur í hunangslita þræði og verður eins og gler. Og hins vegar að nota gæðaglassúr, sem á ensku kallast royal icing.

Nokkrar aðferðir eru til að gera hinn fullkomna límglassúr en þær eiga það þó flestar sameiginlegt að innihalda flórsykur og eggjahvítur. Stöku glassúr er bragðbættur með dropum, og eru þá möndludropar og vanilludropar algengastir, og litaður með matarlit þó að hvíti liturinn fari sérdeilis vel í hlutverk snjós á piparkökuhúsi um jól. Þá er ekki óalgengt að nota aðstoðarefni eins og cream of tartar sem heitir á íslensku vínsteinslyftiduft og er mikið notað til marensgerðar. Hér fá örvilnaðir foreldrar í piparkökuhúsanauð uppskrift að einu slíku húsalími.



Mest krefjandi samverustund fjölskyldunnar á aðventunni felst í piparkökubakstri. NORDICPHOTOS/GETTY

## Sement fyrir piparkökuhús

- 2 eggjahvítur
- 450 g flórsykur
- 3 eggjahvítur
- ½ tsk. vínsteinslyftiduft

Þeytið allt saman í sjö til tíu mínútur þar til toppar myndast. Glassúrinn á að vera eins og marenstoppur og jafn stífur. Berið þá rausnarlega á allar hliðar hússins, jafnvel með pokasprautu. Ef límið er ekki nógu þykkt er ráð að bæta örlitlum flórsykri við. Notið nógu mikið, þrýstið hliðum mátulega þétt saman og vonið það besta. Ef afgangur er af líminu er ráð að pakka því vel inn því annars er hætta á því að hörð skurn myndist.

Ef þetta virkar ekki og ekki heldur sykurlímið þá má alltaf seilast í límbyssuna og vonast til þess að enginn hafi lyst á að brjóta piparkökuhúsið og snæða eftir alla vinnuna við að búa það til. Þá getið þið á nokkrum jólum komið ykkur upp myndarlegu piparkökuhúsaþorpi.



Piparkökuglassúrlímið lítur út eins og snjór en bragðast talsvert betur.



Girnilegt smartíshlaðið piparkökuhús ber við stjörnubláan himin.



# Málmiðnaður

MIÐVIKUDAGUR 18. DESEMBER 2019

**Kynningar:** Málmaendurvinnslan, Ísaga




**Högni segir að Málmendurvinnslan sækist aðallega eftir góðmálmum eins og áli, ryðfríu stáli, kopar, brassi, járni og rafmagnsköplum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Umhverfisvernd borgar sig

Hjá Málmaendurvinnslunni geta einstaklingar og fyrirtæki losað sig við málmúrgang og fengið greitt fyrir verðmætin sem í honum liggja. Þannig er hægt að stuðla að sjálfbærni og fá borgað fyrir það. →2




**Málmendurvinnslan er lítið fyrirtæki með mjög litla yfirbyggingu og engar stórar vinnuvélar. Fyrir vikið getur það greitt betur fyrir málma en gengur og gerist og verðlistinn hefur vakið athygli.**

**Framhald af forsíðu**

Málmaendurvinnslan hóf starfsemi fyrir aðeins fjórum mánuðum, en fyrirtækið kaupir brotajárn og brotamálma, flokkar málminn og kemur honum svo í endurvinnslu í Hollandi.

Að sögn Högna Auðunssonar framkvæmdastjóra er fyrirtækið að bjóða fólki nýjan valkost þegar kemur að því að flokka og skila af sér úrgangi.

„Í dag hefur átt sér stað mikil vitundarvakning varðandi mikilvægi þess að flokka og skila rétt af sér úrgangi, en um leið hafa fyrirtæki og einstaklingar gert sér sífellt betur grein fyrir því að í málmum og öðrum úrgangi liggja heilmikil verðmæti,“ segir Högni.

„Fólk hefur vanist því að fara með dósir og flöskur í sérstaka móttöku til að fá greitt fyrir þær og nú býðst fólki að gera það sama með málma hjá okkur,“ segir Högni. „Það þarf því ekki lengur að fara með þetta í Sorpu, þar sem maður þarf jafnvel að borga fyrir að henda, heldur er hægt að koma til okkar með málmúrgang og fá greitt fyrir hann. Þannig er hægt að spara sér kostnað, skila rétt af sér og jafnvel græða fjárhagslega á umhverfisvernd, fyrir nú utan ávinninginn fyrir umhverfið.“

## Engar lágmarkskröfur og gott verð

„Við sækjumst aðallega eftir góðmálmum eins og áli, ryðfríu stáli, kopar, brassi, járni og rafmagnsköplum,“ segir Högni. „Við tökum líka á móti hvarfakútum úr bílum, sem geta verið mjög verðmætir. Á hverjum kút er númer sem segir til um verðmæti hans og við greiðum eftir því, en hver kútur getur verið allt að 12 þúsund króna virði.

Þar sem við erum lítið fyrirtæki með mjög litla yfirbyggingu og engar stórar vinnuvélar flytjum




**Hjá Málmendurvinnslunni er hægt að skila rétt af sér og stuðla þannig að sjálfbærni og jafnvel græða um leið fjárhagslega á umhverfisverndinni.**

> **Fólk hefur vanist því að fara með dósir og flöskur í sérstaka móttöku til að fá greitt fyrir þær og nú býðst fólki að gera það sama með málma hjá okkur.**

við út jafnóðum og við fyllum gáma. Fyrir vikið getum við greitt betur fyrir málmana en gengur og gerist,“ segir Högni. „Verðlistinn okkar hefur vakið mikla athygli og ótrúlega margir hafa sagt okkur að þeir hafi ekki haft hugmynd um að það væri hægt að fá greitt fyrir þennan úrgang. Við erum líka ekki með neinar lágmarkskröfur á magn, það er þess vegna hægt að mæta til okkar með eitt blöndunartæki.

Aftur á móti höfum við ekki aðstöðu til að taka á móti bílhræjum, stórum raftækjum eða spilliefnum,“ segir Högni. „Ísskápar eru til dæmis í flokki spilliefna.“

## Flokkun er framtíðin

„Í framtíðinni verður einfaldlega gerð krafa um að skila öllu rétt af sér, annars fellur til aukakostnaður,“ segir Högni. „Sem betur fer er vitundarvakning um mikilvægi umhverfisverndar, því við þurfum öll að vera sameinuð í henni. Við viljum því hvetja sem flesta til að koma til okkar svo við getum keypt eins mikið af brotamálmi og mögulegt er. Við vonumst svo til að geta stækkað starfsemi okkar þegar fram líða stundir.“

Nánari upplýsingar á www.malma.is. Sími: 519 9819 netfang: info@malma.is.




**Málmendurvinnslan gerir engar lágmarkskröfur um magn en hefur ekki aðstöðu til að taka á móti bílhræjum, stórum raftækjum eða spilliefnum.**

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, | Veffang: frettabladid.is


Gleðilega hátíð
Alcoa Fjarðaál óskar landsmönnum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.
Fjarðaál
alcoa.is
Alcoa

# Járnsmíði er frábært starf fyrir konur



Hallgerður Kata Óðinsdóttir er löggiltur arkitekt sem heillaðist af járnsmíði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Arkitektinn Hallgerður Kata Óðinsdóttir er ein fárra kvenna á Íslandi sem starfa við járnsmíði. Hún segir málma vera lifandi og heillandi efnivið, og að skapandi störf í járnsmíði séu skemmtileg og henti konum einkar vel enda séu þær fínni í höndunum.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Það er svo ótal margt spennandi við málma," segir Kata Óðinsdóttir, arkitekt, hönnuður og járnsmiður. Hún var á unglingsaldri þegar faðir hennar, Óðinn Gunnarsson í Járnsmiðju Óðins, bauð henni sumarvinnu við að bora 600 göt í stál.

„Pabbi spurði hvort ég vildi vinna mér inn sumarpening með því að sitja fyrir framan borvélina sumarlangt en svo fóru strákarnir í járnsmiðjunni að kenna mér að sjóða, renna og fleira skemmtilegt og ég mætti til vinnu í járnsmiðjuna sumarið á eftir því mér fannst svo gaman að vinna í málmum. Þannig vatt þetta upp á sig sem og brennandi áhugi á arkitektúr og hönnun því stór hluti viðskiptavina járnsmiðjunnar eru einmitt hönnuðir og arkitektar," segir Kata sem lauk grunnnámi í arkitektúr við Listaháskóla Íslands og fór þaðan í meistaranám í arkitektúr til Björgvinjar í Noregi.

„Ég lauk meistaranáminu 2016 og mætti þá aftur til vinnu í járnsmiðjunni því mér finnst vinnan svo skemmtileg og fjölbreytt. Engir tveir dagar eru eins, ég fer út um allan bæ til að mæla upp fyrir stálsmíði sem ég hanna, teikna og smíða, og set svo upp í húsum," útskýrir Kata.

### Harðir en sveigjanlegir

Járnsmiðja Óðins er sannkallað fjölskyldufyrirtæki.

„Pabbi stofnaði járnsmiðjuna árið 1986 og er enn að vinna hér á gólfinu með okkur eldri bróður mínum sem er stálsmíðameistari. Meira að segja mamma, sem er menntaður hjúkrunarfræðingur, fór að vinna á skrifstofunni í smiðjunni, en yngri bróðir minn starfar við að kortleggja sjávargrunninn hjá Hafrannsóknastofnun," upplýsir Kata og afi hennar var líka járnsmiður.

„Járnsmíði er víðfeðmt fag með marga anga og þannig starfa jafnt vélvirkjar, vélsmiðir, blikksmiðir, járnsmiðir, rennismiðir og stálsmiðir í faginu. Sjálf vinn ég við allar vélar, rennibekki og logsuðu, smíða og beygi járn og skapa úr því hvað eina sem hugann lystir," segir Kata sem hannar meðal annars handrið og stiga í hús, sem og margvíslega smásmíði og sérsmíði.

„Málmar eru einstaklega spennandi og lifandi efniviður. Þeir koma í svo mörgum litum, gerðum og afbrigðum og hægt að gera svo margt við þá. Ef rör er til dæmis gallað má slípa það og sjóða upp á nýtt og það verður eins og nýtt. Málmar spanna líka allan skalann, þeir eru í senn sterkir og harðir en líka sveigjanlegir og mjúkir, eins og kopar og messing. Þá skipta þeir litum og hægt að byrja á einum lit en enda með allt annan," upplýsir Kata.



Kata hannaði og smíðaði verðlaunagrip Reykjavík Feminist Film Festival.

### Skapaði verðlaunagrip

Á dögunum hannaði Kata og smíðaði verðlaunagrip fyrir kvikmyndahátíðina Reykjavík Feminist Film Festival, sem fram fer í janúar.

„Það var vilji aðstandenda hátíðarinnar að fá konu til að smíða verðlaunagripinn sem er nú tilbúinn og hinn glæsilegasti. Það tók hins vegar tíma að finna konu í verkið því við erum ekki margar starfandi við járnsmíði. Það er synd því þetta er töfrandi, skapandi og skemmtilegt starf sem hentar konum einstaklega vel. Þær eru yfirleitt aðeins fínni í höndunum og ráða því vel við ýmsa fínvinnu í málmsmíðinni," segir Kata.

> **„Við erum ekki margar konurnar sem störfum við járnsmíði. Það er synd því þetta er töfrandi, skapandi og skemmtilegt starf sem hentar konum einstaklega vel.**
>
> **Hallgerður Kata Óðinsdóttir**

### Smíðar eigin handklæðaofn

Verkefni Kötu í járnsmiðjunni eru fjölbreytt og skemmtileg.

„Það er óskaplega gaman í vinnunni. Hér fæ ég að teikna, hanna og smíða allt frá burðarbitum og súlum í veggi yfir í handrið og stiga og ýmislegt smálegt eins og mót og bakka fyrir kokkalandsliðið og sitt lítið af hverju. Málmur heldur alltaf velli þegar kemur að hönnun en tískan fer í hringi eins og í annarri tísku. Nú eru glerhandrið á útleið en vinsælt að nota svart, olíuborið stál í handrið og veggi. Með stáli er hægt að nota þynnra efni í verkið en þó með meiri styrk og burðargetu og rýmið nýtist betur. Ég hanna líka eftir hugmyndum fólks, eftir því sem það sér kannski á Pinterest og útfæri það fyrir heimili þess en íburðarmikil skrauthandrið eru ekki jafn vinsæl og á árum áður," upplýsir Kata.

Í síðustu viku fyrir jól má stundum sjá starfsfólk járnsmiðjunnar útbúa jólagjafir úr hinum ýmsum málmum.

„Við erum með plasmaskurðarvél sem er spennandi að skera út með og í gegnum árin hefur mér þótt gaman að sjá hvað strákarnir vinna í jólagjafir handa sínum nánustu. Það hafa verið kertastjakar, ljós og luktir á veggi, snagar, arnar en sjálf er ég að smíða mér handklæðaofn sem ég fann ekki í búðum. Svo pólýhúða ég hann eins og lög gera ráð fyrir en allt er þetta svo einfalt þegar maður kann það og jólagjafirnar verða auðvitað einstakar."

# Sérfræðingar um allan heim

**Ísaga er hluti af Linde sem er alþjóðlegt fyrirtæki. Ísaga framleiðir ýmsar lofttegundir eins súrefni, köfnunarefni og koldíoxið. Fyrirtækið býr yfir mjög yfirgripsmikilli þekkingu í málmiðnaði.**

Þann 14. janúar næstkomandi mun nafn fyrirtækisins breytast í Linde, sem er nafn móðurfyrirtækisins. Á Íslandi starfa um 30 manns en í allt starfa um 80.000 manns hjá Linde í um 100 löndum.

„Við erum alþjóðlegt fyrirtæki þó að við einbeitum okkur aðallega að innlendum verkefnum. Við njótum mikils stuðnings frá móðurfyrirtækinu, sérstaklega hvað varðar rannsóknir, þróun og sérfræðiþekkingu," segir Erik Larsson, forstjóri Ísaga.

„Við vinnum náið með ýmsum iðngreinum eins og málmiðnaði og matvælaiðnaði. Við vinnum líka fyrir heilbrigðisstofnanir með framleiðslu á lyfjalofttegundum, vörum og þjónustu þar að lútandi."



Erik Larsson, forstjóri Ísaga, segir að fyrirtækið vinni náið með ýmsum iðngreinum eins og málmiðnaði og matvælaiðnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Linde
Making our world more productive
A Member of The Linde Group
AGA

Mörg verkefni Ísaga tengjast málmiðnaði og Ísaga er í nánu samstarfi við slík fyrirtæki. „Við framleiðum ekki einungis gas fyrir þau heldur eigum við einnig í samstarfi um þróun og nýja tækni. Það sem við erum að horfa til er til dæmis notkun á eðalgösum og nýrri brennsluaðferð. Brennsluaðferðin kallast Oxyfuel, en þá er notað hreint súrefni sem eldsneyti. Einnig má nefna að súrefni til notkunar í fiskeldi er í miklum vexti," segir Erik.

Þegar kemur að málmiðnaði býr Linde yfir mikilli þekkingu á málmskurði og logsuðu. „Við miðlum þessari þekkingu til viðskiptavina okkar og kynnum þá fyrir nýrri tækni sem styrkir stöðu þeirra.

Nýlega stóð Ísaga fyrir málstofu fyrir viðskiptavini sína þar sem sérfræðingar Linde í Svíþjóð kynntu nýjar vörur. Þar á meðal nýjar MISON® blöndur, sem eru sérstakar gasblöndur notaðar sem hlífðargös fyrir Tig-suðu," útskýrir Erik.

„Önnur nýjung er LINDOFLAMM® sem eru sérstakir brennarar notaðir til að forhita málminn fyrir logsuðu eða skurð. Þá framleiðum við einnig ODOROX® sem er lyktarbætt súrefni. Með ODOROX® er hægt að uppgötva gasleka mun fyrr en ella. Í því felst mikið öryggi en það sparar líka fjármuni."


Fagmenn til sjós og lands
VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna er meðal stærstu fag- og stéttarfélaga landsins. Vélstjórar og málmiðnaðarmenn eiga margt sameiginlegt bæði í námi og á vinnumarkaði.
Kynntu þér málið á www.vm.is
Landsfélag í vél- og málmtækni

IÐNVÉLAR
allt fyrir málmiðnaðinn...

Smiðjuvegi 44-46 | 414-2700 | sala@idnvelar.is

HÁGÆÐA LAUSNIR FYRIR MÁLMIÐNAÐINN!
CNC ÍSLAND

CNC Ísland er leiðandi fyrirtæki í sölu, þjónustu og viðgerðum á tölvustýrðum rennibekkjum, fræsivélum og öðrum búnaði fyrir málmiðnaðinn.

**Hjá okkur færð þú meðal annars:**

- **DMG MORI** - Rennibekkir & fræsivélar
- **MAXION** - Borvélar
- **MEBA** - Bandsagir
- **KITO** - Talíur & kranar
- **Eni** - Iðnaðarolíur
- **DAREX** - Borabrýni
- **ESTA** - Lofthreinsibúnað

www.cncisland.is


Skútahraun 15A • 220 Hafnarfjörður • Sími 565 1190 • cncisland.is

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



**Að bræða málm og móta er árþúsunda gömul aðferð við að temja málm og beygja hann undir sig.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Málmur fylgir mannkyninu

## Flestar framfarir mannkyns, til að mynda í landbúnaði, stríðsrekstri, ferðalögum og jafnvel eldamennsku eru óhugsandi og ómögulegar án málma.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Gull var einn fyrsti málmur sem menn nýttu sér enda bæði auðfundið og sést vel , t.d. í lækjarfarvegum. Fólk þurfti ekki annað en að beygja sig niður og tína upp þessa steina sem virtust bera sólargeislana í sér. Hreint gull er líka mjúkt og auðvelt að móta það en gagnslaust í verkfæri svo þess vegna var það nýtt í skartgripi og seinna myntir. Elsta gullskart sem hefur varðveist er frá Egyptalandi um 3000 f. Kr. Kopar er harðari en gull og nýtist því í fleira. Hann virðist hafa verið notaður frá 7000 f.Kr. í verkfæri eins og hnífa og sigðir sem endast mun lengur en verkfæri úr steini. Kopar er einnig fallegur og líklegt að fyrst hafi honum verið safnað í þeim tilgangi en þegar einhver prófaði að henda koparklumpi á eldinn kom í ljós að koparinn bráðnaði og að mögulega væri þá hægt að steypa hann í mót. Þetta var gríðarlega þýðingarmikil uppgötvun og ekki síðri þegar öðrum steinum var hent í eld og í ljós kom að málmar sem voru fyrir í steinunum bráðnuðu og hægt var að nýta þá. Þá var farið að grafa eftir málmum og námagröftur lítur dagsins ljós í Evrópu um 4000 fyrir Krist. Í fjöllum liggja stundum saman æðar tins og kopars og þegar þessum tveimur málmum er blandað saman verður blandan harðari og sterkari en hvor málmurinn um sig. Brons lítur dagsins ljós og það bæði nýttist betur og entist lengur svo hægt var að búa til fjölbreyttari hluti. Brons virðist hafa verið notað fyrst í Súmer kringum 2800 fyrir Krist og svo breiddist það um heiminn, bæði vestur til Evrópu og austur til Kína þar sem fágætir bronsmunir hafa fundist. Þess má þó geta að brons var ekki á allra færi og alþýða manna notaði steinverkfæri langt inn í hina svokölluðu bronsöld.


**Kopar og brons var mikið notað til að steypa góða og gagnlega gripi fyrir mörg þúsund árum enda kopar notadrjúgurmálmur.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Málmvinnsla er talin eitt mikilvægasta skrefið í yfirráðum mannskepnunnar yfir umhverfi sínu.**

Næsta skref í þróuninni er vinnsla á járni sem hófst hjá Hittítum í Tyrklandi kringum 1500 fyrir Krist. Járn er algengasti málmur jarðar af þeim sem eru aðgengilegir en mun erfiðara er að vinna það en kopar eða tin. Bræðslumark járns er of hátt til að frumstæðir eldofnar ráði við að bræða það í sitt hreinasta form og því þarf að hita og berja járn til skiptis þar til það er nothæft. En barsmíðarnar gerðu það að verkum að fólk komst að því að járnið er hægt að móta án þess að þurfi að bræða það og hella í mót. Járn er ekkert sérstaklega nothæft til vopnagerðar vegna þess hversu deigt það er en með því að hita það með kolum og kæla svo og sjóða til skiptis fæst mun sterkari málmur þar sem kolefni úr kolunum flyst yfir í járnið. Þessi uppgötvun, stálið, var gerð á elleftu öld fyrir Krist. Stálið er bæði hægt að berja eins og járnið en einnig hægt að búa til beitt blöð og því taka stálvopn smám saman við af bronsvopnum. Það eru svo Kínverjar sem fyrstir bræða járn og steypa úr því um 500 fyrir Krist en sú tækni náði ekki til Evrópu fyrr en á elleftu öld. Seinna hafa fundist og komið fram aðferðir til að nýta fleiri málma úr jarðvegi en þeir sem nefndir eru hér að ofan.

*Heimild: www. Historyworld.net.*


FLEYGUR
STÁLSMÍÐI
HVERNIG KERRU VILT ÞÚ?
ÖLL ALMENN JÁRNSMÍÐI
VILTU FRELSI Á FJALLI MEÐ KERRUNA Í EFTIRDRAGI?
852-8300
FLEYGUR@FLEYGUR.IS

Vélsmiðja Suðurlands
Selfossi • Gagnheiði 5 • 482 1980



Glæsilegur bogadreginn stigi með íburðarmiklu handriði, rétt eins og í gömlum Hollywood-kvikmyndum.

# Stiginn getur verið andlit heimilisins

**Málmsmíði er fjölbreytt atvinnugrein. Innan greinarinnar eru stálsmiðir, rennismiðir, blikksmiðir og málmsuðumenn ásamt málmsteypumönnum.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Meðal þess sem járnsmiðir fást við eru stigahandrið sem yfirleitt setja mjög mikinn svip hvort sem er á heimili eða fyrirtæki. Tískan er margbreytileg þegar kemur að stigahandriðum og margar útfærslur hafa litið dagsins ljós í áratugi. Stiginn getur verið þungamiðja heimilisins þar sem hann er oft hluti af stóru rými, til dæmis opnum stofum. Í sumum húsum er stiginn það fyrsta sem ber fyrir augu gesta þannig að fólk vill að þeir séu glæsilegir.

> **Íslendingar hafa átt marga frábæra járnsmiði í gegnum aldirnar.**

Sumir vilja hafa gamaldags stigahandrið á meðan aðrir velja nýmóðins útlit. Sum stigahandrið hafa gríðarmikinn sjarma og íburð á meðan léttleiki er yfir öðrum. Undanfarið hefur mikið borið á gleri við stiga en alltaf þarf járn til að halda því uppi. Val á efnum og frágangur stigans hafa mikil áhrif. Vanda þarf til verksins hvort sem notað er tré, gler, steypa, akrýl, stál eða hvað annað.

Málmsmíði hefur þekkst á Íslandi frá örófi alda þrátt fyrir að hvorki nytjamálmar né steinkol séu hér í jörðu. Landsmönnum tókst engu að síður að smíða talsvert af nauðsynlegustu áhöldum úr málmi ásamt fögrum listgripum. Íslendingar hafa átt marga frábæra járnsmiði í gegnum aldirnar. Í gömlum húsum má oft sjá afar falleg stigahandrið, oft útskorin úr tré en einnig úr járni. Hér á myndunum má sjá nokkrar hugmyndir að stigahandriðum þar sem járn eða stál er notað.



Fallegur stigi þar sem tré og járn mætast. Léttleiki er yfir þessu handriði.



Hér er járnhandrið með skreytingu við tréstiga. Glæsilegt saman.



Stál og gler við parketklæddan stiga getur skapað létt og fallegt umhverfi.




MÁLMSMÍÐI

úr öllum gerðum af málmum
· Stál
· Ryðfrítt stál
· Ál

*Áratuga reynsla*









**Rennismíði og fræsivinna**
á öllum tegundum af málmum og plasti, m.a.:
- Málmfylling og slípun
- Öxlar
- Pottsuða
- O.fl.

**Ryðfrí stálsmíði**
fyrir matvælaiðnaðinn, m.a.:
- Sérsmíði
- Karahvolfarar
- Færibönd
- Flökunarlínur
- Öryggisbúr
- Stálborð
- O.fl.

KAPP leggur ríka áherslu á góða þjónustu og vandað verk enda eru einkunnarorð fyrirtækisins í stóru sem smáu
*„Þú finnur traust í okkar lausn"*

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI-& RENNIVERKSTÆÐI

MIÐHRAUN 2 · 210 GARÐABÆ · 587 1300 · KAPP@KAPP.IS · WWW.KAPP.IS

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

# icebreaker® MERINO

## Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.




Barna Oasis bolur
Verð 6.990 kr.

Barna Oasis leggings
Verð 6.990 kr.

Tech bolur barna
Verð 7.990 kr.

Tech leggings barna
Verð 7.590 kr.

Tech Lite herra
Verð 9.990 kr.

Tech Lite dömu
Verð 9.990 kr.

Oasis Crewe herra
Verð 13.990 kr.

**Frábærar- og hlýjar jólagjafir**



Descender rennd herra
Verð 27.990 kr.

Oasis hálfrennd dömu
Verð 15.990 kr.

Helix pils
Verð 14.990 kr.

Hanskar fyrir snertiskjá
Verð 5.900 kr.

Anatomica Boxers herra
Verð 6.590 kr.

Siren Tank
Verð 7.590 kr.

Yanni kjóll
Verð 14.990 kr.



Descender rennd dömu
Verð 27.990 kr.

Quantum rennd með hettu herra
Verð 24.990 kr.

Everyday leggings herra og dömu - Verð 11.990 kr.

Everyday Crewe dömu
Verð 11.990 kr.

Everyday hálfrennd herra
Verð 12.990 kr.



Vertex hálfrennd peysa - Verð 19.590 kr.

Vertex leggings - Verð 15.990 kr.

Oasis Crewe dömu - Verð 13.990 kr.

Oasis Crewe herra - Verð 13.990 kr.

## 100% Merino ull - Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir

Bolir, leggings, pils, jakkar, úlpur, sokkar, vettlingar, buff, nærföt, skyrtur og húfur.

**Opið virka daga: 10.00 - 18.00, laugardag 11.00 - 18.00, og sunnudag 11.00 - 18.00**

Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is

# GG•sport




Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# Lárpera er talin ofurfæða

Lárpera eða avocado er einn eftirsóttasti ávöxtur í heimi enda er hann talinn ofurfæða sem er stútfull af vítamínum, góðri fitu og kalíum. Lárperan er mikið notuð í mexíkóskan mat, sérstaklega guacamole.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Það eru til margar gerðir af lárperum, það er að segja, þær eru til í nokkrum litum og gerðum. Sagt er að lárpera innihaldi 20 ólík vítamín og steinefni. Þar má til dæmis nefna K-vítamín, A-, C-, B5-, B6- og E-. Einnig má finna í þeim magnesíum, sink, járn og fleira. Það er hægt að nota lárperu í ýmislegt við matargerð og fólk ætti í rauninni að hafa hana oftar í matinn. Hér koma nokkrar hugmyndir að réttum með lárperu.



Gróft brauð með lárperumauki, kotasælu, reyktum laxi og linsoðnu eggi. Flottur réttur í hádeginu og einfalt að útbúa. NORDICPHOTOS/GETTY

## Brauð með eggi og lárperu

Þetta er mjög einfaldur réttur sem passar vel að morgni eða í hádeginu. Uppskriftin miðast við einn.

1 egg
½ lárpera
Safi úr einum sítrónubát
Salt og pipar
1 sneið gróft brauð
1 msk. ferskar kryddjurtir

Sjóðið vatn í potti. Setjið eggið í sjóðandi vatnið og sjóðið í 6-8 mínútur fyrir linsoðið egg en 8-10 mínútur fyrir harðsoðið. Kælið undir rennandi köldu vatni.
Skerið lárperuna í tvennt og takið steininn úr. Takið kjötið úr hálfri lárperu og maukið það með gaffli. Bragðbætið með sítrónusafa, salti og pipar.
Smyrjið brauðið með lárperumaukinu og leggið eggið ofan á. Skreytið með ferskum kryddjurtum.

## Salat með lárperu

Það er mjög gott að útbúa ferskt salat með lárperubitum, kjúklingi eða túnfiski, eggjum, tómötum, agúrku og ólífum eða öðru því sem til er í ísskápnum. Einnig er gott að gera kalt pastasalat. Hér er uppskrift.

## Guacamole

Guacamole er mjög gott með taco, tortillum eða nasli en einnig í mexíkóska kjúklingasúpu. Í þessari uppskrift er hvítlaukur en hann er ekki alltaf hafður með.

2 vel þroskaðar lárperur
2 tómatar, fjarlægið innan úr þeim fræin og skerið smátt
1-2 pressuð hvítlauksrif
1 chili-pipar, fræhreinsaður, mjög smátt skorinn
½ rauðlaukur, smátt skorinn
Ferskt kóríander, smátt skorið
Safi úr einni límónu
Salt og pipar

Skerið lárperur í tvennt og fjarlægið steininn. Takið kjötið úr með skeið og maukið. Bætið við smátt skornum tómötum, lauk og hvítlauk. Blandið allt vel saman með gaffli og bætið síðan chili-pipar við blönduna. Ef þú vilt ekki hafa þetta of sterkt má minnka skammtinn. Loks er kóríander og límónusafa bætt við. Í lokin er maukið bragðbætt með salti og pipar.
Best er að bera maukið strax á borð.

## Pastasalat með tómat, lárperu og mozzarella

500 g pasta
250 g kirsuberjatómatar
2 lárperur
150 g mozzarella ostur
Ferskt basil
Salat
Salt og pipar
Dressing
6 msk. ólífuolía
2 msk. balsam
Salt og pipar

Gott er að setja líka chilli-pipar, hvítlauk og óreganó eftir smekk í dressinguna.
Sjóðið pasta eftir leiðbeiningum. Sigtið og skolið með köldu vatni. Hrærið saman því sem á að fara í dressinguna og hellið yfir pastað.
Setjið pasta í skál ásamt smá fersku salati, niðurskornum tómötum og mozzarellakúlum. Setjið ferskt basil saman við. Bragðbætið salatið með salti og pipar.



Hrökkbrauð með niðurskorinni lárperu og osti.



Kalt pastasalat með lárperu, tómötum, salati og fleiru.



Diskur með túnfiski, tómötum, papriku, lárperu, rauðlauk, gúrku og linsoðnu eggi.



Gróft brauð með lárperumauki og linsoðnu eggi er fínasti hádegisverður.



Guacamole og nasl.

ÞEIR ERU LOKSINS KOMNIR!
VINSÆLU KULDASKÓRNIR MEÐ MANNBRODDUMNUM




Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX




## Glæsilegar- og hlýjar jólagjafir



Argon úlpa dömu
Verð 35.990 kr.

Argon úlpa herra
Verð 35.990 kr.

Argon jakki dömu
Verð 34.990 kr.

Helium dúnúlpa m/hettu herra
Verð 39.990 kr.

Helium dúnúlpa m/hettu herra
Verð 39.990 kr.



Helium Hybrid dúnjakki m/hettu dömu
Verð 32.990 kr.

Helium dúnúlpa m/hettu dömu
Verð 39.990 kr.

Helium dúnúlpa m/hettu dömu
Verð 39.990 kr.

Helium Hybrid dúnjakki herra
Verð 31.990 kr.

Helium dúnjakki herra
Verð 37.990 kr.



Tomic úlpa m/hettu herra
Verð 34.990 kr.

Tomic úlpa m/hettu herra
Verð 34.990 kr.

Steve flannel skyrta
Verð 15.990 kr.

Moment dúnvesti herra
Verð 27.990 kr.

Moment dúnvesti herra
Verð 27.990 kr.

PeakPerformance®
er frábær útivistarfatnaður fyrir dömur og herra.



Ground derhúfa
Verð 4.990 kr.

Teton húfa
Verð 5.990 kr.

Retro derhúfa
Verð 5.990 kr.

Light Soft Shell buxur herra
Verð 29.990 kr.



**Opið virka daga: 10.00 - 18.00, laugardag 11.00 - 18.00, og sunnudag 11.00 - 18.00**

Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is

# GG·sport




Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Aukahlutir í bíla




## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994




## Keypt & Selt

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

---

**Sveitarfélagið ÁRBORG**

## Auglýsing
### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030.
**Stækkun íbúðabyggðar sunnan við Selfoss.**

Bæjarstjórn Árborgar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 samkvæmt 1.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér stækkun íbúðarsvæðis sunnan Selfoss og er breytt úr landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði.
Innan skipulagsreitsins er fyrirhugað að rísi íbúðarbyggð með blandaðri húsgerð fjölbýlishúsa, rað-, par- og einbýlishúsa, svipað og gert er ráð fyrir í Björkurstykki og hefð er fyrir á Selfossi. Þá er gert ráð fyrir að leikskóli rísi á svæðinu samkvæmt nánari staðsetningu í deiliskipulagi.

Breytingartillagan og umhverfisskýrsla verða til sýnis á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 19.desember n.k. til fimmtudagsins 30. janúar 2020 og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7b Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir.

Þeim sem sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til fimmtudagsins 30 janúar 2020.
Skila skal skriflegum athugasemdum á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 , 800 Selfoss.

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*

---

# Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**ráðum**
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

---




---

## Auglýsing um skipulagsmál í Hveragerði

HVERAGERÐISBÆR

### Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hreinsistöðvar í Hveragerði.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 12. desember 2019 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hreinsistöðvar skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Deiliskipulagssvæðið, sem staðsett er sunnan Suðurlandsvegar og austan Þorlákshafnarvegar, afmarkast af helgunarsvæði Suðurlandsvegar til norðurs, Varmá til austurs, landi Öxnalækjar til suðurs og athafnarsvæði við Vorsabæ til vesturs. Tillagan felur m.a. í sér breytingu á deiliskipulagsmörkum og aðkomu að svæðinu.

Breytingartillagan liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 og er þar til sýnis frá og með föstudeginum 20. desember 2019 til föstudagsins 31. janúar 2020. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi mánudaginn 3. febrúar 2020, annaðhvort á bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða í tölvupósti á netfangið gfb@hveragerdi.is

*Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar*

---

**Sveitarfélagið ÁRBORG**

## Auglýsing
### um deiliskipulag Austurvegar 52 – 60a á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 1.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi Austurvegar 52 – 60a á Selfossi.

Fyrirhugað skipulagssvæði afmarkast af Hrísholti í suðri, Rauðholti í vestri og Austurvegi í norðri. Í austri er afmörkunin við Merkiland og göngustíg á milli Austurvegar og Merkilands.

Byggðin innan svæðisins samanstendur að mestu leyti af 1-3ja hæða iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Með deiliskipulagi þessu er verið að þróa nánar götumynd Austurvegar og nágrennis.
Í gildi er deiliskipulag fyrir Austurveg 52, 52a og 54 samþykkt 13.október 1993. Fyrirhugað deiliskipulag mun leysa það skipulag af hólmi og ná auk þess austar með Austurveginum eða til og með lóð 60a, sem er lóð undir spennistöð. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Árborgar er skipulagssvæðið skilgreint sem miðsvæði. Markmiðið með deiliskipulagstillögunni er að þróa nánar götumynd við Austurveg og nágrenni, skapa aukið umferðaröryggi, skilgreina afmörkun lóða á svæðinu miðaða við breyttar forsendur, skilgreina byggingarheimildir innan lóða og uppfæra gildandi skipulag fyrir lóðir 52-54. Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem lóðablöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Byggingarnar skulu falla vel að umhverfinu og taka mið af annari byggð á svæðinu.

Teikning ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 19. desember 2019 til fimmtudagsins 30. janúar 2020.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út fimmtudaginn 30.janúar 2020 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning, greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir.
.

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*

**Við vitum ekki til þess nei að frumlyf hafi verið þróuð á Íslandi áður. Einhverjir hafa haft þann ásetning en ekki tekist.**

Friðrik Garðarsson



þróunarfyrirtækisins EpiEndo. Þeir gera sér væntingar um að það taki skemmri tíma að koma lyfinu á markað en hefðbundið er. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

nýsköpunarumhverfinu á Íslandi til að styðja við fyrirtæki eins og EpiEndo. Framan af nutum við þess að fá dreifðan hóp englafjárfesta að málinu með minni upphæðir en samfara nýjustu fjármögnun félagsins hefur komið inn meiri kjölfesta reyndra fjárfesta. Það var kannski eðlilegt á fyrstu stigum að stærri aðilar svo sem nýsköpunarsjóðir þyrftu góða atrennu að þessu máli þar sem þekking á frumlyfjaþróun er takmörkuð á Íslandi og ekki nægjanlegur slagkraftur á nýsköpunarsviði hér á landi,“ segir Friðrik.

„Ég ætla ekki að draga fjöður yfir það að það var erfitt ferli framan af að ná til fjárfesta og ná sér á þann stað sem við erum á núna. Það eru hins vegar skýr merki, sem við erum að sjá núna, um að líklega verður fjármögnun okkar mun auðveldari héðan í frá þrátt fyrir að mun hærri upphæðir séu undir, eins þversagnarkennt og það nú er. Við erum komnir á þann stað í þróun félagsins að sérhæfðir fjárfestar á þessu sviði fara að stíga þétt inn á sviðið,“ segir Friðrik.

## ▨ Áætlanir EpiEndo




**Langt í land**

*Hvernig er útlitið og aðstæðurnar á markaðnum fyrir lyfið ykkar og hvenær teljið þið að lyfið komist á markað og sjúklingar geti farið að taka það inn að læknisráði?*

„Við teljum aðstæðurnar fyrir lyfið okkar vart geta verið betri í ljósi þess að nú þegar er sterkt kall til staðar eftir „ósýkladrepandi“ afleiðu af Azithromycin (Zitromax) hjá bæði sjúklingum með þráláta öndunarvegasjúkdóma og samtökum lungnalækna um víða veröld,“ segir Friðrik.

„Aðstæðurnar á markaðnum eru þær að horfur sjúklinga með til dæmis langvinna lungnateppu hafa lítið batnað frá því um miðja síðustu öld og þau lyf sem helst eru notuð til að milda gang sjúkdómsins hafa takmarkaða getu til að vinna gegn framgangi sjúkdómanna og eru fyrst og fremst

**Ég ætla ekki að draga fjöður yfir það að það var erfitt ferli framan af að ná til fjárfesta og ná sér á þann stað sem við erum á núna.**

Friðrik Garðarsson

einkennamildandi. Aftur á móti hafa bæði berkjuvíkkandi lyf og nýrnahettusterar, sem mest eru notuð í dag til að meðhöndla þráláta öndunarvegasjúkdóma, svo víðtækar hliðarverkanir í líkamanum séu þau tekin inn um munn að frá árinu 1980 hafa þessi lyf meira og minna færst yfir í púst, til að komast hjá hliðarverkunum. Slíkur úðabúnaður er bæði dýr í framleiðslu og mengandi því bæði er hann búinn til úr plasti og svo eru notaðar gróðurhúsalofttegundir til að mynda úðann.

Örvænting yfir úrræðaleysinu meðal þeirra sem þjást af þessum sjúkdómum sem og þeirra sem meðhöndla fólkið með þá hefur gert það að verkum að sala á skráðum meðferðum við vandamálunum hefur stigaukist undanfarna þrjá áratugi og nálgast velta pústamarkaðarins í tengslum við þráláta öndunarvegasjúkdóma í fullorðnum 25 milljarða Bandaríkjadollara á ári,“ segir Friðrik.

„Við sjáum fyrir okkur að lyfið okkar komi ekki aðeins til með að höfða til stórs hluta af núverandi markhópi fyrir pústin heldur muni okkar lausn umturna markaðnum og endurskilgreina hann með vissum hætti. Okkar sýn er sú að meðferðin muni ekki aðeins skírskota til þeirra sem eru lengst leiddir af sínum sjúkdómi og eru orðnir tíðir gestir á bráðamóttökum og lungnadeildum sjúkrahúsanna heldur fyrst og fremst til meðhöndlunar þeirra sem hafa sjúkdómana á frumstigum svo leiðis að hefta megi framgang þeirra og koma í veg fyrir að viðkomandi þrói þá með sér allt á lokastig,“ segir hann.

„Fyrst er ætlunin að koma lyfinu á markað fyrir þá sem eru lengst leiddir af sínum sjúkdómi,“ segir Finnur í framhaldinu, „og munu upphafsáhrifin af því verða veruleg vegna þess að ef okkar efni virkar jafnvel og Zithromax til að draga úr sjúkdómsbyrðinni þá erum við að horfa fram á 30-50 prósenta samdrátt í innlagnatíðni vegna versnunar á langvinnri lungnateppu sem myndi skila sér í verulegum sparnaði fyrir heilbrigðis- og hagkerfið.

Áhrifin til lengri tíma verða svo vonandi þau að færri þrói með sér lungnateppu en þar er þó á brattann að sækja því reykingar eru ekki lengur helsta orsök langvinnrar lungnateppu á heimsvísu heldur mengandi og ætandi efnasambönd í andrúmsloftinu sem eru upprunnin úr iðnaði og brennslu jarðefnaeldsneytis. Þannig sjáum við fyrir okkur að undir lok einkaleyfistímabilsins okkar verði lyfið tekið inn af fleirum en sjúklingum og ætti til að mynda að takast inn af öllum sem búa við lök loftgæði og sjá ástæðu til að ganga með andlitsgrímur utandyra,“ segir Finnur.

„Þetta er möguleg framtíðarmúsík og fókusinn núna og enn um sinn verður að vera sá að staðfesta virknimáta lyfsins í gegnum skammtíma meðhöndlun í litlum hópum fólks með öndunarvegasjúkdóma áður en farið verður út í stærri og víðameiri rannsóknir við að kortleggja þjóðhagslega ávinninginn af langtímanotkun lyfjanna í öndunarvegasjúkdómaþýðinu. Ef engar þróunarhraðbrautir fást samþykktar hjá Lyfjastofnun Evrópu mun lyfið okkar ekki komast í uppáskriftir fyrr en árið 2027-2028.

Við munum auðvitað færa fram ágæt rök sem hníga að því að koma lyfinu okkar hraðar í umferð til þeirra sem eru í verstri stöðu og skapa mestan kostnað í heilbrigðisþjónustunni og það er ekki útilokað að okkur takist það en það verður að koma í ljós,“ segir Finnur.

„Björtustu vonir okkar eru þær að lyfið gæti fengist samþykkt fyrir lengst leiddu öndunarvegasjúklingarna á árinu 2025 og við verðum bara að sjá til hvernig okkur lukkast þau áform. Þó að leiðin á markað liggi enn nokkur ár inn í framtíðina og kostnaðurinn komi til með að hlaupa á hundruðum milljóna evra eða dala þá erum við afar bjartsýn um að þróunarbraut okkar skili okkur farsællega á áfangastað.“

# Auka gagnsæi í flutningaskiparekstri

**Meirihluti rekstrarkostnaðar flutningaskipa er olía. Það getur munað miklu á uppgefinni eyðslu og raunveruleikanum. Stofnendur Ankeris segja áhugaverðir sprotar vinni með gögn fyrir þá sem séu að leigja skip en engir þeirra hafi sömu nálgun og Ankeri.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is





Kristinn Aspelund og Leifur Kristjánsson, stofnendur Ankeris, sem þjónustar alþjóðleg flutningaskipafélög. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skip brenna olíu fyrir um 200 milljarða dollara á ári. Það er um það bil jafn mikið og tekjur tölvuleikja-, kvikmynda- og tónlistariðnaðarins til samans," segir Kristinn Aspelund, framkvæmdastjóri og annar stofnandi hugbúnaðarfyrirtækisins Ankeris sem þjónustar alþjóðleg flutningaskipafélög.

Leifur Kristjánsson, tæknistjóri og hinn stofnandi nýsköpunarfyrirtækisins, segir að vel yfir 50 prósent rekstrarkostnaðar flutningaskipa sé olíukostnaður. Skipafélög ýmist eigi eða leigi skipin sem þau séu með í rekstri. Leigutaki greiðir fyrir olíunotkunina þrátt fyrir að eigandi skipanna sjái almennt um annan rekstur á leigutímanum. Stærsti viðskiptavinur Ankeris, Hapag-Lloyd, rekur yfir 200 skip; eigi um helming þeirra og leigi hinn.

„Markaðurinn er með þeim hætti að eigendur skipa hafa almennt ekki notið góðs af því að fjárfesta í tækni til að draga úr olíunotkun. Við höfum því safnað saman miklu magni af upplýsingum um skipin sem geta auðveldað leigutökum valið á hagkvæmum skipum fyrir þau verkefni sem þau eru ætluð í.

Annað sem skiptir máli er að það getur hæglega munað 10-20 prósentum á uppgefinni olíunotkun eigenda skipanna og raunnotkun. Misræmið gerbreytir rekstrarforsendum þegar skip eru tekin á leigu. Þess vegna vaktar hugbúnaður okkar skipið yfir leigutímann. Þá er hægt að fylgjast með hversu ábyggilegar uppgefnar upplýsingar voru.

Við Kristinn sáum sem sagt tækifæri til að auka gagnsæi á milli þeirra sem eiga skip og leigja þau," segir hann.

*Eru leigusalar viljugir til að afhenda þessar upplýsingar?*

„Við höfum einbeitt okkur að leigjendum skipa því þeir stýra markaðnum að miklu leyti núna og hafa hvata til að fá þessar upplýsingar í hendur," svarar Leifur.

Kristinn segir að helsta „samkeppnin" fram að þessu hafi verið innanhússkerfi, töflureiknirinn Excel og tölvupóstforritið Outlook. „Svá sem hyggst taka skip á leigu sendir yfirleitt 250-300 spurningar sem leigusali þarf að svara. Lausnin okkar heldur utan um alla þá vinnu. Leigusalar skipa þurfa því ekki lengur að safna þessum svörum saman fyrir hverja og eina fyrirspurn.

Það hefur verið að myndast mjög skemmtileg alþjóðleg sena sprotafyrirtækja sem eru að þróa kerfi fyrir flutningaskipaiðnaðinn. Það hafa sprottið upp skemmtileg sprotafyrirtæki sem vinna með gögn fyrir þá sem eru að leigja skip en ekkert þeirra er með sömu nálgun og við," segir hann.

Stofnendur Ankeris kynntust flutningaheiminum þegar þeir störfuðu fyrir hugbúnaðarfyrirtækið Marorku, Kristinn í tæp 16 ár og Leifur í áratug. „Þegar Ankeri var stofnað fyrir þremur árum fórum við í ferðalag um Norðurlöndin og heimsóttum nokkra vini, skipafélög, háskóla og möguleg samstarfsfyrirtæki. Við vorum einungis með hugmynd og glærusýningu í farteskinu. Við sögðum þeim frá hvernig kerfi okkur langaði til að smíða og spurðum álits. Hvað þarf til að þú myndir kaupa vöruna? Við fengum margar hugmyndir frá viðmælendum okkar sem hafa nýst okkur," segir Leifur.

Kristinn segir að það sé mikilvægt að þora að fara snemma af stað og segja fólki frá hugmyndinni. „Við fengum fljótlega tvo styrki, samanlagt 1,8 milljónir króna, frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands í gegnum verkefni sem bar nafnið Átak til atvinnusköpunar. Við nýttum seinni styrkinn til að fara á sýningu þar sem við fengum okkar fyrsta viðskiptavin. Slíkir styrkir eru afar mikilvægir fyrir frumkvöðla sem eru að stíga sín fyrstu skref. Því miður hefur þessi styrkur verið lagður niður og ekkert annað komið beint í staðinn.

Fyrir rúmum tveimur árum hlutum við sprotastyrk frá Tækniþróunarsjóði fyrir samanlagt 20 milljónir króna sem nýttist afar vel. Um svipað leyti fengum við nýtt hlutafé og í kjölfarið reynslumikinn frumkvöðul í stjórn félagsins. Fyrir um ári fjárfesti Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins í Ankeri fyrir 60 milljónir króna. Við það gátum við fjölgað starfsmönnum úr þremur í fimm og aukið sókn á erlendan markað." segir hann.

Aðspurðir um hvort leitað verði eftir auknu hlutafé segir Leifur að þeir hafi fundið fyrir áhuga fjárfesta á Ankeri bæði hér heima sem erlendis, þar sem fjárfestar séu í auknum mæli farnir að horfa til flutningageirans og telji að þar geti orðið breytingar á næstunni.

„Við stefnum að áframhaldandi vexti næstu árin og reiknum með að stilla upp fjármögnun við okkar plön um vöxt og í takti við þau tækifæri sem verða til staðar," segir Kristinn.

## Ísland á að laða til sín frumkvöðla

„Ísland á að vinna að því að laða alþjóðlega frumkvöðla til landsins. Það hljómar kannski langsótt í dag en það er ef til vill jafn raunsætt og fyrir tíu árum þegar talað var um að fá fleiri ferðamenn hingað í febrúar," segir Kristinn. „Þetta er hægt. Ísland hefur upp á margt að bjóða. Hér er til dæmis hægt að reka sprotafyrirtæki og eiga líf fyrir utan vinnuna. Höfuðborgin er fjölskylduvæn og það er stutt á milli staða. Jafnframt er hér starfsfólk á heimsmælikvarða. En það getur þó verið erfitt fyrir fyrirtæki að ráða 100 sérhæfða einstaklinga í einu hérna, en þá er væntanlega nauðsynlegt að vaxa út í heim. Hér er góður staður til að leggja grunninn."

Að sögn Kristins er eitt og annað sem þarf að bæta til að draumsýnin rætist. „Það væri gaman að erlendir fjárfestar myndu horfa til Íslands þegar kemur að tækifærum í nýsköpun í stað þess að þeir beini sjónum sínum hingað einkum þegar á að koma á fót orkufrekum iðnaði," segir hann.

Leifur bendir á að þeir Kristinn hafi starfað hjá frumkvöðlafyrirtækjum nánast alla tíð. „Einn af kostunum við að starfa hjá sprotafyrirtæki er að þar geta starfsmenn haft afgerandi áhrif á stefnuna og fyrirtækið. Það er því til mikils að vinna," segir hann.

> Markaðurinn er með þeim hætti að eigendur skipa hafa almennt ekki notið góðs af því að fjárfesta í tækni til að draga úr olíunotkun.
>
> Leifur Kristjánsson

# Þú veist hver þú ert, er það ekki?



**Ósk Heiða Sveinsdóttir**
forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins

Persónuleiki vörumerkis er grunnurinn að markaðsstarfi fyrirtækisins, bæði innra og ytra. Grunnurinn að öllu samtali, hönnun og kemur við sögu alls staðar. Gott vörumerki sem hefur vel skilgreindan persónuleika og er aðgreint frá vörumerki keppinautarins er verðmæt eign og auðveldar allt samtal við markhópinn.

Fyrsta skrefið er að vera með það á hreinu hver þú ert og fyrir hvað þú stendur, eða leggja í þá vinnu að finna það út. Það er lykilatriði að geta aðgreint sig frá samkeppninni og vera tilbúin(n) í þá vinnu að byggja upp sterkt vörumerki og sérkenni þess.

Vörumerki byggjast upp á löngum tíma. Með markaðs- og sölustarfi bætist við merkið og ef vel tekst til öðlast það sess í hugum markhópsins. Eitt af verkefnunum við uppbygginguna og viðhald vörumerkja er innleiðing á marglaga stefnum og strategíum. Þetta ræðst allt af því hvar merkið er statt á líftímakúrfunni. Stundum þarf aðeins að viðhalda og styrkja, stundum þarf að rýna og breyta.

Gott er að taka stöðuna á því hvort vörumerkið hafi sömu merkingu í huga starfsmanna fyrirtækisins, stjórnenda þess og markhópsins? Hér er oft grundvallarmunur á. Einnig getur verið munur á skynjun, starfi fyrirtækið bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði.

**Er það sem gert var fyrir tveimur árum enn í gildi?**

Aðgreinandi þættir vörumerkis eru einkenni sem gera vörumerkið einstakt. Öll fyrirtæki hafa tækifæri til að aðgreina vörumerki sitt frá öðrum og ætti enginn að láta það fram hjá sér fara.

Persónuleika vörumerkisins er stundum lýst þannig að hann samanstandi af mannlegum eiginleikum sem tengjast vörumerkinu. Þetta er eitthvað sem viðskiptavinurinn getur tengt við, skilgreining sem ætti að vera leiðarljós fyrir öll samskipti við markaðinn.

- Stendur vörumerkið fyrir eitthvað í hugum neytenda eða er það fast í miðjumoði og deilir öllum einkennum með samkeppninni?
- Reynir vörumerkið að vera allt í öllu; stundum létt og vinalegt en á öðrum stundum formlegt og kalt? Er munur á því hvaða tónn er notaður eftir því hvar fyrirtækið á samskipti við markaðinn, t.d. á samfélagsmiðlum annars vegar og í þjónustuverum hins vegar?

Á meðan vörumerkið er í notkun verður að sinna því og viðhalda. Ef því er ekki sinnt er hætta á því að skilaboð til viðskiptavina verði ómarkviss og úr karakter sem gefur samkeppninni tækifæri til að láta til sín taka.

**Hvert ertu að fara, er stefnan skýr?**

Það er auðveldara fyrir alla sem að vörumerkinu koma að stefna í sömu átt, ef allir innan fyrirtækisins vita fyrir hvað merkið stendur, hvaða gildi standa að baki og hver markmiðin eru.

Mörg íslensk fyrirtæki eiga hér ónýtt tækifæri til aðgreiningar og uppbyggingar sambands við viðskiptavini, skilgreini þau persónuleika vörumerkis sins og nýti til aðgreiningar. Almennilega, og alls staðar! Þannig er mögulegt að ná í gegn með sannri rödd þar sem skilaboð og tónn styðja hvort við annað. Þú þarft ekki að reyna að vera allt fyrir alla. Hvað er það sem skiptir fyrirtækið þitt og þína viðskiptavini mestu máli?

Vörumerki þróast, þroskast og breytast með tíð og tíma. Vörumerki í allri sinni flóknu og fjölbreyttu mynd geta verið ein af verðmætari eignum fyrirtækja. Það skiptir því miklu máli að sinna því. Það tekur tíma og markvissa markaðsvinnu að byggja upp verðmæt vörumerki. Afraksturinn er dýrmæt eign sem ber að meðhöndla sem slíka.

# Tók skarpa beygju fyrir tíu árum

## Svipmynd

**Steinar Þór Ólafsson**

**Nám**
Íþróttakennari með MBA-gráðu.

**Störf**
Markaðsstjóri Skeljungs.

**Fjölskylduhagir**
Í sambúð með Fanneyju Sigurgeirsdóttur lögreglukonu og eigum einn þriggja ára strák.



Steinar segir næstu tíu ár hjá eldsneytisfélögum verða þau mikilvægustu í 100 ára sögu þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Við erum orðin svo gegnsýrð af einhverjum hetjusögum af fólki sem er alltaf upptekið og vinnur myrkranna á milli að við höldum að það eigi að vera normið.**

Steinar Þór Ólafsson tók við sem markaðsstjóri Skeljungs haustið 2017 eftir útskrift úr MBA-námi við Háskólann í Reykjavík. Hann hafði áður rekið CrossFit-stöð í Lúxemborg og unnið að innleiðingu á stafrænum ferlum hjá keppinautnum N1. Steinar Þór segir jafn líklegt að hann geti giskað á lottótölurnar eins og að sjá fyrir hvar hann verður eftir tíu ár.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Í frítímanum reyni ég að vera duglegur að taka ljósmyndir. Ólíkt mörgum öðrum reyni ég að fanga hversdagsleikann frekar en að taka landslagsmyndir. Það hefur gengið vel og ég er með yfir 9.000 fylgjendur á Instagram undir nafninu @steinarthor.is.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Ég er nú meiri nátthrafn en morgunmaður en eftir minni bestu getu röltum við feðgarnir saman á leikskólann og ég er að leggja lokahönd á afnæmingarmeðferð þar sem ég hef tekið frjókornatöflur á hverjum morgni í þrjú ár til þess að losna við frjókornaofnæmi. Meðferðin er sem betur fer að svínvirka.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Rework og It doesn't have to be crazy at work eftir Jason Fried og David Heinemeier Hansson hafa verið algjört leiðarljós í minni nálgun á vinnuna. Við erum orðin svo gegnsýrð af einhverjum hetjusögum af fólki sem er alltaf upptekið og vinnur myrkranna á milli að við höldum að það eigi að vera normið. Þessar bækur eru afruglari á þá vitleysu.

*Hvers konar stjórnunarhætti hefurðu tileinkað þér?*

Ég kaupi mikið vinnu í útseldri tímavinnu, það er af auglýsingastofum, framleiðslufyrirtækjum, hönnuðum, almannatenglum og fleirum og það er eiginlega ekki til verri útgangspunktur á farsælu kreatívu samstarfi en útseld tímavinna. Hagur minn er alltaf að verkefnið taki sem stystan tíma og hagur þess sem vinnur fyrir mig að verkefnið taki sem mestan tíma. Ég hef því reynt að horfa á þetta samstarf í öðru ljósi og spegla það í spurningunni „hvers virði er þetta verkefni fyrir mig?“ frekar en að hnýta í að einhver grafík hafi tekið tvo klukkutíma í vinnu sem að mínu mati hefði nú bara átt að vera einn. Þetta hefur að ég tel reynst ágætlega til þessa.

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin hjá þér undanfarið og hver eru helstu verkefnin fram undan?*

Orkan mín hefur síðastliðið árið að mestu farið í að búa til grundvöll að nýju vildarkerfi fyrir viðskiptavini Orkunnar. Þar geta þeir jafnað sig í merkingu þess að nýta afsláttinn sinn í að kolefnisjafna aksturinn. Ég hef mikið fylgst með þróun vildarkerfa og það færist stöðugt í aukana á heimsvísu að einstaklingar vilji í stað punkta eða afsláttar nota sína vild til góðs. Það sannast ágætlega á þessu verkefni en rúmlega 5.000 viðskiptavinir okkar kolefnisjafna eldsneytiskaupin í hvert sinn sem þeir taka bensín á kostnað þess að fá fullan afslátt.

Undanfarnar vikur höfum við svo verið að vinna að því að opna búð í Kringlunni sem selur ekki neitt. Okkur langaði til þess að bjóða viðskiptavinum að jafna sig í hinni merkingu orðsins, það er, jafna sig á líkama og sál. Það er örugglega engin vika á árinu þar sem þess er meiri þörf en síðasta vikan fyrir jól. Nú stendur því öllum til boða að heimsækja okkur í þennan bleika geim sem við höfum smíðað, kúpla sig aðeins út og jafna sig á jólaösinni. Ég er ekki að reyna að selja fólki neitt, það kostar ekkert að heimsækja hana og það hangir ekkert annað á spýtunni en að gestir og gangandi geta litið við.

*Hvaða tækifæri og áskoranir felast í þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í rekstrarumhverfinu?*

Næstu tíu ár hjá eldsneytisfyrirtækjunum munu verða þau mikilvægustu í 100 ára sögu þeirra. Ferðavenjur fólks eru að breytast og nýir orkugjafar að sækja í sig veðrið eins og rafmagn og vetni.

Fyrirtæki vilja stundum halda að þau starfi fyrir eigin tilvist en ekki til að mæta kröfum neytenda. Sýnir það sig best þegar kaupmenn og rekstraraðilar leggjast í skotgrafirnar og eigna einhverjum ytri orsökum eigin bresti.

Hvert verður eðli og tilgangur þess sem við köllum „bensínstöðvar“ í dag er auðvitað áskorun en fyrst og fremst tækifæri. Allur þessi geiri þarf að finna sinn stað í að þjónusta áfram þá sem ferðast og framkvæma miðað við breyttar kröfur neytenda. Ætli kolefnisjöfnun sé ekki ágætt dæmi um fyrsta skrefið í þeirri vegferð.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Fyrir tíu árum tók ég mjög skarpa beygju þegar ég ákvað að hinn júridíski þankagangur væri ekki minn vegur í lífinu, sagði skilið við lögfræðinámið og ákvað að læra að verða íþróttakennari. Á þeim tíu árum sem eru liðin frá því að ég tók þessa beygju hef ég kennt fullorðnu fólki leikfimi sem sumir kalla CrossFit, bæði hér á landi og í Lúxemborg og starfa í dag sem markaðsstjóri Skeljungs. Af þeirri reynslu að dæma tel ég jafn líklegt að ég geti giskað á lottótölurnar og að ég geti sett á það fingur hvar ég verð eftir tíu ár svo ég ætla ekki einu sinni að reyna.

# Geta fyrirtæki átt liti?



**Hulda Árnadóttir**
lögmaður og meðeigandi hjá LEX

**Ýmsir hafa bent á að það kunni að hafa neikvæð áhrif á orðspor franska tískuhússins að grípa til aðgerða gegn Disney vegna vöru sem tengd er hinni elskuðu söguhetju Önnu og ætluð börnum**

Vörumerki eru hvers kyns sýnileg tákn sem notuð eru til að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra. Þannig eru vörumerki tengiliður fyrirtækja við bæði núverandi og nýja viðskiptavini og það liggur því í hlutarins eðli að gott vörumerki getur skipt sköpum í samkeppninni um hylli neytenda.

Frá því að vörumerki fóru að gegna mikilvægu hlutverki við markaðssetningu fyrirtækja hefur tíðkast að þau séu skráð í öllum regnbogans litum enda sýna rannsóknir að vörumerki í lit eru almennt eftirminnilegri í hugum neytenda. Margir tengja svo dæmi séu nefnd vörumerkið Coca-Cola við litinn rauðan, vörumerkið Subway við litinn gulan, vörumerkið IKEA við litina gulan og bláan, vörumerkið Hagkaup við litinn appelsínugulan og svo mætti áfram telja. Þó að umrædd vörumerki séu skráð í lit eiga þó eigendur þeirra ekki einkarétt á notkun þeirra lita sem um er að tefla til auðkenningar á viðkomandi vörum eða þjónustu heldur vörumerkjunum eins og þau koma fyrir sjónir í heild. Það má til dæmis glöggt sjá á því að litinn gulan er að finna bæði í vörumerkinu Bónus og vörumerkinu Krónan. Ef eigandi vörumerkisins hefði öðlast einkarétt á gulum lit til auðkenningar á matvöruverslun við skráningu þess árið 1999 hefði vörumerkið ekki fengist skráð fyrir sömu starfsemi árið 2017.

Það hefur hins vegar færst í vöxt á undanförnum árum að fyrirtæki freisti þess að fá liti sem slíka skráða sem vörumerki. Líkt og dæmin hér að framan sýna eru í mörgum tilvikum sterk tengsl í hugum neytenda á milli vörumerkja og tiltekinna lita og það getur því veitt eigendum slíkra vörumerkja eftirsóknarvert samkeppnislegt forskot að fá þá liti sem þannig háttar til um skráða sem vörumerki. Takist það veitir skráningin þeim einkarétt til notkunar á viðkomandi lit eða litasamsetningu með þeim hætti sem skráningin segir til um til auðkenningar á tilteknum vörum eða þjónustu og geta þá aðrir sem bjóða upp á sambærilegar vörur eða þjónustu ekki notað sama lit eða litasamsetningu með sama hætti í vörumerkjum sínum, á viðkomandi vörum eða umbúðum þeirra eða annarri markaðsfærslu.

Fræðilega er ekkert því til fyrirstöðu að skrá lit eða litasamsetningu sem vörumerki og sá möguleiki hefur lengi verið viðurkenndur. Enn sem komið er hefur ekkert slíkt vörumerki verið samþykkt til skráningar hér á landi en mörg slík merki eru hins vegar skráð erlendis, til dæmis appelsínuguli liturinn á handfanginu á Fiskars-skærum, ljósfjólublái liturinn á umbúðunum utan um Milka-súkkulaði, blái liturinn á gjafaöskjunum frá Tiffany & Co. og svo mætti áfram telja.

### Disney og rauði skósólinn

Litamerki teljast til svokallaðra óhefðbundinna vörumerkja ásamt til að mynda hljóðmerkjum, lyktarmerkjum og bragðmerkjum. Slík merki er unnt að skrá sem vörumerki að því gefnu að þau teljist sýnileg tákn og uppfylli kröfur um sérkenni, það er, að þau geti þjónað því grundvallarhlutverki sínu að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra.

Tiltölulega einfalt er að setja liti fram sem sýnileg tákn og er það almennt gert með vísan til númers viðkomandi litar í viðurkenndu litaflokkunarkerfi á borð við Pantone auk lýsingar á notkun hans, það er, hvort og með hvaða hætti hann er notaður á umbúðir viðkomandi vöru, vöruna sjálfa, á starfsstöðvum fyrirtækisins og svo mætti áfram telja. Til þess að litur sem slíkur teljist uppfylla kröfur vörumerkjalaga um sérkenni þarf sá sem sækist eftir skráningu hans hins vegar almennt að hafa notað viðkomandi lit með umfangsmiklum hætti í áraraðir á þann hátt sem tilgreint er í umsókninni. Helgast það af því að neytendur upplifa liti sjaldnast sem vörumerki sem gefur til kynna uppruna vöru eða þjónustu nema liturinn hafi verið notaður sem slíkur.

Eitt af þeim litamerkjum sem skráð eru víða erlendis er rauði skósólinn. Um er að ræða vörumerki í eigu franska tískuhússins Christian Louboutin sem tekur til rauða litarins Pantone 18-1663TP á skósóla. Í kjölfar frumsýningar á Disney-myndinni Frozen 2 sem allt stefnir í að hali inn yfir milljarð Bandaríkjadala í miðasölu hefur vaknað sú spurning hvort Disney hafi brotið gegn vörumerkjarétti Christian Louboutin til framangreinds merkis með vörum tengdum myndinni. Þannig er mál með vexti að í myndinni má sjá eina aðalsöguhetjuna, Önnu prinsessu, spranga um á ökklastígvélum með rauðum sóla. Slík stígvél eru jafnframt seld í Disney-verslunum víða um heim sem hluti af Önnu-búningum og svipar þeim óneitanlega nokkuð til ökklastígvéla frá Christian Louboutin þó verðmunurinn sé allnokkur.

Chirstian Louboutin hefur fram til þessa staðið ötulan vörð um rauða skósólann, enda er hann eitt helsta sérkenni tískuhússins og hefur því þar af leiðandi verið velt upp hvort deila kunni að vera í uppsiglingu. Ýmsir hafa þó bent á að það kunni að hafa neikvæð áhrif á orðspor franska tískuhússins að grípa til aðgerða gegn Disney vegna vöru sem tengd er hinni elskuðu söguhetju Önnu og ætluð börnum enda lítil hætta á ruglingi að því er uppruna vörunnar varðar. Hvort tískuhúsið leggur í þá vegferð verður hins vegar að koma í ljós og aldrei að vita nema það hafi orð systur Önnu, Elsu prinsessu, að leiðarljósi í því sambandi en hún söng eins og flestir muna „Let it go“.

## Skotsilfur

### Tvær flugur



Starfsmenn Landsbankans geta ekki kvartað yfir gjafmildi bankans yfir hátíðarnar enda fara þeir í jólafrí með veglegt 45 þúsund króna gjafabréf hjá Icelandair. Þarna sló **Lilja B. Einarsdóttir** bankastjóri tvær flugur í einu höggi. Ánægja eykst meðal starfsfólks og einn stærsti lántakandi bankans fær væna innspýtingu af reiðufé. Ekki veitir af í ljósi þess að Icelandair gerir nú ráð fyrir því að MAX-vélarnar verði komnar í rekstur í maí en ekki í mars eins og áður hafði verið gert ráð fyrir. Og svo lítur betur út að bókfæra hærri starfsmannakostnað en að niðurfæra lán.

### Nýlunda



Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri og **Rannveig Sigurðardóttir** aðstoðarseðlabankastjóri stóðu fyrir svörum á kynningarfundi í síðustu viku. Markaðurinn tók illa í skilaboð bankans, sem þóttu óskýr, og furðaði sig á sumum svörum stjórnendanna. Eitt af því sem vakti athygli í máli þeirra voru þau ummæli að vextir hér á landi væru komnir mjög langt niður og ef þeir yrðu lækkaðir frekar myndi vaxtamunur íslensku viðskiptabankanna minnka. Það þykir nýlunda ef vaxtastefnan er farin að taka mið af dræmri afkomu bankanna með því að vernda vaxtamun þeirra.

### Stokkað upp?



Það styttist í aðalfund Icelandair á næsta ári. Líklegt þykir að stokkað verði upp í stjórninni, sem stýrt er af **Úlfari Steindórssyni**, en tilnefningarnefnd félagsins er sögð horfa til þess að fá inn erlenda stjórnarmenn. Akkílesarhæll stjórnarinnar er hve fáir hafa djúpa þekkingu á alþjóðlegum flugrekstri. Stærsti hluthafinn, bandaríska fjárfestingarfélagið PAR Capital sem fjárfesti í Icelandair í vor, hefur hug á að tefla fram erlendum stjórnarmanni. Það yrði gæfuspor fyrir íslenska flugfélagið sem glímir við margvíslegan vanda. Meðal annars að það skortir öflugan hluthafa með skýra sýn á reksturinn. Vonandi mun PAR Capital stoppa í það gat.

# Mótmæli í Hong Kong leiddu til 5 milljarða dollara fjármagnsflótta




Mótmæli gegn ríkisstjórn Kína hafa leitt til þess að fjárfestar hafa dregið fimm milljarða dollara frá Hong Kong frá því í apríl eða ígildi 1,3 prósenta af landsframleiðslu sjálfstjórnarhéraðsins. Mótmælin hófust í mars þegar ríkisstjórnin lagði fram frumvarp um framsal fanga til Kína. Efnahagssamdráttur er í borginni og ofbeldi geysar. Á myndinni eru löggæslumenn sem eiga að hafa gætur á mótmælendum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Áhrifamáttur vaxta



**Kristrún Frostadóttir**
aðalhagfræðingur Kviku

Sitt sýnist hverjum um ákvörðun Seðlabankans um að halda vöxtum óbreyttum í síðustu viku eftir 1,5% lækkun á árinu. Bent hefur verið á að hagkerfið þurfi súrefni og að óljós skilaboð bankans hafi þrýst upp markaðsvöxtum að undanförnu þó stýrivextir hafi ekki breyst. Þar með hafi gengið á vaxtalækkanir ársins. En setja þarf þróun markaðsvaxta í stærra samhengi. Vaxtalækkanir á mörkuðum eiga sér oftar en ekki stað mun fyrr en stýrivaxtalækkanir, enda markaðurinn væntingadrifinn. Þannig lækkuðu óverðtryggðir markaðsvextir um 2% áður en Seðlabankinn hóf núverandi vaxtalækkunarferli, í kjölfar þess að órói skapaðist í kringum WOW í lok árs 2018. Enn fremur hafa þeir lækkað um 0,5% síðan vaxtalækkunarferlið hófst, og hafa því lækkað um 2,5% á rúmu ári, umtalsvert meira en stýrivextir. Þá er ekki sjálfgefið að markaðsvextir hreyfist ætíð í takt við stýrivexti. Á skilvirkasta skuldabréfamarkaði heims, í Bandaríkjunum, má sjá reglulegt flökt í kringum og á milli stýrivaxtaákvarðana. Á jafnlitlum markaði og á Íslandi geta takmörkuð skoðanaskipti hreyft markaðinn töluvert meira en þar. Að lokum getur gólf skapast á markaðsvexti í lækkunarferli, þar sem fjöldi breyta getur haft áhrif á afstöðu fjárfesta. Í Bandaríkjunum voru stýrivextir lengi vel við núllið, en markaðsvextir fóru aldrei nærri núlli.

Áhrifa neðri marka vaxta er auk þess farið að gæta á fleiri stöðum. Grunnvextir stærstu bankanna á óverðtryggðum lánum hafa lækkað að meðaltali um 2% frá vorinu 2016, þegar stýrivextir voru 2,75% hærri en í dag. Hægja tók á grunnvaxtalækkunum á árinu. Ein skýringin er að erfitt er að lækka innlánavexti leiðrétt fyrir verðbólgu mikið niður fyrir núll. Nafnvextir á innlánareikningum hafa lækkað um 1,8-2,6% á umræddu tímabili eftir upphæðum. Ef stýrivaxtalækkanir hefðu skilað sér að fullu á útlánamarkaðinn hefðu innlánavextir þurft að fylgja, og raunvextir því orðið enn neikvæðari á sumum reikningum, til að koma í veg fyrir minnkandi vaxtamun sem er helsta tekjustoð viðskiptabanka.

Í Evrópu hafa mjög lágir vextir verulega laskað bankakerfið, og benda nýlegar rannsóknir til þess að of lágir vextir hamli útlánavexti banka. Vissulega erum við ekki komin á neikvæðar slóðir, og e.t.v. er svigrúm enn til staðar, en þróun út- og innlánavaxta hjá bönkunum kann að benda til þess að við séum farin að finna fyrir þolmörkunum.

Á sama tíma er gerð krafa um að bankarnir gefi í í útlánaveitingum til fyrirtækja, enda hægt á útlánavexti í niðursveiflunni. Líkt og með markaðsvextina þarf þó að setja vöxtinn í samhengi. Útlánavöxtur til atvinnufyrirtækja var 14% milli ára í fyrra, 7% árið 2017 og 9% fyrstu 10 mánuði ársins þó vöxtur í október hafi mælst 2% m.v. sama tíma í fyrra. Það sem af er ári hefur sambærilegur útlánavöxtur í Bandaríkjunum verið 7% eftir verulegar sveiflur síðustu ár, en aldrei verið meiri en 13% á ári frá kreppulokum. Útgáfa fyrirtækjaskuldabréfa hefur þó tekið stökk, en slík fjármögnun hefur tekið við sér á alþjóðavísu í lágvaxtaumhverfi. Í Evrópu var ársvöxtur bankaútlána 4% í síðustu mælingu, eitt hæsta gildið frá því að kreppan skall á.

Ljóst er af reynslu Evrópu að áhrif vaxta á útlán og fjárfestingu geta verið takmörkuð, sérstaklega á óvissutímum þegar áhættufælni eykst. Þá mun lægra vaxtastig engin áhrif hafa á ákvörðun stórs banka hérlendis að minnka útlánasafn sitt umtalsvert sökum nýrra áherslna. Það kann að hleypa lífi í markað með fyrirtækjaskuldabréf, en slík kerfisbreyting tekur tíma. Stærsta lexían frá Evrópu er mikilvægi samspils peninga- og fjármálastefnu í niðursveiflu. Mjög lágir, jafnvel neikvæðir vextir, á ríkisbréfum þarlendra ríkja má túlka sem sterka kröfu markaðarins um að ríki ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar. Margar rannsóknir benda til þess að í niðursveiflu séu ruðningsáhrifin af umsvifum ríkisins jákvæð, þar sem áhættufælni einkageirans minnkar og eftirspurn er haldið á lofti.

Atburðir síðastliðinnar viku sýna að nóg er af arðbærum innviðaverkefnum í landinu og hefur ríkið nú aðgang að fjármagni á sögulega lágum vöxtum. Þó að vaxtabreytingar geti stutt við efnahagslífið undir ákveðnum kringumstæðum ættum við að varast að endurtaka mistök nágrannalanda okkar þar sem allri ábyrgðinni um endurreisn var varpað á peningastefnuna.

# Íslenskir stjórnendur eldast

**RÁÐDEILDIN**



**Konráð Guðjónsson**
Hagfræðingur Viðskiptaráðs

Að undanförnu hefur nokkuð verið fjallað um að yngri aldurshópar hafi setið eftir í kaupmáttaraukningu síðustu áratuga. Til dæmis jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna 35-44 ára um 22% frá 2000 til 2018 en hjá 55-64 ára nam aukningin 56% á sama tíma.

Ástæður þessa eru ekki að fullu þekktar en meðfylgjandi mynd gæti þó skýrt þróunina að einhverju leyti.

Aldur íslenskra framkvæmdastjóra, sem yfirleitt hafa fremur háar tekjur, hefur farið hækkandi bæði almennt séð en einnig að teknu tilliti til breyttrar aldursdreifingar þjóðarinnar.

Þannig hefur hlutfall 46 ára og eldri Íslendinga á vinnumarkaði sem eru framkvæmdastjórar tvöfaldast á meðan hlutfallið hefur nokkurn veginn staðið í stað hjá 45 ára og yngri.

Ósagt skal látið að svo stöddu hvort þróunin sé jákvæð eða neikvæð.

Flestir eru hins vegar sammála um að í atvinnulífinu sem og annars staðar skipti fjölbreytni, reynsla og endurnýjun máli og því er að minnsta kosti rétt að fylgjast með þróuninni.

**Aldur framkvæmdastjóra**
Hlutfall af aldurshóp í heild[1]




[1] Í aldursskiptingu í heild er miðað við 16-45 ára og 46-67 ára, en í tölum um framkvæmdastjóra er ekki kveðið á um sérstök efri eða neðri mörk.



tl.is
SPENNANDI
JÓLAGJAFIR
AOC
AOC-27B1H
27" TÖLVUSKJÁR
FULLHD BORDERLESS IPS SKJÁR
8.000
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 34.995
26.995
LEIKJASTÓLAR
Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ
19.995
acer
59.995
acer
ACE-NXGXQED010 | ACE-NXGZMED002
SWIFT 1 FARTÖLVA
14" FHD SKJÁR OG INTEL ÖRGJÖRVI
ACE-NHQ5XED01G
LEIKJAFARTÖLVA
NITRO 5 - AMD RYZEN 5 3550H ÖRGJÖRVI,
RX 560X SKJÁKORT OG 144HZ FHD SKJÁR
149.995
1.900
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 26.895
24.995
APL-MV7N2ZMA
APPLE AIRPODS
2ND GEN, MEÐ HLEÐSLUHULSTRI
amazon
22%
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 8.995
6.995
AMA-FIRETVSTICKALLNE
FIRE TV STICK
2019 ÚTGÁFAN
Nextbook
15%
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 12.995
10.995
NEX-NX16A8116KP
SPJALDTÖLVA 8"
MEÐ ANDROID 7.1
steelseries
11%
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 8.995
7.995
STE-61427
ARCTIS 1 HEYRNARTÓL
MEÐ HLJÓÐNEMA
PHILIPS
20.000
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 69.995
49.995
PHS-328B6QJEB
32" TÖLVUSKJÁR
HÆÐARSTILLANLEGUR QHD IPS SKJÁR
ASUS
23%
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 12.995
9.995
ASU-TUFGAMINGK5IS
TUF GAMING K5
LEIKJALYKLABORÐ
MEÐ ÁBRENNDA ÍSLENSKA STAFI
RAZER
4.995
RAZ-RZ0202500100R3M1
MÚSARMOTTA
MEÐ RGB LÝSINGU
EPSON
17.995
EPS-XP6100
FJÖLNOTA
LJÓSMYNDAPRENTARI
CORSAIR
18%
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 10.995
8.995
COR-CH9311011EU
RGB ÞRÁÐLAUS
LEIKJAMÚS
TÖLVU
LISTINN
REYKJAVÍK
AKUREYRI
HÚSAVÍK
EGILSSTAÐIR
REYKJANESBÆR
SELFOSS
AKRANES

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 18. desember 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson



## Vegferðin

Ríkisstjórnin tekur það föstum tökum að bæta starfsumhverfi fyrir nýsköpun. Þekkingariðnaður stendur víða í heiminum framarlega og því dugar ekkert hálfkák. Það er verið að keppa við allan heiminn. Um er að ræða nauðsynlegt verkefni enda mun útflutningur á þekkingu knýja hagvöxt á þessari öld.

Í stjórnarsáttmála er rætt um að efla eigi nýsköpun og er ánægjulegt að sjá þau fyrirheit efnd. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra felldi á brott þak á endurgreiðslur vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar nýsköpunarfyrirtækja. Nú eru íslensk fyrirtæki í sömu stöðu hvað það varðar og margir keppinautar erlendis, til dæmis í Bretlandi og Kanada.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir nýsköpunarráðherra vinnur að því að hrinda sex málum í framkvæmd sem bæta munu nýsköpunarumhverfið. Til dæmis munu tíu frumkvöðlar og fjárfestar sitja reglulega fundi með Bjarna og Þórdísi Kolbrúnu til að koma á framfæri hugmyndum um það sem betur megi fara.

Á sama tíma og stjórnvöld bæta umgjörðina fyrir nýsköpun berast fréttir af því að þriðjungur 15 ára drengja geti ekki lesið sér til gagns. Það er áhyggjuefni. Þeir munu fyrir vikið fara á mis við fjölda tækifæra. Auk þess mun þekkingarsamfélag ekki sækja fram af sama þrótti ef stór hópur er vængstýfður.

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra hyggst bregðast við með aukinni íslenskukennslu sem er vel. Ástæða er til að hafa áhyggjur af því að sérstaða skóla sé ekki næg. Það liggur til að mynda ekki fyrir hvaða skólar skara fram úr þegar kemur að því að leiðbeina börnum með ADHD en mörg þeirra eiga erfitt með að fóta sig í skólakerfinu. Hið opinbera þarf að leyfa ferskum vindum að blása um menntakerfið og gefa einkareknum skólum nokkuð frjálsar hendur við að móta áhugavert skólastarf, sem getur lagt grunninn að öflugu þekkingarsamfélagi.

Hægt er að leggja fleiri lóð á vogarskálarnar. Öllum er ljóst að sérstaða Íslands liggur í sjávarútvegi. Tæknifyrirtæki í sjávarútvegi geta stigið sín fyrstu skref í að þjónusta öflugan heimamarkað. Því er ekki að heilsa í öðrum atvinnugreinum. Af þeim sökum liggur beint við að leggja af auðlindagjaldið til að sjávarútvegsfyrirtæki geti fjárfest í enn ríkari mæli í íslenskri tækni.

Stemningin í samfélaginu getur líka skipt sköpum. Líkurnar á að sprotafyrirtæki skjóti yfir markið eru miklar. Við eigum ekki að fyllast þórðargleði þegar fyrirtæki verða gjaldþrota heldur getum litið svo á að stofnendurnir hafi látið vaða og séu reynslunni ríkari. Þeir búa yfir verðmætri þekkingu.


ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


# Geysir hagnast um 92 milljónir

Arctic shopping, sem rekur Geysis-fataverslanir í Reykjavík og á Akureyri, hagnaðist um 91,5 milljónir króna árið 2018. Hagnaðurinn dróst saman um tæpar 13 milljónir króna. Veltan nam 1,6 milljörðum króna og jókst um 23 prósent á milli ára. Félagið rekur jafnframt gjafavöruverslanirnar Lundann í Reykjavík.

Arðsemi eiginfjár var 16 prósent og eiginfjárhlutfallið 46 prósent. Eigið fé jókst úr 521 milljón króna árið 2017 í 597 milljónir króna árið 2018. Verslanirnar eru í eigu Jóhanns Guðlaugssonar framkvæmdastjóra í gegnum EJ eignarhaldsfélag. Samstæðan EJ eignarhaldsfélag velti 2,7 milljörðum króna í fyrra og jókst veltan um átta prósent. Hagnaðurinn nam 64 milljónum króna árið 2018 og jókst um 29 milljónir króna á milli ára.



Jóhann Guðlaugsson

Geysir rekur þrjár verslanir við Skólavörðustíg, þar með talda Geysir heima sem er sérverslun með hönnunar- og gjafavörur, eina í Kringlunni og aðra í Hafnarstræti á Akureyri. Fyrsta Geysis-verslunin var opnuð í við Geysi í Haukadal og er enn í rekstri. – hvj

**11.12.2019**

**Við vissum ekki að Gildi ætlaði að selja. Í minni einföldu trú hélt ég að lífeyrissjóðirnir væru langtímafjárfestar.**



Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims




Gleðileg jól og farsælt komandi ár

pwc

Endurskoðun | Bókhald | Skattur | Ráðgjöf

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Reykjavík | Akureyri | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar | Reykjanesbær

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

*Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:*

**1. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Eyvindartunga í Bláskógabyggð.**
Kynnt er skipulags- og matslýsing sem nær til svæðis ofan og neðan Laugarvatnsvegar þar sem 40 hektarar úr frístundasvæðinu F22 er breytt í svæði fyrir skógrækt en samtímis frístundasvæðið F23 verður stækkað um 16 ha og sett inn nýtt skógræktarsvæði neðan Laugarvatnsvegar, um 15 ha að stærð.

*Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:*

**2. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Árgil í Bláskógabyggð.**
Kynnt er tillaga að breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar2015-2027 vegna Árgils í Bláskógabyggð. Breytingin fellst í að hluti verslunar- og þjónustusvæðis VÞ18 sem er um 11 ha að stærð, verður minnkað um 2 ha og þeirri landnotkun breytt í landbúnaðarland.

### Deiliskipulagsmál

*Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:*

**3. Deiliskipulag Efri-Reykir í Bláskógabyggð. Varmaorkuver**
Kynnt er deiliskipulagslýsing vegna nýs varmaorkuvers til rafmagnsframleiðslu í tengslum við núverandi borholu á jörðinni þar sem áætluð framleiðsla er um 1200 kW. Fyrirhuguð framkvæmd varðar uppsetningu varmaorkuvers til raforkuframleiðslu við borholu ER23 og er ætlunin að nýta hluta varma sem í dag er vannýttur.

*Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagstillögur fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:*

**4. Kynning á deiliskipulagstillögu. Fosslækur. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m2 eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

**5. Kynning á deiliskipulagstillögu. Miklöldubotnar. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m2 eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

**6. Kynning á deiliskipulagstillögu. Frægðarver. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 2 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

**7. Kynning á deiliskipulagstillögu. Rofshólar. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 1 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki.
Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

**8. Kynning á deiliskipulagstillögu. Heiðará. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 10 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Þá er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

**9. Kynning á deiliskipulagstillögu. Helgaskáli. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 20 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m2 eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m2. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

**10. Kynning á deiliskipulagstillögu. Efri-Kisubotnar. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 m2 hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði

**11. Kynning á deiliskipulagstillögu. Grákollur. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 m2 hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

**12. Kynning á deiliskipulagstillögu. Svínárnes. Fjallaskáli/skálasvæði á Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 m2. Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem skálasvæði á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

**13. Kynning á deiliskipulagsbreytingu í Kerlingafjöllum. Afmörkun lóðar við hesthús hjá hálendismiðstöð í Hrunamannaafrétti.**
Deiliskipulagsbreytingin mun taka til afmörkunar á um 1 ha lóð fyrir núverandi hesthús en heimilt verður að stækka hesthúsið í allt að 150 m2.
Á staðnum er rekin ferðaþjónusta og eru mannvirki í eigu rekstraraðila fyrir utan hesthús sem er í eigu Hrunamannahrepps. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem hálendismiðstöð á afþreyingar og ferðamannasvæði.

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:*

**14. Deiliskipulag. Steinás í Ásahreppi.**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti 20. nóvember 2019, tillögu að deiliskipulagi Steináss í Ásahreppi. Um er ræða 4,2 ha spildu með tveimur byggingareitum. Á reit R1 verður heimilt að byggja íbúðarhús, skemmu, gróðurhús og gestahús, samtals allt að 700 m2. Á reit R2 verður heimilt að byggja 4 gestahús allt að 45 m2 að stærð hvert um sig. Aðkoma að svæðinu er um Ásveg (nr. 275).

**15. Deiliskipulagsbreyting. Iða 2 lóðir 1, 2, 3, 4, 6,7. Gunnubrekka 1-12. Bláskógabyggð.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti 14. nóvember 2019 breytingar á gildandi deiliskipulagi í landi Iðu 2 lóðir. Deiliskipulagsbreytingarnar felast í að deiliskipulag er teiknað inn á hnitsettan loftmyndagrunn eftir mælingu Verkfræðistofunnar Eflu. Auk þess er gert ráð fyrir að gatan inn á svæðið verði kölluð Gunnubrekka og lóðanúmer breytast í samræmi við það. Breytingar á stærð og legu lóða ná yfir Gunnubrekku nr. 2, 4, 6, 8, 10 og 12. Breytingar verða á röðun lóða þannig að núverandi lóðir nr. 8, 9, 10, 11, 12 og 13 verða Gunnubrekka 1, 3, 5, 7, 8 og 9.

**16. Deiliskipulag fyrir Nýjadal á Sprengisandsleið, L165352, Ásahreppi.**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti 5.desember 2019 að auglýsa deiliskipulagstillögu, greinargerð/umhverfisskýrslu og uppdrátt fyrir Nýjadal á Sprengisandsleið, nánar tiltekið á Holtamannaafrétti. Skálasvæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs við mynni Nýjadals sunnan Fjórðungskvíslar. Þá er skálasvæðið innan þjóðlendu. Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er um 6 ha að stærð og í um 800m hæð. Samkvæmt aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Helstu stefnumið deiliskipulagsins eru að staðfesta lóðarmörk og ákvarða byggingarreiti og leyfilegt byggingarmagn fyrir starfsmannahús, gistiskála og aðra þjónustu fyrir ferðamenn.

---

***Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010***

**Reykjavegur. Syðri-Reykir 2. Ný aðkoma að lóðum. Aðalskipulagsbreyting.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 1. október 2019 óverulega breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin kemur til vegna nýrrar vegtengingar/aðkomu að lóðum/landi Syðri Reykja 2. Jákvæð umsögn Vegagerðarinnar liggur fyrir dags. 3. desember 2019. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagða tillögu Eflu dags. 20. ágúst 2019 að breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, sem óverulega breytingu skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Sveitarstjórn telur að tillagan hafi lítil sem engin áhrif vegna landnotkunar og hefur ekki áhrif á einstaka aðila eða aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Skipulagsfulltrúa er falið senda Skipulagsstofnun tillöguna til meðferðar og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Laugardælur. Stækkun íbúðasvæðis ÍB1. Aðalskipulagsbreyting.**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti 3. desember 2019 óverulega breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2019. Breytingin fellst í að stækka reit ÍB1 um 0,5 ha sem verður eftir breytingu 8,5 ha að stærð og að heimilt verði að byggja tvö íbúðarhús til viðbótar við þau 8 sem eru tilgreind í gildandi aðalskipulagi.
*Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu dags. 18. október að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem óverulega breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 skv. 2 mgr.36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Tillagan er talin hafa lítil sem engin áhrif vegna landnotkunar og hefur ekki áhrif á einstaka aðila eða aðra hagsmunaaðila á svæðinu.*

**Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.**

Ofangreindar skipulagslýsingar/skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast lýsingar og tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.blaskogabyggd.is; https://www.gogg.is; https://www.fludir.is; https://skeidgnup.is; https://www.floahreppur.is; http://asahreppur.is/

Skipulagslýsingar og tillögur nr. 1 - 13 eru í kynningu frá 18. desember 2019 til 8. janúar 2020, en tillögur nr. 14, 15 og 16 eru í auglýsingu frá 18. desember 2019 til 31. janúar 2020.
Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1 - 13 þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 8. janúar 2020, en fyrir tillögur nr. 14, 15 og 16, eigi síðar en 31. janúar 2020.
Athugasemdir og ábendingar og skulu vera skriflegar.

***Rúnar Guðmundsson***
***skipulagsfulltrúi***
***runar@utu.is***



## Merkisatburðir

**1897** Leikfélag Reykjavíkur sýnir sína fyrstu uppsetningu en það var stofnað í byrjun þessa árs.

**1939** Í bifreiðaskála Steindórs í Reykjavík fer fram fyrsti flutningur óratoríu á Íslandi. Það er Sköpunin eftir Haydn.

**1949** Laugarneskirkja í Reykjavík er vígð.

**1970** Evrópska flugvélasmiðjan Airbus er stofnuð.

**1970** Skilnaður verður löglegur á Ítalíu eftir að ný lög ganga í gildi.

**1973** Stjörnubíó brennur til kaldra kola er eldur kemur upp skömmu eftir að sýningu lýkur.

**1974** Hitaveita Suðurnesja er stofnuð af sveitarfélögum á Suðurnesjum og íslenska ríkinu.

**1982** Í Ríkisútvarpinu eru lesnar auglýsingar samfellt í sjö klukkustundir og er það met.

**1982** Kvikmyndin Með allt á hreinu eftir Stuðmenn, í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar, er frumsýnd.

**1998** Vísindamenn geta í fyrsta sinn fylgst með eldgosi undir stórum jökli er gos hefst í Grímsvötnum.


✝



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Svövu Þórdísar Baldvinsdóttur**
Siglufirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss Siglufjarðar fyrir góða umönnun.

**Baldvin Júlíusson** **Margrét Sveinbergsdóttir**
**Theodór Júlíusson** **Guðrún Stefánsdóttir**
**Hörður Júlíusson** **Sigurlaug J. Hauksdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Steindórsdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Hömrum laugardaginn 14. desember. Útför hennar fer fram frá Lágafellskirkju fimmtudaginn 19. desember kl. 15.00.

**Steindór Hálfdánarson** **Sólrún Björnsdóttir**
**Stella Petra Hálfdánardóttir** **Lárus Halldórsson**
**Kristín Hálfdánardóttir** **Gunnar H. Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**

✝



Elsku pabbi minn, fóstri og afi,

**Halldór Sigurður Guðmundsson**
Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 13. desember. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 23. desember kl. 13.00.

**Halla Ósk Halldórsdóttir og synir**
**Jónas H. Bragason og fjölskylda**
**Elín Hulda Halldórsdóttir og fjölskylda**
**Stefán Halldórsson**

✝

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Með okkar bestu þökkum fyrir vináttu, stuðning og allan ykkar hlýhug við fráfall föður okkar, sonar, bróður, mágs, frænda og vinar,

**Margeirs Dire Sigurðarsonar**

**Mía og Nói Margeirs Ásrúnarbörn**
**Halla Stefánsdóttir**
**Sigurður Gestsson og Kristín Kristjánsdóttir**
**Stefán Sigurðsson, Harpa Hlín Þórðardóttir og börn**
**Friðfinnur Sigurðsson, Saadia Auður Dhour og dætur**
**Antonía Hölludóttir og Elmar Freyr Aðalheiðarson**
**Ana Karen Jiménez Barba**




**Sigurpáll bauð öllum krökkum sem bjuggu á Fiskhólnum að horfa á Glám og Skrám í sjónvarpinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bjarni Sæmunds kom til Hafnar með birtu og yl

**Það rifjaðist upp þegar Þór var fenginn til að framleiða rafmagn á Dalvík á dögunum að um jólaleytið árið 1973 gerði rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson slíkt hið sama austur á Hornafirði. Sigurpáll Ingibergsson minnist þess tíma með mikilli ánægju.**

Hornfirðingurinn Sigurpáll Ingibergsson var átta ára gamall þegar rafmagnsleysi hrelldi flesta íbúa Hafnar og nærsveita um jólaleytið árið 1973. Ekki vegna illviðris heldur vatnsskorts. En rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson kom samfélaginu til bjargar og framleiddi rafmagn líkt og varðskipið Þór gerði á Dalvík í liðinni viku. „Það skapaðist geysileg stemning á Hornafirði þegar von var á skipinu. Fólk streymdi út í Ósland til að sjá það sigla inn Ósinn og að bryggju. Bílaröðin var óslitin þangað frá Hvamminum, sem á þeim tíma var kallaður Skakkinn.“

Rafmagnið fór alveg af á aðfangadagskvöld, að sögn Sigurpáls. „Vatnslónin gáfu ekkert af sér vegna þurrks og frosta þannig að Smyrlabjargarárvirkjun náði lítið að framleiða, dísilvélar staðarins voru ekki nógu öflugar og byggðalínan ekki komin. Það hafði verið skömmtun í gangi um tíma. Ég man að eitt sinn þegar ég kom í skólann klukkan átta var ég sá eini sem mætti. Þá hafði ég misst af tilkynningu um að skólahald félli niður. Það var náttúrlega myrkur yfir öllum bænum og enginn á ferli. Þá upplifði ég mig virkilega eins og Palli sem var einn í heiminum.“

Fyrir krakkana í bænum segir Sigurpáll skömmtunartímann samt hafa verið spennandi. „Þegar rafmagnið var tekið af mínu hverfi þá fór ég til félaga í næsta hverfi sem hafði rafmagn.“ Hann minnist sunnudags í desember, eina dags vikunnar sem barnaefni var í sjónvarpinu. „Þá voru þarna bifvélavirkjar sem tóku geymi úr bíl og tengdu hann inn þannig að ég gat horft á Stundina okkar. Það var geggjað. Öllum krökkum á Fiskhólnum var boðið að horfa á Glám og Skrám. Fyrir okkur krakkana var þetta tími ævintýra en fullorðna fólkið sem bar ábyrgðina var líklega ekki eins sátt. Atvinnulíf fór úr skorðum en virðing var borin fyrir aðstæðum og hugsað um allt samfélagið. Ekki mátti elda stórsteikur vegna rafmagnssparnaðar. Hús voru kynt með rafmagni og urðu fljótt köld, á þessum tíma áttu samt einhverjir steinolíulampa- og ofna og fólk var flutt á Hótel Höfn úr húsum sem ekki var búandi í.

> **Fyrir okkur krakkana var þetta tími ævintýra en fullorðna fólkið sem bar ábyrgðina var líklega ekki eins sátt.**

Í frétt í Þjóðviljanum 8. janúar 1974 stendur að lífið sé aftur komið í eðlilegar skorður á Höfn. Bjarni Sæm farinn og Smyrla byrjuð að rokka,“ segir Sigurpáll. **gun@frettabladid.is**


LaLiga
EL CLÁSICO
Í KVÖLD 18:50
FCB
Rakuten
Fly Emirates
adidas
FIFA
SPORT
Tryggðu þér áskrift stod2.is | 1817
OLD EL PASO
KAUPTU STAKAN LEIK:
vodafone Síminn

# HÖFUM GAMAN UM JÓLIN!



TILBOÐSVERÐ: **2.999.-**
Verð áður: 3.999.-

Hinn ótrúlegi Spider-Man
Bók 1



TILBOÐSVERÐ: **3.959.-**
Verð áður: 5.499.-

Húsið í september



TILBOÐSVERÐ: **3.599.-**
Verð áður: 4.999.-

Ungfrú fótbolti

# ÖLL SPIL 30% AFSLÁTTUR




Framúrskarandi fyrirtæki 2019



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!






Ys og þys út af ÖLLU!




Fjallaverksmiðjan




Þ13ettán (Þrettán)




Hárbókin




Sólarhingl




Það er fylgst með þér




Friðbergur forseti




Hundmann




Vigdís

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 18. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Reykjavík | -2 °C | 5 |
| Ísafjörður | -1 °C | 13 |
| Akureyri | 0 °C | 4 |
| Egilsstaðir | 1 °C | 5 |
| Kirkjubæjarkl | -1 °C | 6 |
| Hveravellir | -9 °C | 7 |

Norðaustanátt, víða 8-15 m/s, en N-lægari A-til í dag. Él N- og A-lands, en samfelld snjókoma NA- og A-lands fram á nótt. Lengst af bjartviðri á S- og SV-landi. Frost yfirleitt 0 til 7 stig.

## Fimmtudagur

| Staður | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Reykjavík | -1 °C | 4 |
| Ísafjörður | -3 °C | 6 |
| Akureyri | -4 °C | 2 |
| Egilsstaðir | -1 °C | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 0 °C | 3 |
| Hveravellir | -4 °C | 10 |

## Föstudagur

| Staður | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|
| Reykjavík | -3 °C | 5 |
| Ísafjörður | -4 °C | 7 |
| Akureyri | -5 °C | 2 |
| Egilsstaðir | -2 °C | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 1 °C | 5 |
| Hveravellir | -6 °C | 11 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 2 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 1 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 |
| 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Forhengi
5 Pex
6 Þys
8 Kúpt
10 Átt
11 Impra
12 Klæði
13 Brúka
15 Tungumál
17 Kostur

**LÓÐRÉTT**
1 Túlkun
2 Eyja í Asíu
3 Spekja
4 Hylja
7 Klettarið
9 Mæðast
12 Bás
14 Slöngu
16 Kvað

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 tjald, 5 jag, 6 ys, 8 ávallt, 10 na, 11 ýja, 12 sjal, 13 nota, 15 gríska, 17 matur.
**LÓÐRÉTT:** 1 tjáning, 2 java, 3 aga, 4 dylja, 7 stallar, 9 lýjast, 12 stía, 14 orm, 16 ku.

## Skák Gunnar Björnsson

Papp átti leik gegn Mann í Búdapest árið 1956.

**1...Hxd6! 2. Hxd6 Hf3+!! 3. gxf3 Bf1# 0-1.** Henrik Danielsen stóð sig vel á móti sem lauk í Árhúsum í gær. Hann hlaut 6½ í 9 skákum og varð í öðru sæti. Dagur Ragnarsson og Davíð Kjartansson urðu efstir og jafnir á skákmót í Paradís á sunnudaginn.

**www.skak.is:** Henrik í Árósum

**Svartur á leik**



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Meira sælkera




## Karfa 1

Utvalda Surdegskex, Camembert Royal, Rjómaostur, Piparostur, Dala Brie, Hagkaups papriku & chili sulta, Omnom Coffee + Milk.

**3.799 kr**




## Karfa 2

Utvalda Surdegskex, Camembert Royal, Rjómaostur, Piparostur, Dala Brie, Ostarúlla mexíkósk blanda, Ostarúlla með beikoni & paprikublöndu, Hagkaups papriku & chili sulta, Omnom Coffee + Milk.

**4.599 kr**




## Karfa 3

Utvalda Surdegskex, Camembert Royal, Bleu d´Auvergne, Snowdonia Black Bomber, Rjómaostur, Piparostur, Dala Brie, Ostarúlla mexíkósk blanda, Ostarúlla með beikoni & paprikublöndu, Hagkaups papriku & chili sulta, Hagkaup sultaður rauðlaukur, Omnom Coffee + Milk.

**5.999 kr**




## Karfa 4

Utvalda Surdegskex, Utvalda Lätta Dinkelkex, Camembert Royal, Bleu d´Auvergne, Snowdonia Black Bomber, Brie með hvítlauk, Rjómaostur, Piparostur, Dala Brie, Ostarúlla mexíkósk blanda, Ostarúlla með beikoni & paprikublöndu, Hagkaups papriku & chili sulta, Hagkaup sultaður rauðlaukur, Omnom Madagascar, Omnom Coffee + Milk.

**7.599 kr**

## Karfa 5

Utvalda Surdegskex, Utvalda Lätta Dinkelkex, Camembert Royal, Bleu d´Auvergne, Snowdonia Black Bomber, Brie með hvítlauk, Rjómaostur, Piparostur, Dala Brie, Ostarúlla mexíkósk blanda, Ostarúlla með beikoni & paprikublöndu, Ljótur, Höfðingi, Hagkaups papriku & chili sulta, Hagkaup sultaður rauðlaukur, Omnom Madagascar, Omnom Coffee + Milk.

**8.799 kr**




**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*

# Aðventa tveggja heima manns

**Lögreglumaðurinn Hörður Grímsson á tíu ára skáldsagnapersónuafmæli. Höfundur hans, Stefán Máni, segir sögupersónuna algjörlega hafa náð tökum á sér.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Aðventa er sjöunda bók Stefáns Mána um lögreglumanninn Hörð Grímsson. Stefán Máni segist aðspurður vita hversu margar bækurnar í bókaflokknum muni verða, en vill samt ekki nefna tölu. „Ég er ekki alveg búinn,“ er það eina sem hann lætur uppi.

Um söguþráðinn segir hann: „Annars vegar er ég að skrifa glæpasögu og hins vegar Harðar sögu Grímssonar þar sem bætast við púsl í líf hans. Þetta er persónuleg bók hvað Hörð varðar. Hann er að glíma við sjálfan sig, eins og oft áður.

Í þetta sinn snýst spennan aðallega um týnda hælisleitendur. Fjórir hælisleitendur hverfa, tveir frá Austurlöndum og tveir frá Afríku. Eins og það er orðað á fundi sem Hörður situr þá poppa upp rauð flögg þegar nöfnum þessara manna er slegið upp í kerfinu. Að minnsta kosti einn þessara manna er með tengsl við þekkta hryðjuverkahópa. Það má ekki skelfa almenning eða skapa uppnám þannig að Hörður og annar maður til hefja leit að þesssum mönnum svo lítið ber á. Á sama tíma finnst eldri kona látin heima hjá sér í Vesturbænum og það mál hreyfir meira við Herði af persónulegum ástæðum.“

**Birtist fyrst sem aukapersóna**

Spurður af hverju hann hafi svo sterkar taugar til Harðar segir Stefán Máni: „Hann birtist fyrst sem aukapersóna í bókinni Hyldýpið sem kom út 2009. Hann á því tíu ára skáldsagnapersónuafmæli í ár. Ég bjó hann til eins og hverja aðrar persónu en hann steig fram ótrúlega fullskapaður. Hávaxinn, rauðhærður, þögull, grófgerður maður. Hann er frá Súðavík, ég hef ekki hugmynd um af hverju. Hann kom með harmræna baksögu til mín en þá sá ég ekki fyrir mér að skrifa heila bók um hann hvað þá margar bækur. Hann hefur náð tökum á mér og mér þykir æ meira vænt um hann. Mér finnst alltaf gaman að skrifa um Hörð og svo er hann orðinn gríðarvinsæll þannig að það bíða margir eftir nýrri bók um hann. Það er mér því bæði ljúft og skylt að halda áfram að skrifa Harðar sögu Grímssonar.“

Hörður er óvenjulegur á margan hátt og hefur skyggnigáfu. „Hann er ættaður af Ströndum og skyggnigáfan er í móðurættinni og svo er hann alinn upp í kaþólsku. Það er kaþólsk taug í honum en í hina röndina er hann efahyggjumaður vegna þess að hann missti foreldra sína og systkini. Lífið hefur leikið hann grátt og ýmist trúir hann ekki á Guð eða er reiður út í Guð. Svo er hann með skyggnigáfu, er tveggja heima maður, sér inn í heim hinna dauðu, sem er honum yfirleitt til bölvunar frekar en blessunar,“ segir Stefán Máni.

> **ÞETTA GENGUR VEL, FÓLK ELSKAR ÞESSAR BÆKUR, ÞÆR SELJAST VEL OG ÞAR MEÐ ER KOMIÐ SALT Í GRAUTINN.**

**Fær mikla hvatningu**

Stefán Máni hefur á síðustu árum einbeitt sér að því að skrifa glæpa- og spennusögur, en ferill hans hófst þó ekki þannig. „Aðalástæðan er einföld. Þetta gengur vel, fólk elskar þessar bækur, þær seljast vel og þar með er komið salt í grautinn. Það er niðurdrepandi að gera eitthvað sem maður elskar en enginn annar hefur áhuga á. Þannig að ég fæ mikla hvatningu. Það er sérstaklega skemmtilegt að skrifa um Hörð, þótt ég hafi skrifað annars konar spennubækur eins og Skipið og Nautið. Það er gaman að fá glæpsamlega hugmynd og velta henni fyrir sér og búa til fléttur og vonda kalla.“

Stefán Máni segist ekki lengur senda umsóknir í launasjóð rithöfunda. „Hér áður fyrr kom fyrir að ég fékk laun þaðan og það skipti sköpum. Ég er hættur að sækja um, nú er ég í fullri dagvinnu og vakna á ókristilegum tíma til að skrifa um Hörð. Ég get ekki leyft mér að skrifa furðulegar bækur sem enginn kaupir en einhverjir furðufuglar mæra.“



Það er gaman að fá glæpsamlega hugmynd, segir Stefán Máni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

18. DESEMBER 2019

**Hvað?** Töfratími sem gefa skal gaum
**Hvenær?** 12.15.
**Hvar?** Gerðarsafn, listasafn Kópavogs
Myndlistarkonurnar Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir kynna ferlið í gegnum hinar þrettán heilögu nætur sem hefst á aðfangadag.

**Hvað?** Leyndardómar og ævintýri
**Hvenær?** 10.00-19.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Spönginni í Grafarvogi
Afrakstur nokkurra námskeiða í ullarþæfingu, málun og teikningu sem haldin hafa verið hjá Hlutverkasetri á árinu.



Falleg dýr og litrík hús mynda ævintýraheim í bókasafninu í Spönginni.

**Hvað?** Leyndardómar Grafarvogs
**Hvenær?** 10.00-19.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Spönginni í Grafarvogi
Ljósmyndir sem íbúar Grafarvogs sendu inn í ljósmyndasamkeppni.

**Hvað?** Jólastuð
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla bíó, Ingólfsstræti
Big band Samúels Jóns Samúelssonar. Sérstakir gestir: Júníus Meyvant, Bryndís Jakobsdóttir, Bogomil Font, Valdimar Guðmundsson, Magga Stína, Kraftgalli og Þorleifur Gaukur Davíðsson.


Veldu
aðeins
það
besta
HEAD
FISCHER
Skíði í jólapakkann
20% afsláttur
af öllum
skíðapökkum
Herraskíðapakkar
Verð frá 64.788,-
Dömuskíðapakkar
Verð frá 67.188,-
Barnaskíðapakkar
Verð frá 34.868,-
Skinnskíðapakkar
Verð frá 43.188,-
Sólgleraugu í
miklu úrvali
verð frá 4.995,-
Head skíðagleraugu
verð frá 8.495,-
Skíðafatnaður í miklu úrvali
á börn og fullorðna
Bakbrynjur
verð frá 13.995,-
Listskautar
verð frá 11.995,-
Skíðahjálmar
verð frá 10.995,-
Skíðahanskar
verð frá 4.995,-
RUDY PROJECT
ziener
GLOVES | SKIWEAR | BIKEWEAR
KV+
SWIX
alpina
CRAFT
NORTHUG
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is












# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Gettu betur 1989 Flensborg - MK**
**13.35 Jólin hjá Claus Dalby**
**13.45 Mósaík**
**14.25 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**14.40 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991**
**16.00 Jólin hjá Mette Blomsterberg**
**16.30 Eyðibýli Vatnshorn**
**17.10 Innlit til arkitekta**
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.52 KrakkaRÚV**
**17.53 Jólasveinarnir: Hurðaskellir** Íslenskt jóladagatal. Jólasveinarnir eru orðnir leiðir á að hanga heima í hellinum hjá Grýlu og Leppalúða og ákveða að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera fram að jólum. Heiðursmennirnir þrettán leggja því af stað hver í sína áttina í leit að starfi eða áhugamáli sem hæfir þeim. e.
**18.01 Jóladagatalið: Jólakónguriinn**
**18.25 Disneystundin**
**18.26 Sögur úr Andabæ**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Kiljan**
**21.00 Skytturnar (The Musketeers III )** Þriðja þáttaröð um ævintýri skyttnanna frænku og baráttu þeirra fyrir réttlæti og heiðri. Aðalhlutverk: Tom Burke, Luke Pasqualino og Santiago Cabrera. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 James Cameron í myrkum undirdjúpum (James Cameron's Deepsea Challenge)** Heimildarmynd um för kvikmyndaleikstjórans James Cameron niður á mesta dýpi sjávar, á botn Maríanadjúpálsins í Kyrrahafi. Cameron ferðaðist þangað á sérútbúnum kafbát og myndaði það sem fyrir augu bar á leiðinni, en menn hafa aðeins einu sinni áður farið á botn Maríana-djúpálsins, á rúmlega 11 kílómetra dýpi.
**23.50 Horfnu stúlkurnar í Nígeríu (The Missing Stolen School Children)** Heimildarþáttur frá BBC um mannrán hryðjuverkasamtakanna Boko Haram sem námu 276 stúlkur á brott úr heimavistarskóla í bænum Chibok í Nígeríu árið 2014. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.20 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**07.50 Presidents Cup** Útsending frá Presidents Cup 2019.
**12.50 Presidents Cup** Útsending frá Presidents Cup 2019.
**17.50 Dominos deild kvenna** Bein útsending frá leik Vals og Hauka í Domino's-deild kvenna.
**20.00 Domino's-deild karla** Bein útsending frá leik Vals og Hauka í Domino's-deild karla.
**22.15 Magical Kenya Ladies Open** Útsending frá Magical Kenya Ladies Open á Evrópumótaröð kvenna.
**01.15 Ryder Cup Official Film 2018**
**02.30 Australian PGA Championship** Bein útsending frá Australian PGA Championship á Evrópumótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Single Parents**
**14.15 Með Loga**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 The Good Place**
**19.45 Life in Pieces**
**20.10 Survivor**
**21.00 New Amsterdam**
**21.50 Stumptown**
**22.35 Stella Blómkvist - Morðið við Álftavatn**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 9-1-1**
**02.20 Emergence**
**03.05 The Arrangement**
**03.50 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal: Helga Ögmundardóttir, lektor í mannfræði**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Stormsker**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu: Jólatónleikar frá Póllandi**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.35 Kvöldsagan: Hús úr húsi**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.40 Where to Invade Next**
**12.40 Tumbledown**
**14.25 Sundays at Tiffanys**
**15.50 Where to Invade Next**
**17.50 Tumbledown**
**19.35 Sundays at Tiffanys**
**21.00 Dragonheart: Battle for the Heartfire**
**22.40 Argo**
**00.40 My Dinner With Herve**
**02.25 Dragonheart: Battle for the Heartfire**

## STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.25 Masterchef USA**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Two and a Half Men**
**09.50 Mom**
**10.10 I Feel Bad**
**10.35 Friends**
**11.00 The Good Doctor**
**11.45 Bomban**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Strictly Come Dancing**
**14.40 Strictly Come Dancing**
**15.25 Grand Designs: Australia**
**16.20 Falleg íslensk heimili**
**16.50 GYM**
**17.15 Seinfeld**
**17.43 Bold and the Beautiful**
**18.03 Nágrannar**
**18.28 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Víkingalottó**
**19.15 Aðventumolar Árna í Árdal**
**19.25 Jamie's Quick and Easy Christmas**
**20.20 Very Ralph**
**22.10 Mrs. Fletcher**
**22.45 Orange is the New Black**
**23.45 The Blacklist**
**00.30 NCIS**
**01.15 Magnum P.I.**
**02.00 The Sandhamn Murders**
**03.30 The Sandhamn Murders**

## STÖÐ 3

**18.00 Kevin Can Wait**
**18.25 Modern Family**
**18.50 Friends**
**19.15 Seinfeld**
**19.40 Oxford United og Manchester City** Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**21.45 Arrow**
**22.30 Splitting Up Together**
**22.55 Sally4Ever**
**23.35 Gasmamman**
**00.20 Batwoman**
**01.05 Supergirl**
**01.50 Kevin Can Wait**
**02.15 Modern Family**
**02.40 Friends**
**03.05 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**06.50 Napoli - Parma**
**08.30 Ítölsku mörkin**
**09.00 Þór Þ. - Keflavík**
**10.40 Real Sociedad - Barcelona**
**12.20 Spænsku mörkin**
**12.50 Football League**
**13.20 Green Bay - Chicago Bears**
**15.40 Manch. United - AZ Alkmaar**
**17.20 Evrópudeildarmörkin**
**18.10 Aston Villa - Liverpool**
**19.50 Barcelona - Real Madrid** Bein útsending.
**22.00 Sampdoria - Juventus**
**23.40 Oxford United - Manch. City**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**12.30 HM í pílukasti** Bein útsending.
**17.50 Sampdoria - Juventus** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**19.55 Manchester United - Colchester United** Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.

## STÖÐ 2 SPORT 3

**19.40 Everton - Leicester City** Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.

## STÖÐ 2 SPORT 4

**19.00 HM í pílukasti** Bein útsending.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


Sannarlega hæsti gæðaflokkur
Komdu í gróðurhúsin og veldu fullkomna tréð!
TILBOÐ
6.990,-/stk.
Jólatré, norðmannsþinur 7.990,-
Stærð 7. H200-225cm
Norðmannsþinur í úrvalsflokki
Stærð 2 H80-100cm 2.490,-
Stærð 3 H100-125cm 2.890,-
Stærð 4 H125-150cm 3.290,-
Stærð 5 H150-175cm 4.490,-
Stærð 6 H175-200cm 5.990,-
© Inter IKEA Systems B.V. 2019
IKEA
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - IKEA.is

# Tveir aðventusjúklingar spila jólalög

**Ívar og Örvar spila í kvöld jólamarkaðsmix á barnum Röntgen. Þeir segja það fullkomið fyrir þá sem elska jólatónlist, en líka fyrir þá sem þola hana ekki.**



Ívar og Örvar og umboðsmaður þeirra, Jónatan Bjartur Ívarsson, stendur fyrir miðju. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Þeir Ívar Pétur Kjartansson og Örvar Smárason tilheyra báðir hljómsveitinni FM Belfast, en hugmyndin að jólamixinu kom til þeirra þar sem þeir voru á tónleikaferðalagi um Þýskaland.

„Við erum að fara að spila jólalög á Röntgen,“ segir Örvar.

„Það er einfalda útgáfan,“ bætir Ívar við.

„Langa útskýringin og útgáfan er sú að fyrir tveimur árum vorum við staddir í Þýskalandi með FM Belfast. Við vorum í hljómsveitarrútu, en við vorum að túra um Sviss, Austurríki og Þýskaland. Þetta eru allt mikil jólalönd,“ segir Örvar.

„Flestar jólahefðir sem við þekkjum í dag koma frá Þýskalandi, til dæmis jólatréð,“ segir Ívar.

### Einlægni að leiðarljósi

Örvar segir þá félaga hafa farið á jólamarkað nánast á hverjum einasta degi, en þeir eru sammála um að jólamarkaðurinn í Leipzig hafi borið af.

Hann heldur svo áfram: „Þá gerðum við það okkur til dundurs í rútunni að gera jólamix. Gerðum smá ruglað plötusnúðamix úr því. Þetta eru bæði íslensk og erlend jólalög. Sum eru mjög þekkt en önnur skrýtin og öðruvísi.“

„Við erum samt alltaf með einlægnina að leiðarljósi í þessu. Það er engin jólakaldhæðni í gangi hjá okkur. Þetta er einlæg jólagleði, gerð af einlægum jólaáhuga,“ segir Ívar.

„Já, við erum smá aðventusjúklingar báðir tveir. Ég er sjálfur meira fyrir aðventuna en jólin. Það er einmitt tími jólalaganna. Jólalögin eru

> **VIÐ ERUM SMÁ AÐVENTUSJÚKLINGAR BÁÐIR TVEIR. ÉG ER SJÁLFUR MEIRA FYRIR AÐVENTUNA EN JÓLIN. ÞAÐ ER EINMITT TÍMI JÓLALAGANNA.**
>
> Örvar

ekkert spiluð þannig séð á jólunum sjálfum,“ segir Örvar.

### Mikið til af jólatónlist

Þeir segjast hafa ákveðið á sínum tíma að henda mixinu á Soundcloud og fengið ótrúlega góð viðbrögð í kjölfarið.

„Það er fullt af fólki sem er að gera eitthvað fyrir jólin; baka, skrifa jólakort eða taka til. Það vantar alla eitthvað svona. Einhverja jólatónlist sem þú getur bara sett á og er ekki alltaf það sama og verður strax leiðinlegt,“ segir Örvar.

„Já, það er mjög mikið þannig á Íslandi að sömu lögin eru bara spiluð aftur og aftur. Maður þarf að grafa svo stutt undir yfirborðið til að sjá hvað það er óhemju mikið af frábærum lögum til. Hafsjórinn af jólatónlist er óendanlegur,“ segir Ívar.

Þeir segjast líka vilja kynna fólki lög sem það hefur ekki heyrt, með því að fá það til að hlusta með lögum sem það hefur heyrt.

„Fyrir þá sem hafa áhuga á svoleiðis, sumir eru náttúrulega bara að leita að stemningu,“ segir Örvar.

### Spila ekki Jólahjól

Jólamix númer tvö kom út núna í byrjun aðventunnar.

„Við ætlum að gera þetta að tvíæringi. Nýtt mix mun koma út annað hvert ár svo lengi sem rafmagn helst á eyjunni og internettenging helst órofin. Sannkallaður jólatvíæringur. Þetta er svona fyrst og fremst vegna þess að við leggjum svo mikla vinnu í

> **VIÐ ERUM SAMT ALLTAF MEÐ EINLÆGNINA AÐ LEIÐARLJÓSI Í ÞESSU. ÞAÐ ER ENGIN JÓLAKALDHÆÐNI Í GANGI HJÁ OKKUR. ÞETTA ER EINLÆG JÓLAGLEÐI, GERÐ AF EINLÆGUM JÓLAÁHUGA.**
>
> Ívar

þetta að við getum ekki lagt það á fjölskyldurnar okkar að gera þetta hver einustu jól. Við erum strax báðir byrjaðir að safna lögum fyrir næsta mix, sem kemur út eftir tvö ár,“ segir Ívar.

„Í kvöld munum við spila jólalög úr öllum áttum. Flestum af þeim höfum við breytt, bætt eða gert nokkurs konar „remix“ af. Það er svo hægt að nálgast þetta á Soundcloud og er algjörlega fullkomið fyrir eldamennskuna, innpökkunina eða í skrifstofupartíið,“ segir Örvar.

„Þetta er mikil blanda. Ég gæti varla valið mín uppáhalds jólalög. Þetta eru bæði þessi poppuðu og líka trúarlegu klassísku jólalögin. Það sem er samt líka áhugavert eru allar mismunandi útgáfurnar með ólíkum flytjendum,“ segir Ívar.

Þeir segjast sammála um að hafa minna gaman af jólalögum sem fara ekki alla leið.

„Jólafönk, jólablús eða einhver indí-hljómsveit að gera jólaábreiðu sem er kannski alveg eins og upprunalega lagið, mér finnst það ekki skemmtilegt. Það sem ég dýrka við jólatónlist er eiginlega tónlistarstefnan. Það má gera alls konar rugl sem er yfirleitt annars ekki gert,“ segir Ívar.

„Kvöldið í kvöld verður svo algjört jólakvöld og nánast eingöngu spiluð jólatónlist, en fólk þarf ekki að hafa áhyggjur af því að það sé bara að fara að heyra Jólahjól aftur og aftur,“ segir Örvar.

„Ég held að fólk sem elskar jólatónlist eigi eftir að dýrka þetta og fólk sem þolir ekki jólatónlist eigi líka eftir að fíla þetta,“ segi Ívar.

Jólamarkaðsmix Ívars og Örvars úr FM Belfast verður flutt í kvöld á Röntgen frá klukkan 22. Jólatónlist frá öllum heimshornum í breyttum útgáfum þeirra. Eitthvað fyrir alla og líklegt að jólaandinn taki yfir og gripið verði í hljóðnema og sungið með. Mixið er svo hægt að nálgast á Soundcloud Örvars.

steingerdur@frettabladid.is




Hugmyndin að því að gera jólamix kviknaði þegar þeir voru á tónleikaferðalagi með FM Belfast fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



# Jólalög eitt og átta: Uppáhalds jólalög Ívars og Örvars

**Fairuz** Talj Talj



Hin líbanska og kristna Fairuz með hið ótrúlega fallega Talj Talj sem þýðir snjór snjór. Hún er ein allra stærsta tónlistarstjarna hins arabíska heims og hefur verið það allar götur síðan árið 1970.

**Rúnk** Jólin er' að koma



Platan Jólin eru… með hljómsveitinni Rúnk er líklega ein besta jólaplata Íslandssögunnar og í raun stórmerkilegt að hún hafi aldrei verið endurútgefin. Hver einasti meðlimur þessarar hljómsveitar átti seinna eftir að hasla sér völl sem merkilegir sólótónlistarmenn, Hildur Guðnadóttir, Prins Póló, Benni Hemm Hemm, Borkó og Óbó, en þó mætti segja að þessi jólaplata sé líklega hápunkturinn á ferli þeirra allra.

**Akim** Santa Claus Is a Black Man



Stórkostlegt lag sem hin 5 ára Akim syngur. Lagið er samið af pabba hennar, Teddy Vann, sem var kominn með nóg af hinum „hvíta" jólasveini og vildi gleðja dóttur sína og önnur börn og segja þeim að jólasveininn sé ekki bara eins og í Coke-auglýsingunum.

**Pete Seeger** Lo, How a Rose E'er Blooming



Við hefðum getað valið hvaða lag sem er af jólaplötu Pete Seeger en þessi frábæra útgáfa af þessum fræga þýska sálmi er einstök. Bara viðarflauta, einn hringur af laglínunni og ekkert meir. Þetta er köld, björt og stillt jólanótt, -13 gráðu frost, stjörnubjart, brakar í snjónum og öll fjölskyldan sofnuð nema þú. Einkennileg tilfinning innra með þér eftir langa en góða aðventu, friður, gleði en eftirsjá.

**Roxette** It Must Have Been Love (Christmas for the Broken Hearted)



Það vita það kannski ekki allir, en ein besta kraftballaða allra tíma var upprunalega samin sem jólalag. Sem gerir lagið að einni bestu kraftjólaballöðu allra tíma.

**Gunnar Þórðarson, Björgvin Halldórsson og Helga Möller** Jólin í Kína



Í textanum er dregin upp mynd af jólunum í Kína og Japan og óhætt að segja að staðalímyndirnar sem koma þar fram séu í besta falli vafasamar. Lagið sjálft og útsetningin er hins vegar algjör dúndra.

**Guðrún Gunnarsdóttir** Kæri jóli



Af einni af jólaplötum Björgvins þar sem hann kynnti þá list fyrir Íslendingum að breyta ítölskum dægurlögum í jólalög. Kæri jóli er aftur á móti EKKI ítalskt heldur frumsamið fyrir plötuna eftir því sem við best vitum. Frábært lag í brjálaðri síð-áttu útsetningu með stafrænum radd-synþum sem keyra stuðið áfram.

**Kristín Lillendahl**
**Pabbi, komdu heim um jólin**



Vísindamenn við MIT-háskólann gerðu nýverið tilraun til þess að komast að því hver væru bestu jólalög allra tíma. Þeir dældu tugþúsundum jólalaga í ofurtölvu sem sérhæfir sig í tilfinningalegri gervigreind. Niðurstöður voru ófullnægjandi en þó komst tölvan að þeirri niðurstöðu að sorglegustu jólalögin væru þau sem fjölluðu um börn sem óska þess að foreldrar þeirra komi heim fyrir jólin. Þetta er einmitt eitt slíkt lag.

**Pálmi Gunnarsson og Siggi Pálma**
**Hin fyrstu jól**




Hin fyrstu jól er fyrsta íslenska jólalagið sem var samið og kom út og var ekki eiginlegur sálmur. Ingibjörg Þorbergs samdi lagið og á einn fallegasta flutninginn af þeim tugum útsetninga sem hafa komið út á Íslandi. Þessi flutningur Pálma af jólaplötu hans og Sigga Pálma, sonar hans, fer hins vegar í marga hringi á lukkuhjóli tónlistarsögunnar en lenti í þetta sinn í vinningssæti. Það hefði verið gaman að vera fluga á vegg í hljóðverinu við gerð þessarar plötu.







HÁGÆÐA DÚNVÖRUR
Á 25 ÁRA AFMÆLISVERÐI

QUILTS OF DENMARK®



JÓLAOPNUN Í BETRA BAKI FAXAFENI
18. DES. 10–18
19.–20. DES. 10–20
21.–22. DES. 11–20
23. DES. 10–22
24. DES. 10–13

VEFVERSLUN www.betrabak.is ALLTAF OPIN

QOD AFMÆLIS-DÚNSÆNG
Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
90% dúnn, 10% smáfiður. 140x200 cm
100% bómullaráklæði.

25.000 kr. AFMÆLISVERÐ



QOD AFMÆLIS-DÚNKODDI
Þéttur og góður dúnkoddi. 80% hvítur andadúnn og 20% smáfiður. 50x75 cm. 920 gr. og 100% bómullaráklæði.

8.900 kr. AFMÆLISVERÐ



SATIN STRIPE DÚNKODDI
Þriggja laga dúnkoddi. Efra og neðra dúnlag með þéttum, hvítum andadún og smáfiðurkjarna. Bómullarsatínáklæði.

9.900 kr. AFMÆLISVERÐ

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




„Þegar maður les gamlar heimildir kemst maður að frámunalega ljótum hlutum. Fólk gerir ekki bara ótrúlega ljóta hluti í skáldskap," segir Guðmundur djákni Brynjólfsson um leitina að hinu algera illmenni. MYND/DAGUR GUNNARS

# Allir með einhverja viðurstyggð í hausnum

**Guðmundur Brynjólfsson**, rithöfundur og djákni, þekkir skuggahliðar mannlífsins ágætlega og hefur smakkað á bruggi breyskleikans en gegnheilt illmenni hefur hann þó hvergi fundið.

Guðmundur Brynjólfsson, djákni með meiru, unir sér vel í fortíðinni þar sem hann skrifar um lesti, veikleika og skuggahliðar mannssálarinnar sem hann hefur skoðað í persónum tveggja bóka sem hann kennir við börn, fyrst eitrað og nú þögult.

„Þessi bók gerist er rétt um aldamótin 1900. Þetta er tímabil sem heillar mig enda er svo margt í gangi. Sjálfstæðisbaráttan til dæmis og menn aðeins að draga sig upp úr eymdinni. Hannes Hafstein að verða ráðherra og mótorbátar að koma til sögunnar."



Í þessu umhverfi hefur Guðmundur fundið reynslulausa sýslumanninum Eyjólfi stað og mesta furða hversu ágengt honum verður þar sem skúrkurinn Kár Ketilsson er með hann á heilanum en góðu heilli hefur Anna konan hans oftast vit fyrir honum.

„Eyjólfur gerir ekki mikið sjálfur því hann er fyllibytta og á margan hátt vanhæfur vegna getuleysis en góður maður inn við beinið eins og ég," segir Guðmundur og glottir. „Og hann er náttúrlega dreginn áfram af kostakonu og þótt þetta þyki kannski klisjukennt þá er lífið voða mikið svoleiðis hjá okkur. Við erum helvíti klárir á sumum sviðum en á öðrum komum við í raun engu í verk. Svona eins og Eyjólfur."

**Enginn er alvondur**

Tenging Guðmundar við Eyjólf er ekki úr lausu lofti gripin þar sem hann hefur sjálfur tekið nokkrar snerrur við Bakkus og leitaði sér hjálpar á Vogi um það leyti sem Þögla barnið fór í prentun.

Sú rimma tók það harkalega á rithöfundinn að hann segist frekar kjósa ásóknir illmennisins sem leggur Eyjólf sýslumann í einelti, jafnvel þótt hann finni í persónunni samsvörun við sjálfan prófessor Moriarty, Napóleon glæpanna, erkifjanda Sherlocks Holmes.

> ÞAÐ YRÐI AFTUR Á MÓTI YFIRGENGILEGUR HARMLEIKUR EF EYJÓLFUR SÝSLUMAÐUR FÆRI AÐ DREKKA Í GEGNUM MIG.

„Þegar Kár Ketilsson ekki heldur fyrir mér vöku með grimmdarlegri ásókn um nætur þá veit sú þögn aðeins á það eitt að hann er að upphugsa einhver djöfulleg vélráð gegn hjónunum Eyjólfi sýslumanni og Önnu eða þá að hann er að búa sig undir næsta áhlaup á mig," segir djákninn skrifandi og heldur áfram.



„Kár Ketilsson er Moriarty íslenskra bókmennta, útsmoginn og stórhættulegur, rekinn áfram af hefndarþorsta, biturleika og bölvanlegu innræti. Þó er honum ekki alls varnað og er til dæmis mikill dýravinur eins og fram kemur í Þögla barninu. Enginn er alvondur, ekki einu sinni Kár Ketilsson."

„Þrátt fyrir gegndarlausar árásir Kárs á geð mitt og sálarheill óttast ég hann ekki. Það yrði aftur á móti yfirgengilegur harmleikur ef Eyjólfur sýslumaður færi að drekka í gegnum mig.

Guðmundur segir þær rannsóknir sem hann stundar á illskunni í ritstörfum ekki trufla þá sem treysti á hann sem kirkjunnar þjón. Síður en svo.

„Ég er bara ekki svo einfaldur að gera mér ekki grein fyrir því að það eru allir með einhverja viðurstyggð í hausnum. Það er að segja það skýtur upp einhverri viðurstyggð í hausinn á hverjum einasta manni nánast á hverjum einasta degi og mér svona finnst bara gaman að fanga eitthvað af því og koma því frá mér," segir Guðmundur sem finnst hið illa í eðli mannsins oft illa skilgreint og afgreitt í skáldskap.

**toti@frettabladid.is**

**EITRAÐA BARNIÐ**

Sögusviðið er Eyrarbakki um aldamótin 1900 þar sem til leiks mætir ungur og óreyndur sýslumaður, Eyjólfur Jónsson. Óöruggur reynir hann að ná fótfestu í spilltri brennivínsveröld fátækra Árnesinga hvar einnig eru frek til fjörsins, með ólíku móti þó, hinn misheppnaði sýsluskrifari Kár Ketilsson og bjargvætturinn Anna sýslumannsfrú.

**ÞÖGLA BARNIÐ**

Saga Eyjólfs sýslumanns heldur áfram þegar hann rannsakar morð á Vatnsleysuströnd og þótt þar láti menn sem þeir viti allt um morðið er enginn handtekinn. Rannsókn Eyjólfs fléttast saman við atburði í Lundúnum hvar sýsluskrifarinn Kár leynist og lætur ekkert gott af sér leiða.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


BOXMASTER
MEÐ BEIKONI
Hraun
KFC
BOXMASTER
1.299 kr.
Mjúk kjúklingabringa, beikon, ostur, kartöfluskífa, kál, tómatar og létt piparmæjó í mjúkri tortillu.
KFC
Beikon Boxmaster, franskar, gos, 3 Hot Wings og dökkt Hraun.
1.999 kr.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Davíðs Þorlákssonar




## Markaðsgræn

Loftslag er að hlýna af mannavöldum og við verðum að grípa til aðgerða til að sporna gegn því. Um það er yfirgnæfandi fjöldi loftslagsvísindamanna sammála. Það væri óðs manns æði að hlusta ekki á þau. Vinstrimenn voru fyrri til að leggja við hlustir en hægrimenn, sem þó eru að taka við sér í auknum mæli. Þá hefur atvinnulífið tekið loftslagsmál upp sem eitt af sínum helstu áherslumálum. Fjölmörg íslensk fyrirtæki eru til fyrirmyndar á þessu sviði.

Sjávarútvegurinn hefur minnkað útblástur sinn um 49% frá 1995. Íslensk raforku- og varmaframleiðsla brennir engu jarðefnaeldsneyti og Íslendingar eru að aðstoða við að jarðhitavæða borgir í Kína sem áður voru hitaðar upp með jarðefnaeldsneyti. Íslensk álframleiðsla er ein sú umhverfisvænsta í heimi og framleiðir 8,2 milljónir tonna fyrir hvert kíló of koldíoxíði á meðan Suður-Afríka framleiðir aðeins 1,6 milljónir tonna. Ríkisstjórnin hefur sett og fjármagnað metnaðarfulla loftslagsstefnu. Það er margt jákvætt að gerast þótt það þurfi auðvitað að gera meira.

Sum sem aðhyllast hægristefnu eru þó enn að þráast við og ýmist afneita loftslagsvandanum eða reyna að grafa undan vísindalegum niðurstöðum með sparðatíningi. Fólk sem afneitar vanda verður seint hluti af lausninni. Það er því brýnt að þau sem aðhyllast hægristefnu stígi sem fyrst um borð í loftslagsvagninn til að hafa góð áhrif á þær aðgerðir sem óhjákvæmilega þarf að fara í. Við þurfum meira af jákvæðum aðgerðum eins og ívilnanir og nýsköpun drifna áfram af einstaklingum og fyrirtækjum frekar en neikvæðar aðgerðir eins og skatta, boð og bönn.







# JÓLAGJAFIR FYRIR ALLA!




**Miðnætur Alias**
**4.999** KR
**ÁÐUR:** 6.799 KR




**Íslenska spurningaspilið**
**5.249** KR
**ÁÐUR:** 6.999 KR




**Krakka segðu**
**4.899** KR
**ÁÐUR:** 6.499 KR

FROZEN

**Frozen 2**
Eltu mig Ólafur
**9.749** KR
**ÁÐUR:** 12.999 KR






**Fljótandi handsápur**
The Fuzzy Duck - 500 ml
**599** KR



-25%

**Flip Zee stelpa**
**1.499** KR
**ÁÐUR:** 1.999 KR




-25%

**Haridorables dúkka**
Með fylgihlutum
**2.999** KR
**ÁÐUR:** 3.999 KR






**Gjafakassi**
The Fuzzy Duck sápusett
**1.899** KR

**Blume hárdúkkur**
2 pk
**4.499** KR
**ÁÐUR:** 5.999 KR




-25%






**Gjafakassi**
Beauticology kremsett
**1.699** KR

**Gjafakassi**
Beauticology baðsett
**1.999** KR

**Pikmy Pops dýr**
**3.749** KR
**ÁÐUR:** 4.999 KR










## VERSLANIR NETTÓ ERU Á 17 STÖÐUM UM LAND ALLT

Borgarnes • Búðakór • Egilsstaðir • Glerártorg • Grandi • Grindavík • Hafnarfjörður • Hrísalundur
Húsavík • Höfn • Iðavellir • Ísafjörður • Krossmói • Lágmúli • Mjódd • Salavegur • Selfoss